

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Inngangur.....	3
Staða þekkingar.....	4
Rannsóknarspurning.....	6
Uppbygging ritgerðar.....	7
1. Opinber umræða um hjónabandsstofnunina á Íslandi.....	8
1.1 Samfella andstæðna og gagnkvæmni kynjanna.....	10
1.2 Álit kenningarnefndar íslensku þjóðkirkjunnar.....	20
1.3 Niðurstaða.....	27
2. Greining á hjónabandslíkönum samkvæmt John Witte Jr.....	29
2.1. Kapólskt sakramentislíkan.....	31
2.2. Lúterskt félagslíkan.....	39
2.3. Breskt samveldislíkan.....	42
2.4. Niðurstaða.....	47
3. Gagnkvæmni og fólksfjölgunarhyggja í skrifum Adrian Thatcher og Cristine E. Gudorf.....	52
3.1. Fólksfjölgunarhyggja.....	55
3.2. Gagnkvæmni.....	60
3.3. Niðurstaða.....	67
3.4. Lokaniðurstaða.....	71
Heimildarskrá.....	73

Formáli

Margt ber að þakka. Þar ber fyrst að nefna leiðbeinda minn við skrif þessarar ritgerðar dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur sem kynnti mig fyrst fyrir kristinni hjónabandsiðfræði í Guðfræðideildinni veturinn 2006-2007. Ritgerð þessi hefur verið unnin undir styrkri leiðsögn hennar þar sem uppörvun hennar og góð samtöl á meðan skrifum stóð hafa hvatt mig til að gera betur og til að leggja allan minn metnað í það verk sem hér liggur fyrir. Ég þakka sömuleiðis góðfúslegt leyfi Bjarna Karlssonar fyrir að fá að vísa í MA-ritgerð hans í skrifum mínum en sú ritgerð hefur verið góður innblástur í ritgerð þessari. Þá vil ég einnig þakka Hildi Eir Bolladóttur og Vigfúsi Bjarna Albertssyni fyrir prófarkalestur og góðar ábendingar. Eiginmaður minn Bolli Pétur Bollason og börnin mín þrjú fá kærar þakkir fyrir stuðning, skilning og fyrir að gefa mér rými til að ljúka við þetta verkefni. Fyrst og fremst þakka ég Bolla fyrir að gera mér kleift í hjónabandi okkar að öðlast skilning á því hvað felst í því að eiga gagnkvæm tengsl við aðra manneskju en þau hafa opnað augu mín fyrir því að þetta eru gæði sem öllum ber að hafa aðgang að í lífi sínu. Það er þess vegna sem ég tileinka honum og öllum þeim sem upplifa þessi gæði dag frá degi í nánnum samböndum sínum, þessa ritgerð. Það er bjargföst trú mín að með því að umfaðma fólk án þess að gera greinarmun á kyni og kynhneigð í veruleika hjónabandsins til framtíðar, að þá tökum við þátt í að skapa betri og réttlátari heim.

Inngangur

Það hafa fáir í íslensku samfélagi farið varhluta af umræðu innan og utan kirkju um hjónaband samkynhneigðra. Á síðastliðnum árum hafa átt sér stað áttatíu atakamiklar prestastefnur og kirkjuþing þar sem tekist hefur verið á um kristinn hjónabandsskilning. Áhugi minn á hjónabandsskilningi kirkjunnar vaknaði þegar ég sat lesnámskeið í siðfræði hjá dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur, dósent við Guðfræðideild HÍ, veturinn 2006-2007. Þar kynntist ég skrifum kaþólska siðfræðingsins Christine E. Gudorf um gildi náinna tengsla og bandaríska siðfræðingsins Marvin M. Ellison um hjónaband samkynhneigðra. Ég var einnig svo lánsöm að fá í hendur síðla árs 2007 MA-ritgerð sr. Bjarna Karlssonar sem hann nefnir *Gæði náinna tengsla. Leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífssiðfræði*. Þessi ritgerð hafði mikil áhrif á mig auk bókar Sólveigar Önnu *Ást, kynlíf og hjónaband* sem kom út árið 2008.

Þessi fyrrnefndu skrif hafa verið mér hvati til að fylgjast betur með umræðu um hjónabandið en átökin um það hafa ekki verið sársaukalaus að mínu mati. Tekist er á um það sem okkur er kærast en það eru þau sjálfsgöngu mannréttindi að fá að velja þann maka sem við viljum og það form á hjúskap sem okkur hentar. Þetta er mál sem snýr að okkar dýpstu tilfinningum og snertir allan veruleika okkar sem manneskjur í þessu lífi. Það er okkur mikilvægt að geta staðið frammi fyrir Guði og mönnum með þeirri manneskju sem okkur er kærust og hljóta um leið viðurkenningu samfélagsins á því vali með því að það gleðjist með okkur. Þetta á líka við um kirkjusamfélagið. Kirkjan hefur því miður þráast við og ríghaldið í hjónabandsskilning sem útilokar og særir frekar en umfaðmar og nærir. Kirkjan hefur að mínu mati ekki nýtt sér til uppbyggingar í umræðunni um hjónabandið, þau skrif sem ég hef nú þegar nefnt. Ég tek það þó fram að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, því margt hefur komið út um hjónabandið til viðbótar við þessi rit, sérstaklega í formi netpistla og blaðagreina. Ritgerð Bjarna og bók Sólveigar Önnu eru þó að mínu mati heildstæðustu verkin og vega hvað þyngst í guðfræðilegri umræðu um hjónabandið á Íslandi á síðastliðnum 10 árum.

Ég tel það vera ábyrgð mína sem verðandi guðfræðings og starfsmanns innan kirkjunnar í dag, að leggja mitt fram til guðfræðilegrar umræðu sem gerir kirkjuna að stað sem elur á réttlæti og vinnur gegn kúgun alls staðar þar sem hún fyrirfinnst í samfélaginu.

Það er aðalhvatin minn að þessum efnistöfum hér í ritgerð minni, að taka þátt í að skapa sýn sem byggir á fagnaðarerindi kirkjunnar til allra óháð því hvaðan fólk kemur, hvers kyns það er eða hveðrar kynhneigðar. Það er sýn sem byggir á atferli Jesú Krists sem leitaði út á jaðar samfélagsins að þeim sem var hafnað vegna ráðandi gilda og siðar er ríkti í samfélaginu. Ég tel að hjónabandsskilningurinn falli hér inn í þennan veruleika. Kirkjan á að leitast við að hafa skilning sinn á nánnum tengslum einstaklinga í samfélaginu þannig að hún endurspegli þennan veruleika Jesú Krists, þannig sé hún trú því upphafi sem mótaði hana sjálfa. Ég tel þessa ritgerð vera lið í því að leitast við að skapa betri og réttlátari kirkju til framtíðar og þar er hjónabandsskilningurinn grundvallaratriði, því hann snertir ekki bara einstaklingana sem til hjónabandsins stofna, heldur að auki þá sem að hjónaefnunum standa. Ég tel að þetta málefni snerti þannig líf okkar allra á einhvern hátt. Hjá því verður ekki litið.

Ég hef verið lánsöm að njóta þess að vera í hjónabandi og sú reynsla mótar og styrkir ef hún er jákvæð. Ég tel það mikilvægt að allir hópar fái að njóta þeirra gæða sem mér hafa verið gefin og þeir fái að upplifa það að eiga gagnkvæm nán tengsl við aðra manneskju. Það að útiloka einstaklinga frá þessari reynslu er meiðandi og særandi. Kirkja sem starfar þannig er ekki kirkja sem mér hugnast. Það er með þessar forsendur í huga sem ég hef rannsókn mína og það er ósk mín að sú niðurstaða sem ég kemst að í lokin verði til þess fallin að efla og bæta kirkjuna og skilning hennar á því hvað felst í því að vera í hjónabandi á 21. öldinni.

Staða þekkingar

Hér er það tilgangur minn að miða stöðuna fræðilega við það sem hefur verið skrifað af námsritgerðum um þetta efni innan Guðfræðideildarinnar á síðastliðnum árum. Ég hef komist að því að lítið hefur í raun verið skrifað almennt um hjónabandið á síðastliðnum 10 árum, en það er sá tímarammi sem ég miða almennt við í ritgerðinni þegar ég rannsaka umræðu um hjónabandið í íslensku samhengi.¹ Nokkrar eru ritgerðirnar þó sem fjalla um hjónabandið sem ég nefni hér.

¹ Ég hef valið að takmarka mig við síðastliðin 10 ár þegar ég skoða íslenska umræðu um hjónabandið í íslensku samhengi. Það er vegna þess að ég tel að lengra tímabil yrði of viðamikilið fyrir ritgerð sem þessa. Einnig er við hæfi að miða rannsóknina við útgáfu hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups á Hirðisbréfi sínu árið

Vorið 2005 skrifar Guðmundur Örn Jónsson kándídatsritgerð sem hann nefnir *Hvar erum við nú stödd. Umræðan um hjónaband samkynhneigðra í kristnu samhengi við upphaf nýrrar aldar*. Hann er að fjalla um hjónaband samkynhneigðra og beinir sjónum sínum að umræðu hér á landi um kirkjubrúðkaup samkynhneigðra og skoðar rök með því og á móti. Einnig er hann að rannsaka lúterskan hjónabandsskilning og viðhorf erlendra kirkna til þessa máls.

Árið 2007 voru skrifaðar tvær MA-ritgerðir um hjónabandið og ein BA-ritgerð. Anna Bentína Hermansen skrifaði BA-ritgerð sem ber heitið *Til frelsis frelsaði Kristur oss: Hjónaband samkynhneigðra og réttur einstaklingsins til lífs, frelsis og mannhelgi*. Þar rannsakar hún hjónabandið almennt út frá frelsishugmyndinni. Tvær MA-ritgerðir litu dagsins ljós á haustdögum 2007. Önnur er rituð af Karólínu Huldu Guðmundsdóttur og ber titillinn *Kirkjuathöfn samkynhneigðra para: Samskilningur ríkis og kirkju: Um afstöðu leikra og lærðra í íslensku þjóðkirkjunni 1995-2007*. Hin MA-ritgerðin er skrifuð af sr. Bjarna Karlssyni og heitir hún *Gæði náinna tengsla: Leit að viðundandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífssiðfræði*. Rannsóknarspurning Bjarna í þeirri ritgerð² er þessi: *Gerir íslenska þjóðkirkjan rétt ef hún opnar samkynhneigðum aðgang að hinni kirkjulegu hjónavígslu?* Sú niðurstaða sem Bjarni kemst að er sú að vegna félagslegs hlutverks kirkjunnar, að efla félagsauð og draga úr hroka og vegna þess að kirkjan veit að mannlíkaminn er góður, jafningjasamskipti sanngjörn og mannmiðlægt sjónarhorn skynsamlegt í siðahugsun, að auki sem hún trúir að veruleikinn sé einn og öllum ætlaður, þá gerir íslenska kirkjan rétt í að opna samkynhneigðum aðgang að hinni kirkjulegu hjónavígslu.³

Það er merkilegt að skoða í hvaða samhengi þessar ritgerðir eru skrifaðar í. Árið 2007 lá fyrir að samykkja álit kenningarnefndar íslensku þjóðkirkjunnar um staðfesta samvist. Prestastefna á Húsavík varð ekki átakalaus þegar kom að því að taka það álit fyrir. Kirkjuþing samþykkti síðan haustið 2007 álit kenningarnefndarinnar í meginatriðum, en tekið var fram að kirkjan stæði við hefðbundinn skilning á hjónabandinu sem sáttmála karls

2001 og ljúka umræðunni á kirkjuþingi 2010 en þar voru samþykktar breytingar á innri samþykktum kirkjunnar til samræmis við ein hjúskaparlög sem voru samþykkt á Alþingi í sumar.

² Vitnað er í þessa ritgerð með góðsfúslegu leyfi sr. Bjarna Karlssonar.

³ Bjarni Karlsson. (2007). *Gæði náinna tengsla. Leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífssiðfræði*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Guðfræðideild, bls. 213.

og konu. Það er mat mitt að ekki sé hægt að segja að allir hafi gengið hér sáttr frá borði, sem að málinu komu og vísa ég hér í tillögu 42 presta og guðfræðinga, sem lögðu til að kirkjan styddi ein hjúskaparlög á prestastefnunni á Húsavík og þingsályktun á kirkjuþingi um haustið sem sneri að því að prestar yrðu víglsumenn að staðfestri samvist, en hún var dregin til baka. Það er því ekki undarlegt að samhengi umræðunnar árið 2007 hafi kallað á þau skrif, sem ég hef nú þegar nefnt.

Núna þremur árum síðar hefur kirkjuþing nýlokið við að breyta orðalagi á innri málefnum sínum sem snúa að kenningu og helgisiðum kirkjunnar til samræmis við ein hjúskaparlög sem samþykkt voru á Alþingi í júní síðastliðnum. Kirkjan hefur því opnað formlega aðgang samkynhneiðgra að hjónavígslunni með þeirri samþykkt sinni. Það er skoðun mín að það sé því rétt að líta yfir farinn veg á síðastliðnum 10 árum og greina umræðuna um hjónabandið í íslensku samhengi. Það er mat mitt að ritgerð mín sé í rökréttu framhaldi af MA-ritgerð Bjarna Karlssonar og fylgi hennar fordæmi. Þó að sú ritgerð sé skrifuð á siðfræðilegum grundvelli en grundvöllur ritgerðar minnar er guðfræðilegur.

Ég tel þá rannsóknarspurningu og þau markmið sem ég set fram hér snúa að þeim farvegi, sem málefnið um hjónaband samkynhneiðgra er í í dag. Formlega hafa nú samkynhneiðgir aðgang að kirkjulegri hjónavígslu. Það er því brýnt að greina hvað það er helst í íslenskri orðræðu sem hefur valdið því að málefnið varð jafn sársaukafullt og erfitt og raun varð. Með því að greina vandann tel ég kirkjuna öðlast grunn þannig að hún geti horft til framtíðar. Þessi ritgerð er minn liður í þeirri vinnu.

Rannsóknarspurning

Nú þegar Alþingi hefur samþykkt ein hjúskaparlög og kirkjuþing 2010 hefur formlega samþykkt breytingu á orðalagi innri málefna kirkjunnar sem snúa að hjúskap til samræmis við orðalag lagana um ein hjúskaparlög, með vísan í hina miklu og vönduðu guðfræðiumræðu, sem hefur átt sér stað um hjónabandið í samfélaginu, er rannsóknarspurning mín þessi:

Hvað er það helst sem hefur hamlað því í guðfræðilegri umræðu um hjónabandið á Íslandi á síðastliðnum 10 árum, að einstaklingar af sama kyni geti skoðast sem hjón af hálfu kirkjunnar. Hvaða hugmyndir eru það jafnframt í fræðilegri umræðu samtímans, sem

umfaðma einstaklinga óháð kyni og kynhneigð og við getum nýtt inn í guðfræðilegan hjónabandsskilning á 21. öldinni.

Uppbygging ritgerðar

Til að svara rannsóknarspurningu minni, hef ég sett fram fjögur megin markmið, sem eru undirliggjandi í hverjum kafla. Í fyrsta kaflanum set ég mér það markmið að *greina orðræðu um hjónabandið á Íslandi með áherslu á hvaða rök eru notuð til að vernda hjónabandið sem stofnun karls og konu*. Til að greina þá orðræðu er Hirðisbréf hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups mikilvæg heimild, ásamt því að ég nýti mér ýmis netskrif til að öðlast góða innsýn í umræðuna um hjónabandið á síðastliðnum 10 árum. Umræðan um hjónabandið hefur að miklu leyti farið fram í netumræðu og er þar að finna hafsjó af góðum heimildum sem ég vinn með, en um er að ræða pistla, prédikanir, blaðagreinar, greinagerð 90-menninganna⁴, heimasíðu kirkjunnar á netinu og umsagnir við frumvarpið um ein hjúskaparlög. Ég geri mér grein fyrir að sökum fjölda greina og pistla sem skrifaðir hafa verið, getur slík rannsókn aldrei verið tæmandi og hef því kosið að velja úr það sem mér hefur þótt almennt vera lýsandi fyrir umræðuna hjá lærðum og leikum. Ég nýti mér einnig bók dr. Sólveigar Önnu Bóasdóttur *Ást, kynlíf og hjónaband* ásamt MA-ritgerð Bjarna Karlssonar *Gæði náinna tengsla: Leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífssiðfræði*. Eins og kom fram í inngangi þá tel ég þessi tvö verk vega þungt þegar kemur að fræðilegri umræðu um hjónabandið á Íslandi á síðastliðnum tíu árum og hæfa vel því markmiði, sem leitast er við að uppfylla hér í fyrsta kaflanum.

Í öðrum kaflanum mun ég greina *hvaða guðfræðilegu hefðir eru á bakvið samtíma guðfræðilega orðræðu um hjónabandið*. Hér nýti ég mér bók John Witte, Jr. *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law*. Bók hans er afar merkileg heimild og í henni hefur höfundur greint sögulega hjónabandslíkön fimm stóru kristnu kirkjudeildanna í dag. Ég tel að með því að vinna með greiningu Witte fái ég tæki í hendur til að rannsaka hvaða hefðir eru ríkjandi þegar kemur að ákveðinni framsetningu á nútíma orðræðu um hjónabandið og þannig geti ég staðsett íslenska orðræðu um hjónabandið betur í kirkjulega

⁴ Greinagerð 90-menninganna var unnin fyrir prestastefnu í Vídalínskirkju 2010. Undir þá greinagerð rituðu rúmlega 90 prestar, guðfræðingar og djáknar. Í henni fólst sú ályktun að prestastefna lýsti yfir stuðningi við frumvarpið til laga um ein hjúskaparlög sem tók gildi 27. Júní 2010. Þessi ályktun náði ekki stuðningi og var málinu vísað til biskups og kenningarnefndar.

hefð og um leið greint hvaða hugtök og hugmyndir það eru sem eru helstu áhrifavaldar þegar kemur að því að vernda hjónabandið sem útilokandi stofnun karls og konu. Ég nýti mér þó skrif hans eingöngu í samhengi kaþólsku, lútersku og anglíkónsku hefðarinnar til að gæta að samhengi í rannsókn minni.

Í þriðja kaflanum er það markmið mitt að rannsaka tvö lykilhugtök í guðfræðilegri orðræðu um hjónabandið sem ég tel mig hafa fundið í köflum eitt og tvö, en það eru hugtökin gagnkvæmni og fólksfjölgunarhyggja. Lokamarkmiðið er svo að leitast við að finna inntak hjónabandsins sem endurspeglar einn veruleika og umfaðmar alla, óháð kyni og kynhneigð. Í þessum kafla ritgerðarinnar hef ég valið að rannsaka sérstaklega skrif kaþólska siðfræðingsins Christine E. Gudorf og anglíkanska guðfræðingsins Adrian Thatcher. Þau tvö eru dæmi um samtíma fræðimenn, sem eru að skrifa um kristið hjónaband eða nán sambönd með það að markmiði að finna grundvöll sem hægt er að byggja á til framtíðar þegar kemur að hjónabandsiðfræði og umfjöllun um nán tengsl innan kirkjunnar. Þessir fræðimenn henta mjög vel síðari markmiðunum tveinur þar sem þau fjalla talsvert um fólksfjölgunarhyggjuna og gagnkvæmnina. Að auki eru þau karl og kona og endurspeglar þannig ólík sjónarmið kynjanna. Í lokin svara ég svo þeirri rannsóknarspurningu sem hér hefur verið lögð fram.

1. Opinber umræða um hjónabandsstofnunina á Íslandi

Það er óhætt að fullyrða að mikið hefur verið rætt um hjónabandsstofnunina á Íslandi á síðastliðnum tíu til fimmtán árum. Alveg frá því að lög númer 87/1996 um staðfesta samvist samkynhneigðra voru samþykkt á Alþingi hefur umræðan verið knýjandi hér á landi hvort opna ætti hjónabandið fyrir samkynhneigð pör og fella niður lögina um staðfesta samvist frá 1996. Í dag, í nóvember 2010, er staðan sú að þann 27. júní síðastliðinn tóku gildi ein hjúskaparlög á Íslandi⁵ og með því féllu úr gildi lögina um staðfesta samvist frá 1996. Nýja löggjöfin felur í sér að nú geta samkynhneigðir jafnt sem gagnkynhneigðir stofnað til hjúskapar þegar þeir hafa náð 18 ára aldri. Orðalagi laganna hefur verið breytt þannig, að í stað þess að sagt sé að karl og kona geti stofnað til hjúskapar, segja nýju lögina

⁵ Sambærileg einföldun á hjúskaparlögum hefur átt sér stað í Hollandi, Belgíu, Spáni, Kanada, Noregi og Svíþjóð.

að einstaklingar geti stofnað til hjúskapar. Í fyrstu kann það að virðast sem um smávægilegar breytingar sé að ræða. En ef kafað er undir yfirborðið, má sjá að þær fela í sér að það sem alltaf hefur verið talið eðlilegt og rétt að einungis karl og kona geti stofnað til hjúskapar er nú opið karli og konu, konu og konu og karli og karli. Það hefur verið orðað svo, að með þessum breytingum sé hjónabandið orðið kynhlutlaust. Þetta eru sannarlega nýmæli sem ég leyfi mér að segja að hafi ekki verið í sjónmáli fyrir 15 árum síðan þegar löggin um staðfesta samvist voru samþykkt árið 1996. Af hverju segi ég það? Það er vegna þess að orðræðan um hjónaband og samkynhneigð opnaði á erfiða og oft og tíðum sársaukafulla umræðu í íslensku samfélagi. Þetta var samtal sem átti sér stað milli hins veraldlega hluta samfélagsins og kirkjunnar. Einnig var þetta samtal sem átti sér stað innan kirkjunnar sjálfrar. Það er einlæg skoðun mín að umræðan um hjónaband samkynhneigðra hafi knúið íslenskt samfélag og kirkjuna til að ræða almennt um hjónabandið. Hún hafi knúið þjóðina til að veða og meta gildi þess að vera í hjónabandi, hver sé tilgangur þess og markmið, fyrir þau sem til þess stofna. Mikilvægar spurningar hafa vaknað líkt og hver sé staða kynjanna andspænis hvort öðru í hjónabandinu og þá gildir einu hvort við erum gagnkynhneigð eða samkynhneigð. Ég er þakklát samkynhneigðum fyrir baráttu þeirra fyrir einum hjúskaparlögum, því án hennar hefðum við ekki átt þessa umræðu um hjónabandið á síðastliðnum tíu árum. Mörg mikilvæg skref hafa verið stigin og mörg innlegg í umræðuna hafa verið þörf og góð.

Ég mun hér í upphafi skoða, í stuttu máli, íslenska orðræðu um hjónabandið frá árinu 2001. Það er úr mörgu að velja og hef ég því tekið af handahófi umfjöllun eftir því sem mér hefur fundist eiga við og vera lýsandi fyrir skoðanir á málefninu á hverjum tíma. Markmið mitt með því að skoða íslenska orðræðu um hjónabandið er að rannsaka fyrst og fremst þau rök sem aðilar hafa notað til að útiloka samkynhneigða frá hjónabandinu og svo þau rök, sem notuð hafa verið með því að opna hjónabandið samkynhneigðum. Með því er ég sérstaklega að leita að því þegar hjónabandið er varið með vísan til hefðar og siðar. Málflutningurinn getur verið margs konar en flestir sem verja hjónabandið sem stofnun karls og konu eiga það sameiginlegt að beita þessum rökum, að þannig hafi það alltaf verið í öllum samfélögum og öllum trúarbrögðum. Mér finnst það forvitnilegt að fá þannig mynd á þennan málflutning og um leið kanna hvort að eitthvað hafi í raun og veru breyst í málflutningi hjónabandsverndunarsinna í ljósi hinnar miklu og oft vönduðu umræðu um

hjónabandið. Með þessu tel ég að hægt sé að greina hvar við erum stödd í umræðunni um kristið hjónaband á Íslandi á árinu 2010.

1.1 Samfella andstæðna og gagnkvæmni kynjanna

Árið 2001 gaf hr. Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands út Hirðisbréf sitt, sem ber titilinn *Í birtu náðarinnar*. Í þessu bréfi biskups er komið víða við og hjónabandið ber þar m.a. á góma. Sá punktur sem vekur athygli mína í samhengi þessarar umræðu er umfjöllun hans um staðfesta samvist annars vegar og hjónabandið hins vegar. Í samhengi hjónabandsumræðunnar vekja upphafsorð þess kafla athygli en þau hljóma svona:

“Guð skapaði manninn eftir sinni mynd,” segir í bókinni helgu, “Hann skapaði þau karl og konu. Og Guð blessaði þau,” (1. Mós. 1.27-28). Í þessari gagnkvæmni kynjanna og samfellu andstæðnanna er hjónabandið fólgið, þau tvö verða eitt, einn maður, eitt í vilja og verki, ást og trú.⁶

Nokkru síðar veltir Karl upp þeirri spurningu af hverju engin þjóðkirkna Norðurlandanna hafi treyst sér til að stíga það skref að vígja samkynhneigða sem hjón. Karl svarar sjálfur þessari spurningu í framhaldinu og segir ástæðurnar margvíslegar. Hann segir:

Hjónavígsla er annað og meira en staðfesting á ást og sambúð einstaklinga. Það á sér forsendu í gagnkvæmni kynjanna. Rökin fyrir atbeina kirkjunnar að hjónavígslu eru orð Biblíunnar, að Guð skapaði manninn í sinni mynd, hann skapaði þau karl og konu og Guð blessaði þau. Hjónavígsla kirkjunnar í opinberu ritúali, táknmál hennar og atferli byggir á þessu, á gagnkvæmni kynjanna. En þeim sem leita fyrirbænar kirkjunnar og blessunar Guðs yfir samlíf sitt og heimili er ekki vísað á bug, hver svo sem sambúðarform heimilisfólksins er.⁷

⁶ Karl Sigurbjörnsson, *Í birtu náðarinnar. Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar 2001*, bls. 155.

⁷ Sama, bls. 161.

Það sem skiptir máli fyrir umræðuna hér, varðandi hefðina og siðinn, er áhersla biskups á það sem hann kallar “*samfella andstæðna*” og “*gagnkvæmni kynjanna*”. Hér er það álit mitt að biskup setji fram hefðarrök þegar kemur að því að vernda hjónabandið sem stofnun eingöngu helgaða karli og konu. Þetta er skoðun sem á sér langa sögu og hún á sér rætur í tvíhyggjuhugmyndum fornaldar og í hugmyndum kirkjuféðranna um samskipti kynjanna þegar kemur að hjúskaparmálum. Mér finnst það mikilvægt í samhenginu hér að finna hugmyndir í almennri umræðu um hjónabandið sem eru í samhljómi við þær hugmyndir sem Karl setur fram um *samfellu andstæðna* og *gagnkvæmni kynjanna*. Markmið mitt er að finna hugtakanotkun sem felur í sér sama hugsunarhátt og birtist í Hirðisbréfinu og endurómar um leið hina almennu kenningu kirkjunnar í hjónabandsmálum. Þær skoðanir sem biskup setur fram í Hirðisbréfi sínu á hverjum tíma, hljóta eðli málsins samkvæmt að vera stefnumótandi fyrir þjóðkirkjufólk þegar það myndar sér skoðanir um málefni tengdum kirkju og kristni. Mikilvægt er að finna bæði rök með og á móti þeim hugsunarhætti sem Karl setur fram í Hirðisbréfi sínu, til að fá sem gleggsta heildarmynd á málefninu tengdu hjónabandinu.

Það má segja að umræðan um hjónabandið hafi tekið kipp á árunum 2004-2007. Í skýrslu nefndar frá árinu 2004 um réttarstöðu samkynhneigðra, sem forsætisráðherra skipaði segir frá því að leitað hafi verið eftir upplýsingum frá biskupi Íslands um afstöðu Þjóðkirkjunnar til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra og hvort breytingar væru þar fyrirsjáanlegar. Í svarbréfi biskups til nefndarinnar, frá 12. janúar 2004, kemur fram að kirkjan sé ekki tilbúin til þess að vígja samkynhneigð pör sem hjón og ekki sé hægt að svara því hvort og hvenær það yrði gert.⁸ Prestastefna í Neskirkju 2005 beindi því til biskups í framhaldinu „að hann feli ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni að bregðast við óskinni um að Þjóðkirkjan komi að hjúskaparstofnun samkynhneigðra para með hliðstæðum hætti og þegar um karl og konu er að ræða“. Strax í janúar 2006 fór að bera á umræðu um hjónabandið meðal kirkjunnar þjóna, enda stutt í að drög að áliti kenningarnefndarinnar yrði birt á prestastefnu í Keflavík í apríl 2006. Einnig lá fyrir Alþingi þennan vetur frumvarp til laga um bættu réttarstöðu samkynhneigðra, þar voru m.a. til umræðu tillögur um breytingar á hjúskaparlögnum. Strax í upphafi árs 2006 vakti

⁸Bjarni Karlsson. (2007). *Gæði náinna tengsla. Leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífssiðfræði*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Guðfræðideild, bls. 12.

nýársræða Karls Sigurbjörnssonar biskups, hörð viðbrögð margra og gríp ég hér niður í niðurlag hennar, en þar segir biskup:

Ég ítreka að Þjóðkirkjan stendur heilshugar með samkynhneigðum sem einstaklingum, og réttindum þeirra í samfélaginu. Nú kalla ýmsir eftir nýrri skilgreiningu á hjúskap og hjónabandi, þar sem kyngreining skuli afnumin. Er það stutt ýmsum öflugustu áhrifavöldum samfélags og menningar. Það er ástæða að staldra við. Þjóðkirkjan hlýtur að hika við gagnvart því að viðurkenndum grundvallarhugtökum og viðmiðum sé þannig breytt. Engin kirkja hefur stigið slíkt skref. /... /Til þessa hefur hjónaband talist vera sáttmáli eins karls og einnar konu. Er það í samhljóm við grundvallarforsendu sem kristin trú og siður hefur byggt á frá öndverðu, og er sameiginleg öllum helstu trúarbrögðum heims. Enda í samhljómi við lífsins lög. Þessari forsendu getur íslenska ríkið breytt og komið til móts við margvíslegar þarfir, hvatir og hneigðir, og afnumið alla meinbugi. Ef það er framtíðin, já ef það er framtíðin, þá er eitthvað nýtt orðið til, ný viðmið siðarins, án hliðstæðu í siðmenningunni. Hin aldagamla stofnun sem hjónabandið er er þá afnumin. Þjóðkirkjuprestar og forstöðumenn annarra trúfélaga hafa komið að hjónavígslum vegna þess að hér hefur ríkt samhljómur laga, trúar og siðar í þessum efnum. Ég treysti Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn að fara hér með gát, og leyfa hjónabandinu að njóta vafans.⁹

Í febrúar 2006 fóru fram miklar umræður um hjónabandið. Greinar voru skrifaðar og pistlar birtir á síðum blaða og í netheimum. Ég ætla að rekja hér nokkur dæmi um þá umræðu sem átti sér stað á þessum tíma. Umræðan er ekki tæmandi heldur valin af handahófi til að gefa innsýn í þær hugmyndir um hjónabandið sem þar komu fram.

Þann 12. febrúar 2006 skrifaði sr. Kristján Valur Ingólfsson pistil sem birtist á tru.is og nefnir *hjúskaparlögin og handbók þjóðkirkjunnar*. Í honum var til umræðu frumvarp ríkisstjórnarinnar um tiltekna réttarbætur til handa samkynhneigðum: Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra, sambúð, ættleiðingar og

⁹ Karl Sigurbjörnsson, “Kenn oss að telja daga vora“01.01.2006. <http://tru.is/postilla/2006/01/kenn-oss-ad-telja-daga-vora>.

tæknifrjóvgun. Guðrún Ögmundsdóttir þáverandi þingkona hafði lagt fram að breyta þyrfti sérstaklega 2. gr og 7. gr. hjúskaparlaganna, þannig að ekki væri þar talað lengur um mann og konu heldur einstaklinga. Kristján Valur vildi varpa fram spurningum og athugasemdum um það hvaða vandamál komi upp í hjúskaparskilningi Þjóðkirkjunnar ef hjónabandshugtakinu verði breytt í hjúskaparlögum eins og lagt var til af Guðrúnu Ögmundsdóttur. Í samhengi þess sem hér er til skoðunar er áhugavert að skoða eftirfarandi orð Kristjáns Vals:

Til þessa hefur ríki og kirkja átt góða sambúð varðandi hjúskaparstofnun, enda hefur til grundvallar legið sami skilningur á hjónabandinu í hjúskaparlögum og kirkjuskilningi: Hjón eru karl og kona. Það er líka vandlega undirstrikað í hjónavígslurítúali Þjóðkirkjunnar. Af því leiðir að til þessa hefur það ekki verið vandamál að prestar annist hinn lögformlega gjörning hjúskaparstofnunar í umboði ríkisins./.../Í samræmi við gildandi lög eru þau sem stofna til hjúskapar í kirkjuathöfn samkvæmt Handbók Þjóðkirkjunnar ávörpuð sem brúður og brúðgumi og í öllum greinum ritúalsins er gengið út frá því að þau séu karl og kona.¹⁰

Áfram segir svo í pistli Kristjáns:

Í formlegum sem óformlegum viðræðum um þetta málefni hefur sá kostur verið ræddur að nota hjúskaparrítual þjóðkirkjunnar fyrir karl og konu þegar um samkynhneigt par hefur verið að ræða, í þeim tilgangi að undirstrika jafna réttarstöðu allra þeirra para sem heita tryggð og trúfesti. Jákvæð viðbrögð við þeirri tillögu hafa strandað á því að hjúskaparstofnun er að hefðbundnum skilningi mál sem snertir karl og konu, brúði og brúðguma./.../Fari nú svo að fyrrnefndum greinum hjúskaparlaganna verði breytt og þar með ákveðið að hjón séu tveir einstaklingar

¹⁰ Karl Sigurbjörnsson, "Kenn oss að telja daga vora" 01.01.2006. <http://tru.is/postilla/2006/01/kenn-oss-ad-telja-daga-vora>.

óháð kyni, skilur á milli viðtekis skilnings Þjóðkirkjunnar og skilnings laganna á því hvað hjónaband er.¹¹

Hér má sjá að skoðun Kristjáns Vals er sú að verði hjúskaparlögum breytt á þann hátt sem lagt er til í breytingartillögu Guðrúnar Ögmundsdóttur, þá skilji á milli viðtekis skilnings Þjóðkirkjunnar og laganna á því hvað hjónaband sé. Ofar má sjá að Kristján Valur segir að hjón séu karl og kona og að hjúskaparstofnunin sé að hefðbundnum skilningi mál sem snerti karl og konu, brúði og brúðguma. Ég tel að hér sé viðtekinn og hefðbundinn skilningur Þjóðkirkjunnar á hjúskaparstofnuninni sá sem birtist í Hirðisbréfi Karls Sigurbjörnssonar biskups og hann sé vísun í gagnkvæmni kynjanna. Það er sá skilningur að í hjónabandi þurfi andstæður að mætast. Þær andstæður eru karl og kona, hin nauðsynlega gagnstæða kynjatvennd.

Annar pistill í sama stíl var birtur 21. febrúar 2006 sem skrifaður var af Einari Sigurbjörnsyni, prófessor við Guðfræðideild HÍ og ber yfirskriftina *Hjónaband-samvist-sambúð*. Til umræðu í pistlinum var áður nefnt frumvarp til laga um bættu réttarstöðu samkynhneigðra. Þetta er áhugaverður pistill en í honum færir Einar sterk rök fyrir þeim hjónabandsskilningi sem við höfum séð hér að ofan og útskýrir þær hugmyndir, sem að baki honum liggja. Einar segir í pistlinum:

Mjög mikil sátt ríkir um það meðal Íslendinga að réttarstaða samkynhneigðra skuli leiðrétt að þessu leyti. Á hinn bóginn er ekki einhugur um hvort sambúð fólks af sama kyni geti kallast hjónaband eða hjúskapur og hjónaband sé þá skýrgreint kynlaust eða kynhlutlaust./.../Hugtökin hjúskapur og hjónaband hafa hingað til verið notuð um sambúð karls og konu og nær sú orðanotkun langt út fyrir hinn kristna heim og virðast öll lög og hefðir meðal manna hníga í eina átt að þessu leyti. Svo litið sé á kristindóminn þá virðast biblíuleg rök vera eindregin og sömuleiðis rök kirkjulegrar hefðar. Það sem hefur mótað skilning kristindómsins er frásögn 1. Mósebókar af sköpun mannsins, karls og konu./.../Út úr þessum vitnisburði hafa kristnir menn lesið í fyrsta lagi að sérhver einstaklingur sé skapaður í Guðs mynd, í

¹¹ Kristján Valur Ingólfsson, „Hjúskaparlögin og handbók Þjóðkirkjunnar“. 12. Febrúar 2006. <http://tru.is/pistlar/2006/02/hjuskaparlogin-og-handbok-thjodkirkjunnar>.

öðru lagi að skipting mannlífsins í karlegt og kvenlegt sé hluti þess að vera skapaður í Guðs mynd og loks að samlíf karls og konu sé eðlilegt líf skapaðrar tilveru og ekki afleiðing syndafallsins.¹²

Hér gefur að líta strax í upphafi skilning Einars á hjónabandinu. Hann segir að lög og hefðir manna hnígi í eina átt, að sambandi karls og konu. Hann segir að auki að mannlífið skiptist í karlegt og kvenlegt og að samlíf karls og konu sé eðlilegt líf skapaðrar tilveru. Hér má greina tvíhyggjuhugmyndir um veruleikann og hér má greina sömu hugmynd og birtist í Hirðisbréfinu um að andstæður mætist. Einar gerir nánar grein fyrir þessum hugmyndum í pistlinum. Hann segir:

Það hefur verið almenn samstaða meðal kristinna manna fram á þennan dag að hjónaband sé samband karls og konu og hafa kristnir menn byggt þá kenningu á biblíulegum og náttúruréttarlegum rökum. Lengstum hafa kristnir menn álitid að hjónaband karls og konu væri eina gilda samband kynjanna og hvers konar kynferðislegar athafnir utan hjónabands væru syndsamlegar. Rökin út frá Bibliunni er áðurnefnd skipun Drottins til mannsins, karls og konu, að vera frjósöm og margfaldast. Náttúruréttarrökin eru þau að mök karls og konu leiði til getnaðar nema að einhverjar hindranir komi í veg fyrir það.¹³

Hér vísar Einar áfram í hefðina og viðtekna venju þess að hjónabandið hafi alltaf verið eina gilda samband kynjanna. Af hverju er það svo? Jú, það er vegna skipunar Drottins um að vera frjósöm og margfaldast. Hér er bætt við þeim rökum að barneignir helgi hjónabandið sem stofnun karls og konu. Án þessa tilgangs er ekki hægt að tala um hjónaband og þar af leiðir að hjónabandið sem stofnun nær ekki yfir sambönd samkynhneigðra. Þau sambönd fela ekki í sér þessa andstæðuhugsun kynjanna og möguleikann á barneignum. Í lok pistils Einars segir hann:

¹² Einar Sigurbjörnsson, „hjónaband-samvist-sambúð“. 21. Febrúar 2006. <http://tru.is/pistlar/2006/02/hjonaband-samvist-sambud>.

¹³ Sama.

Samband karls og konu er sérstakt og sinnar tegundar og er byggt inn í sjálft sköpunarferlið. Frá fornu fari hefur kirkjan kennt að Guð viðhaldi sköpun sinni á óbeinan hátt með þeim aðferðum sem skapaðar verur hafa til að fjölga sér. Hjá mannum er það ást karls og konu sem leiðir til þess að barn verður til. Ást fólks af sama kyni getur ekki leitt til þess./.../Það er meginregla (prinsíp) að best sé barni að alast upp hjá föður og móður eða í sambandi þar sem karllegt og kvenlegt kemur saman. Þar með er ekki sagt að annars konar uppeldi sé nauðsynlega óeðlilegt eða óhollt./.../Kristin hefd gengur út frá því að blessun hjónabands eða hjónavígsla sé blessun á sambandi karls og konu þar eð það samband sé liður í áframhaldandi sköpun Guðs. Í sambandi sínu eru karl og kona samverkamenn Guðs við að viðhalda mannkyni.¹⁴

Það er mat mitt eftir lestur þessarar greinar að Einar taki hér undir orð biskups í Hirðisbréfinu og útskýri nánar hvað í þeim felist. Hann skiptir veruleika hjónabandsins upp í karllegt og kvenlegt og segir það hið eðlilega ástand. Vegna þessa tvískipta veruleika feli hjónabandið í sér nauðsynlega umgjörð utan um barneignir sem er áframhald á sköpun Guðs, verkefni sem sé falið körlum og konum einum samkvæmt skikkan skaparans.

Ekki verður skilið við þessa umræðu um hjónabandið, sem átti sér stað í febrúar 2006 án þess að heyra hvað leikmenn innan kirkjunnar lögðu til málanna. Hingað til hef ég vitnað í kennimenn innan íslensku þjóðkirkjunnar, en tel það nauðsynlegt að kynna hvað leikmenn lögðu til umræðunnar um hjónabandið á þessum tíma. Ég hef valið hjónin Steinunni Jóhannesdóttur og Einar Karl Haraldsson. Ástæða þess að ég vel þau er sú að þau hjón skrifuðu grein sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 5. febrúar 2006 og í henni eru þau að ræða frumvarpið til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra, sambúð, ættleiðingar og tæknifrjógungun og um leið breytingartillögur Guðrúnar Ögmundsdóttur á hjúskaparlögnum. Þessi grein vakti mikil viðbrögð á sínum tíma og óhætt er að segja að þeirra hugmyndir falli í flokk þeirra sem vilja halda í hefðbundna mynd hjónabandsins sem stofnunar sem er einungis ætluð karli og konu. Þau segja meðal annars í greininni:

¹⁴ Sama.

Hjónabandið snertir kviku mannlífsins. Hlutur karls og konu í hjónabandi er stór þáttur í sjálfsmynd hvors um sig. Kynferðið hefur oftast mikla þýðingu, orðin móðir og faðir sömuleiðis og það sem þau standa fyrir. Sú tilraun sem er gerð í frumvarpinu til þess að afhlaða þessi orð í þeim tilgangi að rétta hlut minnihlutahóps verður um leið tilraun til þess að tæma þau að merkingu. Móðir er ekkert sérstakt, faðir ekki heldur og hjónaband aðeins samkomulag einstaklinga./../Það ber vott um ótrúlega lítilsvirðingu að ætla að kollvarpa hefðbundnum skilningi á hjónabandinu eins og gert er með frumvarpinu og birta hann í athugasemdum og orðalagsbreytingum eins og um smámál væri að ræða. Ef boðuð leið er farin verður um að ræða skemmdarverk á tungunni því þá eiga Íslendingar ekki lengur orð sem lýsir sérstaklega þessum forna sáttmála karls og konu./../Við erum sannfærð um að það eru aðrar leiðir og betri leiðir til þess að tryggja samkynhneigðum sambærilega stöðu og hjónum en sú að sprengja upp sjálft hjónabandshugtakið.¹⁵

Eins og sjá má þá eru þær hugmyndir, sem birtast í skrifum Steinunnar og Einars Karls í samhljómi við það sem ég hef farið í hér að ofan. Þau nota talsvert sterkara orðfæri líkt og sjá má á ummælum eins og skemmdarverk á tungunni og að verið sé að sprengja upp sjálft hjónabandshugtakið með því að boða ein hjúskaparlög á Íslandi.

Í bók dr. Sólveigar Önnu Bóasdóttur *Ást, kynlíf og hjónaband* má finna ritgerð, sem hún nefnir *Kristinn mannskilningur: Kynverund – kynheilsa – kynverundarréttindi*. Í henni setur hún fram gagnrýni á Hirðisbréf biskups og grein Einars Sigurbjörnssonar. Sólveig Anna segir að í Hirðisbréfinu sé hjónabandið æðra staðfestri samvist. Skýringin á því af hverju það sé æðra er sögð vera gagnkvæmni kynjanna og samfella andstæðna. Hvað felist þá í gagnkvæmni kynjanna? Um það sé ekkert sagt nánar í Hirðisbréfinu.¹⁶ Hún bendir á að gagnkvæmni (e. *mutuality*) merki að einhver eiginleiki sé eins hjá báðum aðilum. Ást sé gagnkvæm sé hún til staðar hjá báðum aðilum. Hugsanleg túlkun á meintri gagnkvæmni

¹⁵ Einar Karl Haraldsson og Steinunn Jóhannesdóttir, „Sagan, tungan og hjónabandið“. 5. Febrúar 2006. http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1064820.

¹⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 126.

kynjanna sé að hún vísi til vilja, tilfinninga og hugsana sem séu gagnkvæmar, þ.e. eins hjá báðum aðilum. Þessi vilji og tilfinningar geti verið gagnkvæm ást, virðing, vilji til staðfestu og trúmennsku í hjónabandi. Þessi túlkun komi heim og saman við lúterska sýn á hjónabandið sem gagnkvæmt samþykki, frelsi og jafnræði makanna, að mati Sólveigar. Hún bendir á að til að uppfylla skilyrði til hjónabands þurfi einnig samfellu andstæðnanna samkvæmt Hirðisbréfinu. Orðin samfella andstæðnanna sé önnur og jafnmikilvæg forsenda hjónabandsins, sbr. orðin „Í þessari gagnkvæmni kynjanna og samfellu andstæðnanna er hjónabandið fólgið,....“.¹⁷ Túlkun Sólveigar Önnu á inntaki þessa orðasambands er sú að tengsl þessi fjalli um gagnstæðni kynjanna (e. *opposite sex*) í merkingunni kynjaandstæður. Karl og kona séu gagnstæð kynjatvennd sem saman myndi eina heild (e. *complementarity*).¹⁸ Sólveig Anna segir að andstæðuforsenda hjónabandsins byggist á því að karl og kona séu ólík frá hendi skaparans. Kynjaandstæðukenning hafi verið gagnrýnd í kvenna- og kynjafræðum í meira en fimmtíu ár. Gagnrýnin hafi einkum beinst að þeim þröngu og einhæfu hlutverkum sem konum séu ætluð í samfélaginu, sé gengið út frá þeim. Sagnfræðingar sem beiti kynjafræðilegri túlkun hafi verið bent á að aukin áhersla á ólíkt eðli kynjanna sé andsvar nútímans við lýðræðishugmyndum sem hefðu lögum samkvæmt átt að geta gert konum kleift að líta á sig sem einstaklinga til jafns á við karla. Hún segir jafnframt að feminísk guðfræði hafi tekið undir þessa gagnrýni og tekið til þess hve karlguðfræðingar sem skrifa um hjónabandið geri mikið úr mismuni kynjanna og viðhaldi þar með kúgun og óréttlæti í garð kvenna.¹⁹ Að mati Sólveigar Önnu er það engum vafa undirorpið að hjónabandið hafi verið sú samfélagsstofnun sem sannarlega hafi innsiglað misrétti kynjanna²⁰. Karlveldishugmyndafræði sé því ekki langt undan þegar tekið er til við að verja hið gagnkynhneigða hjónaband með ofangreindum rökum²¹.²² Hún segir að

¹⁷ Sama, bls. 126.

¹⁸ Sama, bls. 127.

¹⁹ Sama, bls. 128.

²⁰ Kynjahyggja er hugtak sem notað er um samband karls og konu sem innsiglar þetta misrétti kynjanna og ójafna stöðu þeirra. Það felur í sér þá trú að fólk sé skapað til misjafnrar stöðu innbyrðis eingöngu á grundvelli kynsins. Konur hafi því líffræðilega óæðri stöðu gagnvart karlmönnum eingöngu vegna þess að þær eru konur.

²¹ Gagnkynhneigðarhyggja er annað hugtak sem notað er í guðfræðilegri orðræðu um hjónabandið og skilgreinir Sólveig Anna hana á þann hátt að hún felur í sér þá hugmynd að gagnkynhneigð sé hinn eðlilegi og rétti farvegur kynlífsathafna og sambúðarforms fólks. Sögulega hafi flestir kristnir guðfræðingar gengið út frá réttmæti hugmyndafræði gagnkynhneigðarhyggju. Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 13.

²² Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 129.

hjónabandið hafi sem slíkt ekkert sjálfstætt gildi. Gildi þess felist í því innihaldi sem því sé gefið hverju sinni. Það geti orðið vettvangur sameiginlegs þroska en einnig vettvangur kúgunar og ofbeldis. Ofbeldi gegn eiginkonum og kynferðisleg misnotkun á börnum sem eigi sér stað innan gagnkynhneigðra hjónabanda og fjölskyldna um allan heim séu dæmi þess. Guðfræðilegar hugmyndir um eðlislægar andstæður kynjanna sem hinn eilífa, tímalausa grundvöll hjónabandsins séu því harla innihaldslausar staðhæfingar á okkar tímum. Það sama eigi við um þá skoðun að getnaður sé ein meginforsenda hjónabands eða með öðrum orðum að tilgangur kynlífs í hjónabandi sé barneignir. Ástæðan fyrir því að Sólveig Anna hafnar báðum þessum skoðunum er sá mannskilningur sem birtist í þeim, ekki síst staðnaður skilningur á kynlífi sem þrengir að manneskjunni og tilveru hennar í heiminum.²³

Sólveig Anna vîkur næst að hugmyndinni um að barnsgetnaður sé forsenda hjónabandsins. Hún segir að Einar Sigurbjörnsson, prófessor í trúfræði við Guðfræðideild H.Í. svari þeirri spurningu játandi í pistlinum, „*Hjónaband – samvist – sambúð*“. Að mati Sólveigar Önnu virðist svar Einars fljótt á litið sverja sig meira í ætt við kaþólska guðfræði en lúterska, en opinber skoðun kaþólsku kirkjunnar sé sú að sérhver kynlífsathöfn hjóna eigi að vera opin fyrir getnaði.²⁴ Hún kynnir hér til sögunnar kaþólska siðfræðinginn Ghristine E. Gudorf²⁵ sem gagnrýnir kaþólska guðfræðihefð fyrir að leggja allt of mikið upp úr tengslum kynlífs og barneigna. Kaþólsk siðfræði að mati Gudorf leggi auk þess allt of mikla áherslu á form hjónabandsins á kostnað innihalds þess.²⁶ Gudorf kallar hið opinbera viðhorf kaþólsku kirkjunnar til kynlífs og hjónabands fólksfjölgunarhyggju (e. *procreationism*). Í henni felist mjög ófullkomin sýn á kynverund manneskjunnar og hún vanmeti hið tengslalega og uppbyggjandi hlutverk kynlífs. Kynlíf hafi svo miklu víðtækara hlutverk en það að geta börn.²⁷ Sólveig Anna bendir á að þó fjölgun mannsins eigi sér sannarlega stað innan hjónabands þá kveði hjúskaparlögin þó hvergi á um það að fjölgun sé nauðsynleg forsenda hjónabands. Hjúskaparlögin kveði yfirleitt ekki á um kynlíf hjóna og

²³ Sama, bls. 130.

²⁴ Sama, bls. 130.

²⁵ Bókin sem Sólveig Anna vîsar í eftir Christine E. Gudorf heitir *Body, Sex and Pleasure. Reconstructing Christian Sexual Ethics*, 2. kafli. Þessi bók á eftir að koma meira við sögu í ritgerðinni en ég mun rannsaka notkun Gudorf á hugtökunum gagnkvæmni og fólksfjölgunarhyggja síðar í ritgerðinni.

²⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 130-131.

²⁷ Sama, bls. 131.

tilgang þess.²⁸ Hún segir það vera erfitt á 21. öldinni að taka undir skoðanir sem bergmáli Ágústínus kirkjuföður frá 5. öld eða þá Tómas frá Akvínó frá 13. öld en þeir hafi álitnið að gæði hjónabandsins felist í því að þar fari fram nauðsynleg fjölgun mannkyns. Báðir hafi samþykkt hjónabandið með semingi og talið skírlífi betri kost. Ástæðan sé sú sama hjá báðum: Neikvæð afstaða til kynlífs.²⁹

Sólveig Anna ítrekar við lok umfjöllunar sinnar um pistil Einars að það sé siðfræðilega rangt að skipta fólki upp í tvo hópa á grundvelli þess, að hvaða kyni ást þeirra beinist, svo og því hvernig manneskjur fjölgi sér og álykta í framhaldinu um verðleika sumra en ekki annarra til hjónabands. Niðurstaða hennar er sú að fjölgunarforsendan sem hún kallar svo, sé ekki gild ástæða til að útiloka homma og lesbíur frá því að ganga í hjónaband.³⁰

Ég get tekið undir það sem Sólveig Anna segir hér í grein sinni. Ég tel að þessar hugmyndir sem ég hef rakið hér að ofan, annars vegar kynjaandstæðukenningin og hins vegar fjölgunarforsendan séu ekki nægjanleg rök með því að hjónabandið sé útilokandi fyrir samkynhneigða. Í þessum hugmyndum birtist aldagömul stigveldis og karlveldis hugsun sem byggir á ójöfnum tengslum innbyrðis milli kynjanna í hjónabandi. Með öðrum orðum hjónaband sem byggir á kynjahyggju og gagnkynhneigðarhyggju. Það getur ekki verið ásættanlegt við upphaf 21. aldar að lífi sé haldið í fólksfjölgunarforsendunni sem nauðsynlegum grunni fyrir hjónaband karls og konu. Ég tel það nauðsynlegt að finna nýjan hugmyndaramma um hjónabandið og um leið leitast við að greina leiðir til að setja fram hugsun um hjónaband sem felur í sér einn veruleika fyrir alla, jafna stöðu kynjanna innbyrðis og þá um leið samband sem umfaðmar samkynhneigða og gagnkynhneigða í senn.

1.2 Álit kenningarnefndar íslensku Þjóðkirkjunnar

Það er ekki hægt að láta staðar numið við umræðuna um hjónabandið í okkar íslenska samhengi án þess að gera í stuttu máli grein fyrir álitni kenningarnefndarinnar um Þjóðkirkjuna og staðfesta samvist. Sem viðbrögð við því álitni hef ég valið að vitna í Bjarna

²⁸ Sama, bls. 132.

²⁹ Sama, bls. 133.

³⁰ Sama, bls. 133.

Karlson sóknarprest í Laugarneskirkju í Reykjavík og mastersritgerð hans frá árinu 2007 sem ber heitið *Gæði náinna tengsla. Leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífssiðfræði*.

Á prestastefnu í apríl 2007 var samþykkt álit kenningarnefndar um Þjóðkirkju og staðfesta samvist. Drög að þessu álitu var fyrst lagt fram á prestastefnu 2006 til umræðu. Þetta var gert sem liður í verkferli innan Þjóðkirkjunnar og ályktunin var síðan rædd á kirkjuþingi 2006, á héraðsfundum og leikmannastefnu. Ályktunin átti síðan að koma til afgreiðslu á prestastefnu og kirkjuþingi 2007. Á prestastefnu 2007 voru nokkrar aðrar tillögur sem snerta þessa umræðu lagðar fram. Þar á meðal tillaga hinna svonefndu 42-menninga þess efnis að Þjóðkirkjan fari þess á leit við Alþingi að það samræmi hjúskaparlög og lög um staðfesta samvist. Það er sem sagt tillaga um ein hjúskaparlög. Það er skemmst frá því að segja að þessi tillaga var felld með 64 atkvæðum gegn 22.³¹ Tillaga biskups um ályktun varðandi álit kenningarnefndarinnar var samþykkt með 69 atkvæðum gegn 14. Í tillögunni fólst að prestastefna Íslands 2007 féllst í meginatriðum á álit kenningarnefndarinnar um Þjóðkirkjuna og staðfesta samvist og samþykkti að kenningarnefnd undirbyggi það til flutnings á kirkjuþingi 2007 með tilliti til athugasemda sem þar komu fram.³²

Í ályktun kenningarnefndarinnar segir að hún telji málið einkum snerta biblíuskilning, siðfræðilegar hefðir, köllun kirkjunnar til þjónustu í heiminum og kirkjuskilning. Fjallað er í stuttu máli um hvert þessara málefna fyrir sig. Það sem skiptir máli fyrir umræðuna hér er það sem sagt er um það sem snýr að siðfræðilegum hefðum en þar segir:

Allt til þessa hafa ríki heims og trúarbrögð mannkyns gengið út frá því að hjónaband sé samband karls og konu. Skilgreining kirkjunnar á hjónabandi hefur alla tíð gengið út frá því sama að Guð hafi skapað manninn, karl og konu og blessað þau./.../Aðkoma kirkjunnar að hjónavígslu byggir á því að ríkt hefur samskilningur menningar, löggjafar og trúar hvað varðar skilgreiningu á hjúskap svo að umræðan um endurskilgreiningu hjúskapar og hjónabands varðar samstöðu kirkju og

³¹ Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Álit kenningarnefndar samþykkt á prestastefnu“. 25. Apríl 2007. <http://kirkjan.is/node/6309p>.

³² Sama.

samfélags. Kirkjan viðurkennir önnur sambúðarform til viðbótar hjónabandi karls og konu.³³

Annar hluti ályktunarinnar snýr að því sem nefnt er *ályktun og verkferli*. Þar er það fimmti og sjötti liður ályktunarinnar sem vekur athygli mína hér en þar segir:

5. „Þjóðkirkjan styður hjónabandið sem sáttmála karls og konu á forsendum hins kristna kærleika. Þjóðkirkjan styður enn fremur önnur sambúðarform á sömu forsendum.“

6. „Þjóðkirkjan styður þá einstaklinga af sama kyni sem vilja búa saman í ást trúmennsku og staðfesta samvist sína og skuldbindingar. Þjóðkirkjan heimilar prestum að blessa sambúð þeirra samkvæmt þar til ætluðu formi.“³⁴

Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur skrifaði mastersritgerð árið 2007 sem hann nefnir *Gæði náinna tengsla. Leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífssiðfræði*. Í lokahluta ritgerðarinnar tekur Bjarni fyrir álit kenningarnefndarinnar. Samhengisins vegna skoða ég það sem hann segir um siðfræðilegu hefðirnar og fimmta og sjötta lið í ályktun nefndarinnar. Um þá umsögn nefndarinnar, að hingað til hafi allar þjóðir og trúarbrögð litið á hjónabandið sem samband karls og konu og að kirkjan hafi gert það sama út frá sköpunarsögum sínum segir Bjarni að þó að sú áhersla sem þar birtist varði ekki rannsókn hans sem slíka þá leyfi hann sér að segja að hún verði að teljast röng í þessu samhengi. Það standist ekki skoðun hans að til sé eitthvað eitt sem nefna megi hjónabandið og sem hafi verið til hjá öllum þjóðum og í öllum trúarbrögðum hingað til og þar sé kristindómurinn í samfloti með heimssamfélaginu með sínar sköpunarsögur. Þessi mynd sé margfalt flóknari, jafnvel þótt ekki tekið sé tillit til þeirra samskiptagæða sem hjónabandinu sé ætlað að bera í hverju samfélagi heldur einungis litið til ytri þátta svo sem fjölda einstaklinga í

³³Málaskrá kirkjubings, 2007. Tillaga til þingsályktunar um Þjóðkirkuna og staðfesta samvist, 8. Mál, flutt af Biskupi Íslands, frsm. Karl Sigurbjörnsson. <http://kirkjuthing.is/mal/2007/8>.

³⁴ Sama.

hjónabandinu, hlutverk fjölskyldunnar varðandi uppeldi, menntun og framleiðslu, horft á réttindi og skyldur hjóna, valdsvið þeirra, viðhorf til kynlífs o.m.fl.³⁵

Með þessari umfjöllun Bjarna tel ég mig vera komna með mikilægan punkt til að skoða nánar. Ég tel það vera áriðandi fyrir hjónabandssumræðuna að rannsaka þessa flóknu mynd sem hjónabandið hefur skilað okkur í gegnum aldirnar. Ég er sammála Bjarna að ekki sé til einn hjónabandskilningur og því sé það rangt að alhæfa á þann hátt sem gert er í álitni kenningarnefndarinnar. Ég mun koma aftur að þessu síðar þegar ég tek fyrir greiningu John Witte, Jr. á hjónabandslíkönum í öðrum kafla ritgerðarinnar.

Um fimmta og sjötta lið í ályktun kenningarnefndarinnar segir Bjarni að íslenska kirkjan verði að horfast í augu við ábyrgð sína varðandi kerfisbundið og menningarlegt ofbeldi í samfélaginu. Sú þöggun á kynverund samkynhneigðra sem sett sé fram í liðum nr. 5 og 6. þurfi að hætta ef Þjóðkirkjan á að vera trúverðugur vettvangur öryggis meðal íslenskrar þjóðar og í samfélagi systurkirkna sinna. *Allir menn eigi rétt á því að vera sjálfstæðir siðferðilegir gerendur.*³⁶

Hér tel ég mikilvægt að gera sér grein fyrir því að sá rökstuðningur sem birtist í álitni kenningarnefndar við því að hjónabandið sé sáttmáli karls og konu á rætur sínar í fyrrgreindum ástæðum sem birtast í Hirðisbréfi Karls biskups. Það er sá skilningur sem birtist í hefðinni um kynjaandstæðurnar og fjölgunarþáttinn. Það að hjónabandið sé stutt sérstaklega í álitni kenningarnefndar og samvist samkynhneigðra viðurkennt samhliða er ekkert annað en kerfisbundið og menningarlegt ofbeldi. Ég er sammála Bjarna hér í sinni greiningu og tel að kenningarnefndin hefði árið 2006 getað stigið skrefinu lengra og viðurkennt sambúðarformin bæði sem eitt og hið sama án aðgreiningar í stað þess að viðhalda hinum hefðbundna skilningi sem elur á misskiptingu og kúgun, bæði gagnvart samkynhneigðum og gagnvart konum í hefðbundinni skilgreiningu á gagnkynhneigðu hjónabandi.

Margt hefur gerst í málefnum hjónabandsins á vettvangi kirkjunnar frá 2007. Orðræðan um hjónabandið hefur sprottið upp reglulega og mikilvægt innlegg í fræðilega umræðu um hjónabandið kom út árið 2008. Það er bók dr. Sólveigar Önnu Bóasdóttur *Ást, kynlíf og hjónaband* sem ég hef nú þegar vitnað í. Í bókinni er birt safn sjö ritgerða sem

³⁵ Bjarni Karlsson. (2007). *Gæði náinna tengsla. Leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífsiðfræði*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Guðfræðideild, bls. 195.

³⁶ Sama, bls. 202-203.

skrifaðar eru á árunum 2001-2008. Sólveig segir í inngangi að bókin feli í sér umfangsmikla umræðu um merkingu orðsins hjónaband. Með notkun málsins séum við öll þátttakendur í að skapa merkingu í það líf sem við lifum.³⁷ Hún nefnir að áhersla sé lögð á gagnrýna umfjöllun og leitast sé við að setja fram trúverðuga og vel rökstudda guðfræðilega siðfræði sem ekki útiloki neinn vegna kynhneigðar.³⁸ Það er óhætt að segja að bók Sólveigar sé mikilvægt skref í átt að nýrri kristinni hjónabandssiðfræði þegar til framtíðar er litið.

Árið er 2010. Umræðan um hjónabandið hófst á nýjan leik í íslensku samfélagi á vormánuðum. Ástæðan var sú að til stóð að leggja fyrir Alþingi frumvarp um ein hjúskaparlög til samþykktar eða synjunar. Fyrir lá að meiri hluti Alþingis styddi frumvarpið og kirkjan var enn og aftur knúin til að taka þetta málefni til umfjöllunar á sínum vettvangi, bæði á prestastefnu í Vídalínskirkju og kirkjuþingi í nóvember 2010. Prestar, djáknar og guðfræðingar tóku sig saman fyrir prestastefnuna og unnu greinagerð og ályktun sem leggja átti fyrir prestastefnu til samþykktar þess efnis að prestastefna lýsti yfir stuðningi við ein hjúskaparlög á Íslandi. Í umræddri greinagerð var rakin í stuttu máli umfjöllun um málefni samkynhneigðra og framfarir í hjónabandsmálum þeirra á síðastliðnum árum. Að greinargerðinni stóðu að lokum 91 guðfræði- og djáknamenntaðir einstaklingar. Í greinargerðinni segir m.a.:

Við teljum að á grundvelli þeirrar vönduðu guðfræðiumræðu sem farið hefur fram í Þjóðkirkjunni um kirkju, kynhneigð og hjónaband á undanförunum fjórtán árum sé ekkert því til fyrirstöðu að vígslumönnum verði heimilað að gefa saman samkynhneigð pör í hjónaband og að Þjóðkirkjan feti þannig í fótspor systurkirkna sinna.³⁹

Þrátt fyrir alla hina vönduðu guðfræðilegu umræðu síðastliðinna ára lenti prestastefna í vanda við afgreiðslu þessa máls. Prestar og kennimenn Þjóðkirkjunnar komu fram og tókust enn og aftur á um hjónabandsskilninginn. Rök voru sett fram eindregið gegn tillögunni og umræðan til verndar hjónabandinu sem einhliða sambandi karls og konu, spratt upp á ný. Á

³⁷ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 11.

³⁸ Sama, bls. 11.

³⁹ Greinagerð 90 menninganna. <http://einhjuskaparlog.tumblr.com/page/3>.

prestsstefnunni var lögð fram önnur tillaga af sr. Geir Waage þess efnis að Alþingi létti af prestum umboði til þess að vera vígslumenn í skilningi hjúskaparlaganna. Að lokum fór það svo að kosið var um þriðju tillöguna en hún fól í sér að prestastefnan vísaði framkomnum tillögum og umfjöllun til biskups og kenningarnefndar. Með þeirri tillögu var komið í veg fyrir að prestastefna tæki opinberlega faglega afstöðu til frumvarpsins um ein hjúskaparlög. Staðan að lokinni prestastefnu í Vídalínskirkju var því að mínu mati sú sama hvað varðar stefnu kirkjunnar í hjúskaparmálum og hún var árið 2007 þegar kirkjuþing samþykkti álit kenningarnefndarinnar um Þjóðkirkjuna og staðfesta samvist. Þrátt fyrir alla hina góðu og vönduðu guðfræðiumræðu um hjónabandsskilninginn sem 90-meningarnir vísuðu til í tillögu sinni þá hafði prestastefnan að lokum ekki kjark til að taka guðfræðilega afstöðu með breyttri hugsun um hjónabandið þannig að það umfaðmi einstaklinga af sama kyni til jafns við karl og konu. Máli mínu til stuðnings hef ég ákveðið að vitna í umsagnir við frumvarp Alþingis um breytingar á hjúskaparlögunum og tillögu um að lög um staðfesta samvist falli jafnframt úr gildi. Umsagnirnar gefa góða innsýn í það að enn er vísað í sömu rök fyrir útilokandi hjónabandsskilningi og ég greindi í Hirðisbréfi biskups frá árinu 2001, í nýársræðu hans og í pistlum og blaðagreinum rituðum í febrúar 2006.

Fyrst er að nefna umsögn Steinunnar Jóhannesdóttur. Ég vísaði í Morgunblaðsgrein hennar og eiginmanns hennar, Einars Karls Haraldssonar hér fyrir í kaflanum. Steinunn talar um það að með frumvarpinu um ein hjúskaparlög hafi verið valin verri leiðin og sú leið sem leiði til áframhaldandi deilna og átaka í samfélaginu. Hún segir að verið sé að leggja niður hjónaband karls og konu með frumvarpinu. Karl og kona verði ekki lengur til í skilningi hjúskaparlaganna ef ætlun frumvarpshöfundar nái fram að ganga. Aðalpersónurnar í hjónabandinu verði lokaðar inni í skáp eða strikaðar út úr sögunni.⁴⁰ Fleiri rök fylgja svo umsögn Steinunnar og ber þar hæst að nefna fólksfjölgunarforsenduna sem áður hefur verið nefnd.

⁴⁰ Steinunn Jóhannesdóttir. Athugasemdir við þingskjal 836-485 mál.
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=1978&nefnd=a>.

Sr. María Ágústsdóttir leggur til í sinni umsögn að hjónaband sé áfram frátekið fyrir karl og konu og annað orð fundið yfir þann ramma sem löggjafinn vill skapa sambandi tveggja karla og tveggja kvenna.⁴¹

Í umsögn kaþólsku kirkjunnar kemur fram að hún telji hjónabandið guðlega stofnun sem stjórnvöldum sé skylt að vernda. Þar segir að þvert á sannfæringu langflestra hjóna í þessu landi og þar með einnig kaþólskra hjóna og í andstöðu við kaþólska kenningu sem útbreidd sé um allan heim, sé nýjum skilningi hjónabandsins þröngvað upp á fólk. Þetta hafi þau aldrei samþykkt og muni aldrei gera.⁴²

Í umsögn Prestafélags Íslands kemur fram að í umræðunum birtist sá veruleiki Þjóðkirkjunnar að hún sé kirkja sem rúmi ólíka nálgun og trúarafstöðu á grundvelli játningar hennar og kenningar. Þetta sé vel merkjanlegt í hópi presta. Meðal presta Þjóðkirkjunnar ríki í meginatriðum tvenns konar hjónabandsskilningur, orðað með einföldum hætti: Annars vegar sá skilningur sem birtist í frumvarpinu um breytingu á hjúskaparlögum að hjónabandið sé kynhlutlaus stofnun og hins vegar sá skilningur að hjónabandið sé bundið við hjúskaparstofnun karls og konu. Stjórn PÍ telur meginatriði frumvarpsins, að ein lög gildi um hjúskaparstofnun allra þeirra sem vilja ganga í hjónaband, mikilvæga réttarbót.⁴³

Eins og sjá má að ofangreindu eru enn skiptar skoðanir um þessi mál er varða hjónabandið þrátt fyrir hina miklu umræðu sem farið hefur fram í samfélaginu í rúman áratug. Það eitt gefur til kynna að málið hefur það djúpstætt gildi í veru einstaklinganna að breyting á hugsunarhætti gerist ekki á skömmum tíma. Málið hefur að auki guðlegt vægi eins og kemur fram m.a. í athugasemdum kaþólsku kirkjunnar og íslenskra presta. Slíkum skilningi verður ekki breytt svo auðveldlega.

Karl Sigurbjörnsson biskup ritar einnig athugasemdir við frumvarpið og þar vísar hann í samþykkt kirkjuþings árið 2007 á álitum kenningarnefndarinnar og segir að með þeirri samþykkt hafi náðst sátt um mál sem hafi valdið miklum deilum í kirkju og samfélagi. Hann segir að lagafrumvarpið horfi til einföldunar en það vekur upp flóknari spurningar.

⁴¹ María Ágústsdóttir. Athugasemdir við þingskjal 836-484 mál.

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=2050&nefnd=a>.

⁴² Kaþólska kirkjan á Íslandi. Athugasemdir við þingskjal 836-485 mál.

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=2058&nefnd=a>.

⁴³ Prestafélag Íslands. Athugasemdir við þingskjal 836-485 mál.

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=1979&nefnd=a>.

Hjónaband karls og konu sé sáttmáli sem á sér dýpri skírskotun en almennt eigi við um mannleg samskipti, svo samfélagið, lög og réttur og trúarbrögðin slái um það sérstökum véböndum. Ríki og trúfélögin hafi álitnið hjónabandið heilagt og ríki jafnt sem kirkja séu skuldbundin að virða það. Karl segir að hjónaband sé í allri siðmenningunni opinberlega viðurkennt kynlífssamband konu og karls. En sambandið miðar að því að vernda barnið. Það sé mikilvæg grunnforsenda sem standi óhögguð jafnvel þótt hjón eignist ekki börn, að hans mati.⁴⁴

Hér er ég komin að upphafi þessa kafla eða að Hirðisbréfi Karls Sigurbjörnssonar biskups frá 2001. Sjá má af því sem hefur verið skrifað að skoðun hans hefur ekki breyst á 10 árum og um leið ekki stefnumótandi skilningur íslensku þjóðkirkjunnar á því hvað hjónaband feli í sér. Hér er hægt að greina sömu rök og árið 2001 fyrir útilokandi hjónabandsskilningi, þó að finna megi meiri þunga í áherslum til að vernda hjónabandið sem stofnun karls og konu í þessum nýju athugasemdum hans en hér er því bætt við að hjónabandið er opinberlega viðurkennt kynlífssamband og heilög stofnun.

1.3 Niðurstaða

Ein hjúskaparlög tóku gildi á Íslandi 27. júní 2010. Á nýafstöðnu kirkjuþingi í nóvember 2010 var tekin fyrir tillaga til þingsályktunar um staðfestingu á breytingu á „Samþykktum um innri málefni Þjóðkirkjunnar. Með tillögunni var verið að breyta texta um innri málefni kirkjunnar sem fjallar m.a. um kenningu kirkjunnar og helgisiði á þann hátt að kaflinn um staðfesta samvist var felldur niður og orðalagi breytt til samræmis við ný hjúskaparlög.⁴⁵ Það er fróðlegt að hlusta á þær umræður sem áttu sér stað um þetta mál á kirkjuþingi en Karl Sigurbjörnsson biskup var flutningsmaður tillögunnar. Í hans málflutningi tel ég að greina megi sömu sjónarmið og ég hef nú þegar farið yfir. Þar nefnir hann að hann hafi lagt áherslu á að skilgreining kirkjunnar í grundvallartextum sýni í senn virðingu fyrir hefðbundnum skilgreiningum og gildum um leið og tekið er tillit til breyttra laga. Varðandi hjónavígsluformið þá segir Karl að sé lögð áhersla á það að gefnir séu valkostir eftir því

⁴⁴ Biskupsstofa. Athugasemdir við þingskjal 836-485 mál.

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=2097&nefnd=a>.

⁴⁵ Gerðir kirkjuþings 2010. Þingsályktun um staðfestingu á breytingu á samþykktum um innri málefnum Þjóðkirkjunnar, 20. mál, flutt af biskupi Íslands, frsm. Karl Sigurbjörnsson. <http://kirkjuthing.is/gerdir/2010/20>.

hvort um sé að ræða karl og konu eða samkynja par, þannig sé í senn gætt jafnræðis og tekið tillit til kirkjulegrar hefðar.⁴⁶ Í raun telst það athyglisvert að umræður um málið voru litlar sem engar. Einu andmælin sem komu fram voru frá sr. Geir Waage en hann gerði athugasemdir við að þar sem málið lyti að kenningu kirkjunnar þá beri að leggja það fyrir prestastefnu 2011 til umsagnar. Hann telji málið ekki hafa fengið nægjanlega umfjöllun. Það er mat mitt að í þessum andmælum Geirs felist það að aftur beri að fresta málinu án þess að taka formlega afstöðu, líkt og tókst að gera á prestastefnu í Vídalínskirkju fyrr á árinu. Það hlýtur því að teljast merkilegt að forseti kirkjuþings Pétur Kr. Hafstein hafi tekið til máls og sagt að það hafi verið mat forsætisnefndar að málið hafi fengið nægjanlega umfjöllun á prestastefnu í Vídalínskirkju og þess vegna hafi verið fullnægt þeim skilyrðum til að leggja það fram á þessu kirkjuþingi.⁴⁷ Hér tók forsætisnefnd kirkjuþings það frumkvæði að loka þessu máli formlega innan kirkjunnar og biskup Íslands fylgdi því frumkvæði, þótt að greina mætti í málflutningi biskups að skoðanir hans á hjónabandinu hafi lítið breyst og hann verji það enn með vísan til kirkjulegrar hefðar. Það er mat mitt að þarna taki forsætisnefnd kirkjuþings afstöðu með skoðunum 90-menninganna frá prestastefnu í Vídalínskirkju 2010 um að málið hafi fengið vandaða guðfræðilega umfjöllun á vettvangi kirkjunnar og þess vegna sé ekkert því til fyrirstöðu að kirkjan taki afstöðu með einum hjúskaparlögum. Hér er búið að setja punktinn. Með kirkjuþingi 2010 er málinu formlega lokið innan kirkjunnar. Eina sem er eftir núna er að leggja nýtt hjónavígsluform fyrir prestastefnu og kirkjuþing 2011 til umsagnar og samþykktar.

Það er mat mitt að lokinni þessari umfjöllun að þrátt fyrir að þeim mikilvæga áfanga sé náð réttarfarslega að samkynhneigðir og gagnkynhneigðir standi nú jafnfætist gagnvart löggjafanum og kirkjunni þegar kemur að hjúskap, þá sé enn langt í land að eining náist um guðfræðilegan skilning á því hvað felist í því að vera í hjónabandi. Steinunn Jóhannesdóttir segir það beint í umsögn sinni með frumvarpinu um ein hjúskaparlög hafi verri leiðin verið valin og sú leið sem leiði til áframhaldandi deilna og átaka í samfélaginu. Ég tel það því rangt sem Karl segir í athugasemdum sínum við frumvarpið um ein hjúskaparlög að sátt hafi náðst í kirkju og samfélagi um hjónabandið og staðfesta samvist samkynhneigðra þegar álit kenningarnefndar íslensku þjóðkirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2007. Ég velti

⁴⁶ Sjá upptökur frá kirkjuþingi 2010 um 20. mál. Fyrri umræða. <http://kirkjuthing.is/upptokur>.

⁴⁷ Sjá upptökur frá kirkjuþingi 2010 um 20. Mál. Síðar i umræða. <http://kirkjuthing.is/upptokur>.

fyrir mér hvort að það ríki almenn sátt um þann skilning sem birtist í Hirðisbréfinu að það þurfi til samfellu andstæðna og gagnkvæmni kynjanna til að hjónaband sé gilt. Ríkir sátt um það að fólksfjölgunarforsenduna þurfi sem grunn, til þess að hjónaband teljist gilt gagnvart Guði og mönnum? Ég tel svo ekki vera. Mikilvægar vörður hafa litið ljós á veginum í átt að einum hjúskaparlögum og réttlátari hjónabandsskilningi hér á landi. Þar má nefna bók og greinar dr. Sólveigar Önnu Bóasdóttur, ritgerð sr. Bjarna Karlssonar og opinber skrif og barátta 91 guðfræðinga, djákna og presta sem stóðu að greinagerðinni sem rituð var með tillögunni um að prestastefna 2010 lýsti yfir stuðningi við ein hjúskaparlög. Það er dapurlegt hvernig kirkjunni hefur ekki tekist að nýta betur þessi merkilegu skrif þegar kemur að endurskoðun á hjónabandsskilningnum og þar er ritgerð Bjarna og bók Sólveigar Önnu með merkilegri framlögum til guðfræðilegrar umræðu um hjónabandið sem litið hafa dagsins ljós á síðastliðnum tíu árum. Um afar mikilvæga vegvísa er að ræða, sem kirkjan hefur ekki tekið mark á.

Ég tek undir með Sólveigu Önnu varðandi greiningu hennar á neikvæðum áhrifum orðalagsins í Hirðisbréfi Karls Sigurbjörnssonar biskups sem snýr að kynjaandstæðukenningunni og fólksfjölgunarforsendurnni og ég tel að leita þurfi nýrra fanga þegar kemur að því að meta gildi hjónabandsins til framtíðar. Ég hafna þeim rökum hjónabandsverndunarsinna sem fela í sér ofangreind rök og tel þau ekki fela í sér fullnægjandi sýn á hjónabandið við upphaf 21. aldarinnar. Ég tek einnig undir með sr. Bjarna Karlsyni þegar hann segir að ekki sé til einn hjónabandsskilningur og að myndin sé margfalt flóknari en hún virðist vera. Það er einmitt viðfangsefni næsta kafla að skoða greiningu John Witte, Jr. á hjónabandslíkönum hinna stóru kirkjudeilda í kirkjusögunni. Sú greining er mikilvæg þar sem hún auðveldar mér að staðsetja betur í hefðinni umræðuna hér á Íslandi síðastliðin tíu ár og hún auðveldar mér að auki að færa rök fyrir því að sagan hefur ekki fært okkur einn skilning á því hvað felist í því að vera í hjónabandi.

2. Greining á hjónabandslíkönum samkvæmt John Witte, Jr.

John Witte, Jr. skrifar bókina *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law in the Western Tradition*. Í þessari bók rekur hann sögu hjónabandsins og greinir þar fimm mismunandi hjónabandslíkön sem mótast hafa hjá fimm kirkjudeildum. Witte segir að

vestræn kristin kirkja hafi frá postullegu upphafi sínu sett fram fjögur sjónarhorn á hjónabandið. Það sé í fyrsta lagi *trúarlegt sjónarhorn* sem líti á hjónabandið sem andlega stofnun eða sakramentisstofnun sem sé sett undir játningar, trúarreglu og kirkjurétt trúarsamfélagsins. Í öðru lagi sé um að ræða *félagslegt sjónarhorn* sem líti á hjónabandið sem félagslega stofnun sem sé sett undir væntingar og kröfur staðbundinna samfélaga og ríkislöggjafar um samninga, eignir og erfðir. Í þriðja lagi sé það *samningssjónarhorn* sem lýsi hjónabandinu sem frjálsu félagi sem sé sett undir vilja og þarfir hjónanna, barna þeirra og heimilisins. Í fjórða og síðasta lagi sé um að ræða *náttúrulegt sjónarhorn* sem sé í bakgrunninum og lýsi hjónabandinu sem skapaðri stofnun og sé sett undir náttúruleg lög skynseminnar, meðvitundarinnar og Biblíunnar.⁴⁸

Að mati Witte eru þessi sjónarhorn í töluverðri spennu þar sem þau tengjast samkeppniskröfum um algert kennivald yfir formi og virkni hjónabandsins. Þetta eru samkvæmt honum kröfur sem koma frá kirkju, ríki, fjölskyldunni, Guði og náttúrunni.⁴⁹ Witte bendir á að það megi greina í sögunni að kaþólska kirkjan, lúterska kirkjan, kalvínska kirkjan og anglíkanska kirkjan ásamt hugsuðum upplýsingarinnar hafi sett fram kerfisbundin líkön sem leið til að svara mikilvægum spurningum sem snúi að hjónabandinu. Hver hópur hafi þekkt þessa ólíku sýn á hjónabandið, en gefið einu sjónarmiði forgang til að öðlast einn heildarskilning. Árangur þessa hafi gefið af sér fimm hjónabandslíkön í vestrænni hefð. Witte kýs að kalla þessi líkön eftirfarandi nöfnum: Kaþólskt sakramentislíkan, lúterskt félagslíkan, kalvínskt sáttmálslíkan, anglíkantskt samveldislíkan og samningslíkan upplýsingarinnar.⁵⁰

Markmið mitt í þessum kafla er að varpa ljósi á ákveðna þætti í greiningu Witte á mismunandi hjónabandslíkönum. Ég mun einblína á kaþólska líkanið, lúterska líkanið og anglíkanska líkanið. Það er í samræmi við þær hefðir sem eru til umfjöllunar í ritgerðinni, en íslensk umræða um hjónabandið kemur úr lúterskri hefð, Adrian Thatcher talar úr þeirri bresku og Christine Gudorf úr þeirri kaþólsku. Ég tel að með því að leggja áherslu á þessi þrjú líkön fái ég tæki í hendur til að greina nánar hina íslensku umræðu um hjónabandið sem var til umfjöllunar í síðasta kafla og þau geti gefið mér innsýn í það hvaða hugtök og

⁴⁸ John Witte, Jr, *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law* 1997, bls. 2.

⁴⁹ Sama, bls. 2.

⁵⁰ Sama, bls. 2-3.

hugmyndir eru ráðandi í hjónabandsguðfræði þessara stóru kirkjudeilda. En ég gef Witte nú orðið.

2.1 *Kapólskt sakramentislíkan*

Um upphaf kapólska sakramentislíkansins segir Witte að elstu kirkjulögin sem til eru, séu *Kenningar postulanna* frá 150 e. kr og *The teachings of the Apostles* frá 250 e. kr. Um þróun á kirkjulögum nefnir hann sjö kirkjuþing sem voru haldin á árunum 325-451 e. kr. Á þessum þingum hafi verið birt viðmið, sem Witte segir að hafi lýst í auknum mæli smáatriðum kristinnar hjónabands- og kynlífsiðfræði. Hér hafi biskupum, prestum og munkum ásamt öðrum þjónum kirkjunnar verið skipað í fyrstu að vera heiðvirðir, einkvænir og gagnkynhneigðir. Við lok fjórðu aldar hafi þeim síðan verið skipað að vera skírlífir, forðast hjónabönd og frillulífi, annars hafi þeir átt á hættu að missa embætti sín. Leikmenn hafi átt að lifa í rólegu gagnkynhneigðu hjónabandi með áherslu á einkvæni og forðast kynferðislegar syndir af öllum gerðum.⁵¹

Páll postuli setur fram í nokkrum bréfa sinna lastalista þar sem hann tilgreinir kynferðislegar syndir sem ber að varast. Má þar nefna meðal annars saurlífi, óhreinleika, frillulífi og svall. Þessir listar koma meðal annars fyrir í Galatabréfinu 5.19-21, 1. Kor 6.9-11 og Róm. 1.24-27.

Witte bendir á að bætt hafi verið við lista Páls alls kyns skipunum gegn dýrseðli, fjölkvæni og fjölveri. Ráðgjöf Páls til ekkna í fyrra Tímóteusarbréfi⁵² hafi að auki verið skilin sem fordæming á því að kona giftist aftur eftir dauða maka síns. Leikmönnum hafi verið bannað að giftast villutrúarfólki og heiðingjum og bannað hafi verið að giftast vegna hórdómsbrots.⁵³ Witte segir að þessi sama biblíukennsla hafi verið innblástur fjölda skýringarrita og predikana sem margir hinna stóru kirkjuféðra hafi flutt. Þeirra á meðal séu Ambrósíus, Ágústínus, Aþanasíus, Krýsóstóm, Klemens, Gregoríus frá Nyssa, Híerónýmus og Tertúllíanus.⁵⁴

⁵¹ Sama, bls. 19.

⁵² 1Tím.5.

⁵³ John Witte, Jr, *From Sacrament to contract. Marriage, Religion and Law* 1997, bls. 19.

⁵⁴ Sama, bls. 19.

Um kirkjuféðurna sem voru uppi fyrir 380 e. kr segir Witte að þeir hafi stillt skrifum sínum upp gegn hinu rómverska heimsveldi og samfélagi. Þeir hafi valið úr siðvenjur í rómversku samfélagi eins og mustervisvændi, frillulífi, samkynhneigð, sífjaspell, fjölkvæni, fóstureyðingar, útburð og misnotkun barna. Kirkjuféður, sem skrifuðu síðar, fengu aukið dálæti á meydómi, skírlífi og klausturlífi. Hann segir að þetta hafi jafnvel getað birst í hreinni andstöðu gegn samförum og jafnvel gegn hjónabandinu sjálfu. Seint á fjórðu öldinni hafi það verið algengt að litið væri á hjónabandið sem þá kristnu stofnun, sem hafi verið minnst að dyggðum og samfarir hafi eingöngu verið samþykktar með getnað að markmiði.⁵⁵

Ágústínus kirkjufaðir er einn af hinum stóru áhrifavöldum í kristinni hjónabandssiðfræði og erfitt að horfa fram hjá skrifum hans í þessu samhengi hjónabandsins. Witte tekur skoðanir hans um hjónabandið fyrir og segir að í skrifum Ágústínusar sé það uppspretta og tákni um varanlega einingu milli tveggja kristinna einstaklinga. Kenning Ágústínusar um gæði hjónabandsins sem felist í æxlun, trúfesti og sakramenti hafi verið heildstæðasta kenningin um hjónabandið sem kirkjuféðurnir hafi sett fram. Þó sé kenning hans aðeins forsmekkur kraftmikils sakramentislíkans sem kom fram á hámiðöldum. Witte bendir á að Ágústínus hafi ekki notað hugtakið *sakramenti* í samhengi hjónabandsins í þeirri merkingu sem síðar komi fram. Hjá Ágústínusi hafi sakramenti aðeins merkt *táknrænan stöðugleika*. Hann hafi sagt hjónabandið kristið sakramenti vegna varanleika þess. Síðari tíma kaþólskir guðfræðingar hafi snúið þessu við. Aðaltilgangurinn hafi verið að aðgreina kristið hjónaband m.a frá samtíma heiðnum hjónaböndum, frá árásum gnóstíkea og frá maníkeisma. Witte segir að markmið Ágústínusar hafi verið að sýna fram á að kristið hjónaband væri stöðug og varanleg eining. Æxlun hafi verið leyfileg þó hreinlífið væri andlega betra. Trúfestin gagnvart maka hafi verið meginmálið, jafnvel þó að getnaður væri náttúrulega ómögulegur.⁵⁶

Margaret A. Farley skrifar grein í bókinni *Sexuality and the Sacred. Sources for Theological Reflection*, sem hún nefnir *Sexual Ethics*. Í þeirri grein kemur hún inn á áhrif Ágústínusar á kristna kynlífssiðfræði. Farley segir að Ágústínus hafi fært rök fyrir gæðum hjónabandsins og fyrir fólksfjölgunarhyggjunni, en þessi rök hafi hann sett fram gegn

⁵⁵ Sama, bls. 19-20.

⁵⁶ Sama, bls. 22.

Maníkeisma.⁵⁷ Þrátt fyrir það hafi hann deilt með þeim neikvæðri sýn á kynferðislega löngun og talið hana vera tilhneigingu til illis. Hún segir að illska hjá Ágústínusi hafi merkt skort á réttri reglu, þó hafi sá möguleiki verið fyrir hendi að endurgera hina kynferðislegu löngun í samræmi við skynsemina og samþætta merkingu hennar við kærleikann til Guðs og náungans. Þetta gerist eingöngu samkvæmt Ágústínusi þegar samfarir hjóna hafi getnað að markmiði. Samfarir sem hafi ekki þennan tilgang séu að hans mati syndugar. Farley segir að þegar komi að tilgangi hjónabandsins hjá Ágústínusi þá sé hann þríþættur. Það sé velferð barnanna, trúfestin milli makanna og óuppleysanleiki sambands þeirra. Ágústínus skrifi á jákvæðan hátt um möguleikann á ást og félagsskap milli einstaklinga í hjónabandi en kynlífið fái ekki jákvætt hluverk í umfjöllun hans um hjónabandið.⁵⁸

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir sem gagnrýnt hefur syndaskilning hinnar kristnu kynlífshefðar í bók sinni *Ást, kynlíf og hjónaband*, segir að hann eigi ekki síst uppruna sinn hjá heilögum Ágústínusi sem hafi túlkað allt kynlíf í ljósi syndafallsins.⁵⁹ Hún bendir á að frá hans sjónarhorni hafi það verið óhugsandi að kynlíf gæti verið tjáning jafningja á gagnkvæmri ást. Slíkt jafningjasamfélag hafi ekki þekkt í menningu hans. Í þessu ljósi megi skilja þá túlkun hans að hjónabandið sé nauðsynlegt form mannlegrar samveru og byggist á lögum náttúrunnar sem kveði á um að nauðsynlegt sé að viðhalda mannkyninu og skapa nýjar kynslóðir. Þetta sé samkvæmt skilningi Ágústínusar, helsta og fremsta hlutverk hjónabandsins.⁶⁰ Að mati Farley hafi neikvætt mat Ágústínusar farið að veða þyngra og orðið meiri byrði þegar á leið.⁶¹

Um áframhaldandi þróun sakramentislíkans kaþólsku kirkjunnar, segir Witte að það hafi endanlega orðið til á miðöldum. Með því hafi verið lögð áhersla á að hjónabandið hafi verið stofnað af Kristi vegna virðingar við sakramentið. Þess vegna hafi hjónabandið verið sett undir andlegt lögsagnarumdæmi kirkjunnar. Sem sakramenti hafi hjónabandið verið sýnilegt tákni um ósýnilegt samband milli Krists og kirkjunnar. Hin líkamlega og andlega eining einstaklinga í hjónabandi var því táknræn. Tengslin milli eiginmanns og eiginkonu

⁵⁷ Maníkeismi byggir á kenningu persneska spámansins Mani sem var uppi á 3.öldinni eftir Krist. Kenningin gengur út á að alheimurinn sé vígvöllur góðra og illra afla, ljóss og myrkurs. Efnið er illt en andinn er góður. Sérhver mannvera er blanda af þessu tvennu og ljósneistinn sem er sálin þráir að frelsast úr viðjum hins ruddafengna efnis líkamans (Bryan Magee, *Saga heimspekinnar* 2002, bls. 50).

⁵⁸ Margaret A. Farley: „Sexual Ethics“ 1994, bls. 60.

⁵⁹ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 97.

⁶⁰ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 99.

⁶¹ Margaret A. Farley, „Sexual Ethics“ 1994, bls. 60.

voru óleysanleg líkt og tengslin á milli Krists og kirkjunnar⁶².⁶³ Witte segir að ekki hafi verið krafist ákveðinna formlegheita eða leiðbeininga af hálfu presta eða leikmanna í tengslum við hjónabandið, ólíkt hinum sakramentunum sex. Samviskan hafi verið leiðbeinandi þegar tekið var við þessu sakramenti og vitnisburður beggja aðila var talin nægjanleg sönnun þess að hjónabandið væri talið gilt ef um það væri deilt.⁶⁴

Hann undirstrikar að fræðimenn á 12. og 13. öldinni hafi endalaust deilt um hvaða skref í hjónabandsferlinu gerði það að sakramenti. Nokkrir höfundar sem hafi byggt á *Decretum Gratianusar* hafi haldið því fram að sakramentisnáðinni væri miðlað við fullnustu hjónabandsins við samfarir, þær séu lokaskrefið í hjónabandsferlinu. Að mati Witte kemur það mjög á óvart varðandi hjónabandssakramentið að það umbreyti samförum, sem séu syndugt verk lostans í andlegt verk með mikið táknrænt gildi.⁶⁵ Vitnað er í þessu samhengi í fleiri höfunda frá þessum tíma og þar á meðal John Duns Scotus. Hann hafi ítrekað að það væri blessun prests við kirkjuathöfnina sem geri hjónabandið að sakramenti. Þetta viðhorf hafi verið aðlaðandi þar sem það hafi verið í samhljómi við hlutverk prestsins í hinum sex sakramentunum. Þetta viðhorf sé þó í spennu við félagslegan og lagalegan raunveruleika, þar sem um mörg hjónabönd hafi verið samið og þau fullnuð án kirkjulegrar vígslu.⁶⁶

Witte bendir á að seint á 13. öldinni hafi það víðast hvar verið samþykkt að það væru einfaldlega skipti á loforðum milli hjónaefnanna sem hafi gert hjónabandið að sakramenti. Þetta hafi verið viðtekinn skilningur kirkjuréttarins. Hvorki hjónavígsla innan kirkjunnar né fullnusta hjónabandsins gegnum samfarir hafi orðið mikilvægt í sakramentisferlinu. Það hafi verið gagnkvæmur vilji til að eigast, raunveruleg eining hugans sem hafi komið af stað údeilingu á náð sakramentisins. Ávextir þeirrar náðar hafi komið fram í hjónabandinu eftir það. Þegar búið hafi verið að opna farveg fyrir sakramentisnáðina segir Witte að ekki hafi verið aftur snúið. Hjónaband sem samið hafi verið um á viðeigandi hátt, milli kristinna einstaklinga, í samræmi við náttúrulög, væri

⁶² Ég tel þetta sjónarhorn kaþólska sakramentislíkansins enduróma orð Páls postula í bréfinu til Efesusmanna, 5k.23-32.

⁶³ John Witte, Jr, *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law*1997, bls. 26.

⁶⁴ Sama, bls. 26.

⁶⁵ *Decretum Gratiani* var safn kirkjulaga sem voru skrifuð og safnað saman á 12. öldinni af lögfræðingi sem hét Gratianus.

⁶⁶ John Witte, Jr, *From Sacrament to contract. Marriage, Religion and Law*1997, bls. 28

óuppleysanlegt samband sem varanlega væri opið fyrir náð.⁶⁷ Tómas frá Akvínó sé sá sem hafi sett þetta vel fram í sínum skrifum. Witte vitnar í Tómas þar sem hann skrifar:

Þar sem sakramentin eru afleiðing þess sem þau tákna, þá er því trúað að náð sé miðlað gegnum þetta sakramenti til hjónanna. En samkvæmt því tilheyra þau einingu Krists og kirkjunnar. Það er þeim mjög nauðsynlegt þegar þau hugsa um holdlega og jarðneska hluti að þau fjarlægist ekki Krist eða kirkjuna. Þar sem samband eiginmanns og eiginkonu er ímynd Krists og kirkjunnar, þá á ímyndin að vera í samræmi við það sem frummyndin sýnir. Nú er eining Krists og kirkjunnar, eining einnar manneskju með annarri og hún á að vera þannig um eilífd. Það er aðeins ein kirkja...og Kristur verður aldrei aðskilinn frá kirkjunni sinni. Eins og hann segir sjálfur í síðasta kafla Matteusarguðspjalls...“Sjá ég er með ykkur allt til enda veraldar...“. Það sem þessu fylgir af nauðsyn er það að svo lengi sem hjónabandið er sakramenti kirkjunnar, þá verður það að vera samband sem er óuppleysanlegt.⁶⁸

Witte segir að Tómas hafi styrkt sakramentisrök sín fyrir óuppleysanleika hjónabandsins með hefðbundnum náttúrurökum kirkjufedranna. Að mati Tómasar hafi hjónabandið verið skapað til að ala börn. Þess vegna hafi það verið í samræmi við lög náttúrunnar að foreldrar safni fyrir börn sín þannig að börnin geti erfð foreldra sína. Þar sem börnin séu gæði hjónanna sameiginlega, þá verði hjónabandið að vera varanlegt í samræmi við boð náttúrunnar. Witte segir að það hafi verið þessi rök Tómasar um sakramentisgæði hjónabandsins sem hafi gefið rökunum um óuppleysanleikann bæði sannfæringarkraft og kirkjuréttarlegt afl.⁶⁹

Þessi skilningur á hjónabandssakramentinu tók á sig skýra mynd á 13. öldinni hjá guðfræðingum og fræðimönnum í kirkjurétti og sá skilningur gekk lengra en reglur Ágústínsar og gömlu kirkjufedranna, að mati Witte. Eins og fyrr segir hafi Ágústínus talið hjónabandið sakramenti til að sýna fram á táknrænan stöðugleika þess. Þrettánda aldar fræðimenn hafi metið hjónabandið sakramenti vegna andlegra áhrifa þess. Witte bendir á að

⁶⁷ Sama, bls. 28.

⁶⁸ Sama, bls. 28.

⁶⁹ Sama, bls. 29.

Ágústínus hafi sett á við og dreif í skrifum sínum fram vangaveltur um náttúrulegar, samningslegar og andlegar víddir hjónabandsins án þess að samþætta þær að fullu. Þrettánda aldar höfundarnir hafi spunnið þessar víddir hjónabandsins í eitt heildar sakramentisregluverk.⁷⁰ Hann segir að samtíma gagnrýnendur og þeir sem á eftir fylgdu, hafi litið á þessa nýju hjónabandsguðfræði sem tilraun til að koma hjónabandinu inn í kirkjuna og um leið undir hennar vald. Hver sem tilgangur höfunda á 12. og 13. öldinni hafi verið þá sé guðfræðileg uppbygging á sakramentislíkaninu verk snillinga, að mati Witte. Það hafi samþætt guðfræðilegar hugleiðingar um hjónabandið sem spanni þúsund ár og um leið hafi það séð fyrir margar af erfiðum spurningum um hjónabandið sem kirkjan hafi átt eftir að takast á við á komandi öldum. Witte segir að þetta sé það hjónabandslíkan sem liggi við hjarta rómversk-kaþólskrar guðfræði enn þann dag í dag, bætt og endurbætt öld fram af öld, en óbreytt í grundvallaratriðum.⁷¹

Witte veltir fyrir sér hver áhrif þessa hjónabandslíkans hafi verið. Að hans mati hafa þau í raun og veru verið mjög mikil á Vesturlöndum vegna þess að líkanið hafi bæði verið lagalegt og guðfræðilegt. Hann bendir á að í hinum vestræna heimi á 12.-15. öldinni hafi kirkjan ekki eingöngu verið stofnun fyrir sjálfboðaliða, sem séu samhuga í trú. Kirkjuréttarlöggjöfin kaþólska hafi ekki samanstaðið eingöngu af innri reglum um andlegan aga til að leiðbeina hinum trúföstu. Hún hafi verið eina almenna löggjöfin á Vesturlöndum, sem hafi náð yfir öll lögsagnarumdæmi og um leið hafi hún náð til alls fólks í Evrópu óháð landamærum. Hin miklu þjóðríki í Evrópu hafi ekki enn verið komin fram og Witte segir hið heilaga rómverska heimsveldi ekki enn hafa verið raunveruleiki. Að hans mati hafi rómversk-kaþólska kirkjan náð að byggja yfirburðastöðu sína hvað kennivald varðar, í þessu millibilsástandi sem myndaðist.⁷² Um þróun kirkjuréttarins undirstrikar Witte að kirkjan hafi krafist gríðarlegs lögsagnarumdæmis og valds til að kunngera lög og framfylgja þeim. Hún hafi krafist persónulegs lögsagnarumdæmis yfir prestum, pílgrímum, stúdentum, villutrúarmönnum, gyðingum og múslimum. Hún hafi krafist málefnalegs lögsagnarumdæmis yfir kenningunni, lítúrgíunni, kirkjueignum, verndurum, menntun, ölmusu, arfi, munnlegum lofordum, eiðum, siðferðislegum glæpum og hjónabandi. Kirkjan hafi sett fram kröfur sínar um lögsagnarumdæmið með vísun til þess að Kristur hafi afhent

⁷⁰ Sama, bls. 30

⁷¹ Sama, bls. 28.

⁷² Sama, bls. 30.

Péttri lyklana í Mt. 16.18 en það séu lyklar að þekkingunni til að greina orð Guðs og vilja. Að auki hafi þetta verið lyklar að valdi til að útfæra orð Guðs og framkvæma vilja hans með lögum. Witte segir að kirkjan hafi grundvallað þessa nýju kröfur sínar á hefðbundnu kennivaldi yfir formi og virkni hinna kristnu sakramenta. Á 15. öldinni hafi kirkjan safnað saman í kerfi kirkjuréttarins hinum sjö sakramentum skírnar, þakkargjörðar, iðrunar, prestsvígslunnar, smurningarinnar, fermingarinnar og hjónabandsins.⁷³ Hann segir að þessi lagaskjöl kirkjunnar hafi verið lengi í umferð sem stök skjöl en einnig sem stórar útgáfur hinna sex bóka sem síðar mynduðu saman *Corpus Juri Canonici*.⁷⁴

Um hjónabandið og kirkjuréttinn segir að lögin hafi þekkt þrjú ólík stig samþykkis á hjónabandi. Þessi stig séu eftirfarandi: 1) Trúlofunin eða loforð um hjónaband í framtíðinni. 2) Loforð um að brúðkaup eigi sér stað í nútíðinni, en það feli í sér satt og gilt samband jafnvel án samfara. 3) Fullnusta hjónabandsins þar sem samfarir eigi sér stað af fúsum og frjálsum vilja.⁷⁵ Witte bendir á að ekkert þessara stiga hafi krafist mikilla formlegheita til að þau væru tekin gild. Fyrstu tvö stigin hafi eingöngu krafist munnlegra skipta á orðum. Engra formlegra skrifa eða vitna hafi verið krafist fyrir trúlofunina. Engin yfirvöld hafi þurft að samþykkja ráðahaginn eða haft yfirumsjón með athöfninni. Fullnusta hjónabandsins gegnum samfarir hafi í raun krafist lítils annars en sjálfviljugrar þátttöku beggja aðila. Þvingaðar samfarir hafi þótt syndugar og jafnvel glæpsamlegar í einstaka öfgatilfellum.⁷⁶

Witte segir að í nútímalegum skilningi hafi skilnaður ekki verið leyfilegur samkvæmt kirkjuréttinum. Eftir að sakramentistengslin hafi verið uppfyllt hafi þau verið óleysanleg fram að líkamlegum dauða annars aðilans. Hugmyndafræðilega hafi þessi tengsl endurnýjast í eftirlífinu. Skilnaður í kirkjuréttarlegum skilningi hafi því eingöngu verið skilnaður á borði og sæng. Witte segir að skilnaður hafi verið talinn rof á hinum líkamlegu böndum en ekki hinum andlegu. Þetta komi fram í 13. aldar kirkjuréttarlegum texta sem bergmáli Peter Lombard⁷⁷.⁷⁸ Ef að gengið væri í annað hjónaband þó að fyrri maki væri

⁷³ Sama, bls. 31.

⁷⁴ Sama, bls. 31.

⁷⁵ Sama, bls. 32.

⁷⁶ Sama, bls. 32.

⁷⁷ Peter Lombard var guðfræðingur skólaspekinnar og biskup í París á 12. öldinni. Hann var höfundur að *The Four Books Of Sentences* sem varð síðar grundvallarrit í guðfræði.

⁷⁸ John Witte, Jr, *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law* 1997, bls. 36.

enn á lífi þá segir Witte að litið hafi verið á það sem tvíkvæni. Þetta hafi verið dauðasynd samkvæmt kirkjuréttinum og alvarlegur glæpur samkvæmt borgaralegum rétti.⁷⁹

Í lokin bendir Witte á varðandi sakramentislíkan rómversk-kaþólsku kirkjunnar að sett hafi verið saman á kerfisbundinn hátt biblíulegar kenningar, kenningar kirkjuféðranna og miðalda kenningar um hjónabandið í verki kirkjuþingins í Trent á árunum 1545-1563. Þar hafi verið komið á einingu innan kirkjunnar með endurbótum í anda hinna stóru kirkjuþinga fortíðarinnar.⁸⁰ Hann segir að þingið hafi meðal annars sett fram heildar löggjöf um hjónabandið. Löggjöfin sé kölluð *Tametsi* tilskipunin og sé frá árinu 1563. Í henni hafi þingið staðfest sakramentishjónabandslíkan miðalda en þar sé hjónabandið náttúruleg og andleg samningsstofnun sem sé sköpuð af föðurnum og helguð af syninum.⁸¹ Witte nefnir að kirkjuþingið hafi gefið leyfi til að undirbúa trúfræðslubók, sem hafi verið beint að börnum og fullorðnum sem sérstaklega vanti leiðbeiningar. Trúfræðslubók þessi hafi komið út árið 1566 og í henni megi finna meðal annars leiðbeiningar um áhrif og notkun hinna sjö sakramenta sem settar séu fram á tungumáli fólksins og útskýrðar fyrir fólki af sérhverjum sóknarpresti sem hafi haft uppfræðsluskyldu gagnvart almenningi.⁸²

Í trúfræðslubókinni er það kennt að þegar hjónaband hafi verið stofnað, þá sé það náttúrulegt samband og Witte segir að þar sem það hafi ekki verið stofnsett af manneskju heldur af náttúrunni og sem sakramenti þá séu áhrifin þau á hjónabandið að það umbreyti reglu náttúrunnar. Samkvæmt trúfræðslubókinni nefnir hann að það séu til þrjár ástæður fyrir tilvist hjónabandsins. Þær séu í fyrsta lagi samfélag eiginmanns og eiginkonu. Í öðru lagi sé hjónabandið mótefni gegn syndum lostans. Í þriðja lagi sé tilgangur hjónabandsins löngun eftir fjölskyldu, löngun til að skilja eftir sig erfingja, löngun til að erfa eignir og auð. Að lokum sé til staðar löngun til að ala börn upp í sannri trú og þjónustu við Guð.⁸³

Í þessari sömu trúfræðslubók segir Witte að það komi fram að hjónabandið færi þrenns konar blessun. Það færi með sér börn ef það sé Guðs vilji, það færi með sér trúfesti og að lokum sé það sakramenti. Hér í þessu samhengi sé sakramentið í ágústínskum skilningi sem stöðugleiki og varanleiki.

⁷⁹ Sama, bls. 36.

⁸⁰ Sama, bls. 36.

⁸¹ Sama, bls. 37.

⁸² Sama, bls. 39.

⁸³ Sama, bls. 40.

Witte ítrekar við lok greiningarinnar á sakramentislíkani rómversk-kaþólsku kirkjunnar að samantekt Trident þingsins á hjónabandsguðfræðinni hafi orðið útgangspunktur í rómversk-kaþólskum samfélögum. Sakramentislíkanið sem hafi orðið til á þessum tíma hafi síðan verið samþykkt út um allan hinn for-nútímalega rómversk-kaþólska heim.⁸⁴

2.2 Lúterskt félagslíkan.

Um hjónabandslíkanið sem kom fram með lútersku siðbreytingunni segir Witte að spurningar um hjónabandið hafi verið teknar upp af guðfræðingum og lögfræðingum siðbreytingarinnar alveg frá upphafi hennar. Upphafsmenn siðbreytingarinnar í Evrópu og á Englandi, Marteinn Lúther, Philip Melancton, Martin Bucer, John Calvin, Thomas Cranmer og Thomas Becon, hafi flutt langar predikanir og skrifað bæklinga um málefnið. Áhugi mótmælenda á hjónabandinu hafi í fyrstu verið knúinn áfram vegna guðfræði þeirra. Witte bendir á að mörg af kjarnamálum mótmælenda hafi verið bendluð við rómversk-kaþólska guðfræði hjónabandsins og gagnvart þeim kirkjulögum sem snúi að því. Þetta tvennt hafi verið ríkjandi í vesturheimi við dögum siðbreytingarinnar. Siðbreytingamönnum hafi þótt lögsagnarumdæmi rómversk-kaþólsku kirkjunnar yfir hjónabandinu sérstaklega svívirðilegt dæmi um valdarán kirkjunnar á veraldlegu valdi dómarans.⁸⁵ Sakramentishugmynd rómversk-kaþólsku kirkjunnar um hjónabandið hafi vakið upp djúpar spurningar um sakramentisguðfræðina og túlkun á ritningunni en Witte segir lögsagnarumdæmiskröfu kirkjunnar byggða á henni. Meinbugir kirkjulaganna á hjónabandinu, bannið við algjörum skilnaði, strangar reglur varðandi kynverundina, varðandi foreldrahlutverkið og menntun hafi staðið í spennu við túlkun siðbreytingarmanna á ritningunni.⁸⁶

Witte segir að áhugi þeirra á guðfræði og lagasetningum um hjónabandið hafi að auki verið knúinn áfram af pólitík. Margir hinna fyrstu leiðtoga siðbreytingarinnar hafi horfst í augu við harðar ofsóknir rómversk-kaþólsku kirkjunnar og pólitískra bandamanna hennar, vegna brota á hjónabandslögum kirkjunnar. Á meðal þeirra fyrstu hafi verið fyrrum prestar og fyrrum klausturfólk sem hafi yfirgefið embætti sín og reglur sínar og gengið í

⁸⁴ Sama, bls. 40-41.

⁸⁵ Sama, bls. 42.

⁸⁶ Sama, bls. 42.

hjónaband nánast um leið. Þær aðgerðir sem hafi orðið mikilvægur þáttur í að sýna siðbreytingunni táknrænan stuðning, hafi verið að ganga í hjónaband, skilja og ganga aftur í hjónaband. Þannig hafi fólk brotið opinberlega gegn lögum kirkjuréttarins.⁸⁷

Um nýja hjónabandsguðfræði siðbreytingarinnar, bendir Witte á að það hafi verið Marteinn Lúther sem hafi ráðist að hefðbundinni rómversk-kaþólskri hjónabandsguðfræði með miklum ákafa. Hann segir að lútersku umbótasinnarnir⁸⁸ hafi talið hjónabandið stofnað af Guði sem skyldu fyrir hina heilbrigðu og hjálp fyrir hina veiku. Skylda hjónabandsins eigi rætur sínar að rekja til skipunar Guðs um að karl og kona sameinist, hjálpi hvort öðru, eignist börn og ali þau upp sem þjóna Guðs. Ólíkt því sem þekkist hjá rómversk-kaþólskum, þá beri öllum manneskjum að taka á sig þessa skyldu og um leið að taka við gjöf hjónabandsins fyrir allt samfélagið og fyrir hverja manneskju innan þess.⁸⁹ Witte segir að umbótasinnarnir hafi litið á hjónabandið sem mikilvæga og sjálfstæða stofnun í sköpuninni. Samkvæmt þeirra skilningi sé hjónabandið grundvöllur samfélagsins. Hjónabandið sem félagsleg stofnun hafi átt að kenna öllum manneskjum, sérstaklega börnum, kristin gildi, viðmið og siðaboð.⁹⁰ Samkvæmt þeirra skilningi beri að líta á hjónabandið sem guðlega köllun og sem félagslega stöðu sem sé eftirsóknarverð. Witte bendir á að ekki hafi átt að líta á hjónabandið sem óæðri kost en hjónabandið sé ekki aðeins samfélagsleg skylda, heldur sé það einnig úrræði gegn kynferðislegri synd. Hjónabandið sé algjör nauðsyn fyrir syndugt mannkyn, því án þess geti brengluð kynverund mannsins kollvarpað jafnvel hinni guðhræddustu meðvitund. Skírlífið hafi verið Guðs að gefa, ekki kirkjunnar að krefjast.⁹¹

Löng rök lútersku umbótasinnanna um hjónabandið sem sé félagleg stofnun hafi um leið verið rök gegn náttúrulegu sakramentislíkani rómversk-kaþólsku kirkjunnar að mati Witte. Samkvæmt lúterskri kenningu segir hann að Guð hafi skapað tvö ríki sem mannkyni sé ætlað að lifa í. Þau séu annars vegar veraldlegt ríki og hins vegar andlegt ríki. Veraldlega ríkið sé svið sköpunarinnar, náttúrulegs og borgaralegs lífs, þar sem manneskjur starfi á sviði skynsemi, laga og ástríðu. Andlega ríkið sé svið endurlausnarinnar, svið andlegs og

⁸⁷ Sama, bls. 43.

⁸⁸ Á meðal þeirra eru Marteinn Lúter, Philip Melanchton, Martin Bucer, Johann Bugenhagen og Johannes Brenz.

⁸⁹ John Witte, Jr, *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law* 1997, bls. 48-49.

⁹⁰ Sama, bls. 49.

⁹¹ Sama, bls. 50.

eilífs lífs. Á þessu sviði starfi manneskjan á grundvelli trúar, vonar og kærleika. Þessi tvö ríki séu aðgreind og ólík. Veraldlega ríkið sé fallið og brennandi af synd. Andlega ríkið sé hólpið, endurnýjað af náð og bendi þannig á guðsríkið. Hjónabandið sé félagsleg stofnun í veraldlega ríkinu, þó það sé guðlega ákvarðað með heilagan tilgang, þá sé það eftir sem áður samkvæmt lútersku umbótasinnunum, veraldlegt og á yfirborðinu. Witte segir að samkvæmt kenningunni lúti hjónabandið veraldlegu valdi á meðan sakramentinn tilheyrir andlegu ríki trúar og hjálpræðis. Umbótasinnarnir hafi fært rök fyrir því að sem hluti af hinu veraldlega ríki, þá sé hjónabandið gjöf Guðs til allra, kristinna jafnt sem annarra.⁹² Witte bendir á að samkvæmt kenningu umbótasinnanna geti hjónabandið táknað fyrir allt fólk einingu Krists með kirkjunni sinni, en það eitt og sér geri það ekki að sakramenti.⁹³ Þetta var meðal annars hluti af þeim rökum sem 13. aldar rómversk-kaþólskir guðfræðingar notuðu, þeirra á meðal Tómas frá Akvínó, fyrir því að hjónabandið væri sakramenti eins og komið var inn á í kafla 2.1. Witte segir að aftur á móti hafi lútersk kenning sagt að sakramentinn séu gjafir og tákni um náð og séu loforð Krists um endurlausn og séu til fyrir þau sem trúa. Hjónabandið feli ekkert slíkt loforð í sér og krefjist engar slíkrar trúar. Það sé eftir sem áður veraldleg stofnun. Witte vitnar í Marteini Lúther sem skrifar⁹⁴ að hvergi í ritningunni lesum við um það að einhver meðtaki náð Guðs með því að ganga í hjónaband og hjónabandsrituálið gefi ekki í skyn að um guðlega stofnun sé að ræða. Af því að hjónabandið sé félagsleg stofnun, þá heyrir það undir borgaraleg lög og borgaralegt vald. Borgarlegur löggjafi hljóti vald sitt frá Guði og honum beri að framfylgja vilja Guðs. Þess vegna sé hjónabandið undir guðlegum lögum, en það sé prinsinn sem framfylgir þeim ekki prelatinn.⁹⁵

Witte bendir á að þegar kemur að samþykki þess efnis að ganga í hjónaband þá segi Lúther að Biblían geri ekki greinarmun á loforði í nútíð eða framtíð. Loforð sem gefið sé af fúsum og frjálsum vilja skapi gilt hjónaband frammi fyrir Guði og heiminum. Hjónaband sé svo fullkomnað með samförum.⁹⁶ Samkvæmt Lúther og fylgismönnum hans, sé ferlið þannig að áður en loforð um hjónaband sé gefið eigi að leita samþykkis foreldra, ættingja

⁹² Sama, bls. 51.

⁹³ Sama, bls. 52.

⁹⁴ Marteinn Lúther ræðir sakramenti rómversk-kaþólsku kirkjunnar í ritgerð sem hann birti árið 1520 og nefnir *On The Babylonian Captivity Of The Church*.

⁹⁵ John Witte Jr, *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law* 1997, bls. 52.

⁹⁶ Sama, bls. 56.

eða tilsjónarmanna. Síðan sé loforðið gefið opinberlega í votta viðurvist. Áður en hjónabandið sé fullkomnað beri að endurtaka eiðinn í kirkju með blessun prests og skrá það opinberlega í kirkjubók. Witte segir að með þessu hafi Lúter gert hjónabandið að opinberri stofnun með því að mæla með aðkomu þriðja aðila í hjónabandsferlinu.⁹⁷

Witte ítrekar við lok umfjöllunar hans um lúterska félagslíkanið að lúterskir umbótasinnar hafi unnið innan vestrænnar hjónabandshefðar. Þrátt fyrir að þeir hafi verið fullir af djörfum endurbótarhugmyndum, þá hafi þeir varðveitt mikið af rómversk-kaþólskri hefð. Hin nýja borgaralega löggjöf hafi átt djúpar rætur í kirkjuréttinum, sem hún hafi leyst af hólmi. Hann segir að það sem umbótamennirnir hafi þó lagt til, sé nýtt félagslíkan sem standi samhliða sakramentislíkaninu innan vestrænnar hefðar.⁹⁸

2.3 Breskt samveldislíkan

Um siðbreytinguna í Bretlandi segir Witte að ferlið hafi gengið hægar fyrir sig eða í um þrjár aldir. Breskir guðfræðingar hafi á þeim tíma þróað nýtt samveldisslíkan (e. *commonwealth*). Hann segir anglíkönsku siðbreytinguna hafa haft hringlaga nálgun. Róttækar guðfræðilegar og lagalegar endurbætur á hjónabandinu hafi komið fram í einni kynslóð en verið afnumdar í þeirri næstu þegar hefðbundin gildi hjónabandsins hafi verið endurreist á ný.⁹⁹ Witte nefnir Thomas Cranmer og Thomas Becon sem leiðtoga í fyrstu bresku siðbreytingunni en þeir hafi leitast við að bola burt hjónabandslöggjöf rómversk-kaþólska kirkjuréttarins sem enska guðfræðin hafi tekið í arf og þeir hafi viljað innleiða hin nýju viðmið mótmælenda. Þeir hafi afnumið hið hefðbundna sakramentislíkan og sett fram ýmis sáttmáls- og félagslíkon sem þeir fengu að láni frá meginlandinu, sérstaklega frá Heinrich Bullinger og Martin Bucer.¹⁰⁰

Witter segir að önnur umferð í anglíkönsku siðbreytingunni hafi átt sér stað á umrótasamri 17. öldinni þegar veldi Stuartanna var brotið á bak aftur í ensku borgarastríðunum á árunum 1640-1660 og útrýmt árið 1689 í hinni miklu byltingu (e. *the*

⁹⁷ Sama, bls. 57-58.

⁹⁸ Sama, bls. 73.

⁹⁹ Sama, bls. 130.

¹⁰⁰ Sama, bls. 130-131.

glorious revelation).¹⁰¹ Hann bendir á að afdrifaríkustu breytingarnar á hjónabandinu í þessari annari umferð, hafi verið guðfræðilegar. Með tilraun til að vernda og víkka út enska hjónabandslöggjöf hafi breskir guðfræðingar¹⁰² þróað nýtt samveldislíkan um hjónabandið.¹⁰³

Samkvæmt þeirri kenningu segir Witte að hjónabandið sé tilskipað af Guði sjálfum til að vera grunnur og skóli fólks í breska samveldinu og í kirkjunni.¹⁰⁴ Þessi viðhorf hafi verið einkennandi fyrir breska 17. aldar guðfræðinga sem hafi tekið upp á arma sína sakramentislíkanið, félagslíkanið og sáttmáslíkanið og gengið lengra. Nauðsyn, ástand og köllun hjónabandsins í breska samveldinu hafi átt að þjóna og tákna samveldið sjálft. Hin sameiginlegu gæði séu hjónin, börnin, kirkja og ríki.¹⁰⁵ Breska samveldislíkanið hafi að mati Witte styrkt hefðbundið stigveldi eiginmanns yfir eiginkonu, foreldris yfir barni, kirkju yfir heimili og ríkis yfir kirkju. Samveldislíkaninu hafi að auki tekist að umfaðma ýmis konar biblíulegar kenningar sem tengjast þessum embættum.¹⁰⁶

Witte segir að guðfræðingar¹⁰⁷ á 17. öldinni hafi byrjað þar sem Martin Bucer og Tomas Becon hafi endað á 16. öldinni eða á þeirri hugsun að hjónabandið sé sameiginleg velferð, skapað sem sameiginleg gæði fyrir alla. Þeir hafi byggt samveldislíkanið á náttúrulegum og biblíulegum rökum og litið á samtengingu ríkis, kirkju og fjölskyldunnar sem veraldlegt form andlegrar stjórnar.¹⁰⁸ Witte vitnar í Dudley Fenner sem skrifar að hið guðlega stjórnarfar, faðir, sonur og heilagur andi endurspeglar stjórnarsáttmála ríkis, kirkju og fjölskyldu.¹⁰⁹ Hinir bresku guðfræðingar hafi trúað því að heimilið í þessu samveldi hafi verið byggt upp sem stigveldi á grundvelli sköpunarsagnanna tveggja og frásögunnar af syndafallinu í 1. Mósebók samkvæmt Witte. Sem erfingi Evu hafi hver kona lotið

¹⁰¹ Sama, bls. 131.

¹⁰² Í þessu samhengi fjallar Witte sérstaklega um þá Thomas Becon, Heinrich Bullinger og Martin Bucer sem settu fram kenningu um hjónabandið sem lítið „*Common weale*“ á 16.öldinni. Hér má nefna sem dæmi áherslu Bucer á ytri sameiginleg gæði heimilishaldsins fyrir kirkju, ríki og hins víðara samveldis. Bullinger lagði meðal annars áherslu á innri sáttmálskyldur heimiliskærleikans, hollustu og stuðnings milli eiginmanns og eiginkonu og milli foreldra og barna (Sjá bók Witte, bls. 153).

¹⁰³ John Witte, Jr, *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law* 1997, bls. 131.

¹⁰⁴ Sama, bls. 131.

¹⁰⁵ Sama, bls. 131.

¹⁰⁶ Sama, bls. 131.

¹⁰⁷ Hér nefnir Witte menn eins og William Perkins, Robert Cleaver, Daniel Rogers, William Gouge sem allir skrifa á þessum nótum á 17. öldinni í Bretlandi. Einnig má nefna anglíkanska kirkjumenn eins og Lancelot Andrewes, John Cosin og Jeremy Taylor.

¹⁰⁸ John Witte, Jr, *From Sacrament to Contract, Marriage, Religion and Law* 1997, bls. 167.

¹⁰⁹ Sama, bls. 167.

eiginmanni sínum og saman hafi hjónin ríkt yfir börnum sínum og öðru sem tengst hafi heimilishaldinu. Hvert þessara hlutverka í fjölskyldustigveldinu hafi verið bundið ákveðnum skyldum sem hafi átt rætur í biblíulegum og náttúrulegum rökum.¹¹⁰

Witte ítrekar að samkvæmt þessum skilningi hafi karl og kona ekki aðeins verið að ganga í sáttmálssamband með hvort öðru og Guði, líkt og mótmælendur á meginlandinu boðuðu. Þau hafi ekki heldur verið táknmynd leyndardómsfulls sambands Krists og kirkjunnar líkt og rómversk-kaþólskir hafi boðað. Nei, hér hafi hjónin á áhrifamikinn hátt verið að ganga í sáttmálssamband með kirkjunni og breska samveldinu í fortíð, nútíð og framtíð. Árangursríkt hjónband hafi fært mikil laun, mislukkað hjónaband mikil harðindi.¹¹¹ Witte segir að hjónabandsferlið hafi krafist formlegrar trúlofunar þar sem hjónavígslunni hafi verið frestað til þess að fólk gæti metið samhæfni hjónaefnanna og samfylgdarhæfi (e. *companionability*) þeirra. Krafist hafi verið samþykkis foreldra eða tilsjónarmanna, þar sem þau hafi táknað visku fyrri kynslóða í samveldinu. Að auki hafi verið krafist hjónavígslu prests og samþykkis yfirvalda, þar sem þau öfl hafi táknað núverandi yfirvöld í samveldinu. Að lokum bendir Witte á að krafist hafi verið löngunar til að geta börn og hæfni til að mennta, þar sem börnin hafi verið verðandi þegnar í samveldinu. Þetta hafi verið jafnt í þágu fjölskyldunnar, kirkjunnar og ríkisins.¹¹² Heimilissamveldið var grundvöllur breska samveldisins samkvæmt Witte.¹¹³

Um sakramentishugmyndina segir Witte að anglíkanar á 17. öldinni hafi haldið áfram að tala um sakramentiseiginleika hjónabandsins. En þeirra hugmyndir hafi verið í ætt við hugmyndir Ágústínusar um sakramenti frekar en að þeir hafi tekið upp skilning rómversk-kaþólsku kirkjunnar á sakramentiseiginleikum hjónabandsins. Hann bendir á að hjá anglíkönnum sé hjónabandið talið hafa sakramentiseiginleika af því að það sé varanlegt en þessu sé öfugt farið hjá rómversk-kaþólskum.¹¹⁴

Um þróun breska samveldislíkansins segir Witte að í því byltingarkennda ástandi sem hafi myndast í Englandi á 17. öldinni hafi enska skáldinu John Milton og enska heimspekingnum John Locke tekist að snúa þessu samveldislíkani hjónabandsins á hvolf. Þeir hafi bókstaflega umbylt líkingunni. Samkvæmt Witte hafi Milton einblínt á upplausn

¹¹⁰ Sama, bls. 168.

¹¹¹ Sama, bls. 174.

¹¹² Sama, bls. 174.

¹¹³ Sama, bls. 175.

¹¹⁴ Sama, bls. 176.

hjónabanda og hann hafi fært rök fyrir því að mislukkuð bresk hjónabönd væru í samræmi við mislukkað breskt samveldi og leyfa ætti fólki að ganga frjálst frá borði og sæng og endurskipuleggja sig upp á nýtt. Locke hafi hins vegar einblínt á hjónabandsstofnunina og hann hafi fært rök fyrir því að hjónabandið, líkt og samveldið, ætti að móta og viðhalda og leysa upp í samræmi við þann samning, sem sé gerður milli karls og konu sem séu frá náttúrunnar hendi frjáls og jöfn.¹¹⁵

Witte segir að John Locke hafi skrifað um endurbætur sínar á samveldislíkingunni í *Two Treatises of Government* frá árinu 1698.¹¹⁶ Í þeim skrifum sínum hafi hann leitast við að hrekja einveldiskenningu Robert Filmer¹¹⁷ um ríkistjórn en hún hafi verið hinn hefðbundni grundvöllur samveldislíkansins.¹¹⁸ Locke hafi hafnað stigveldistúlkun á sögunni um Adam og Evu. Karl og kona hafi verið sköpuð jöfn frammi fyrir Guði. Hans túlkun hafi einnig verið sú að karl og kona séu sköpuð jöfn í ríki náttúrunnar og hver samningur sem gerður sé við aðra persónu, sé sjálfráða. Þar á meðal hjónabandssamningurinn.¹¹⁹

Witte undirstrikar að Locke hafi sett fram sjálfstæða náttúrlega samningskenningu um hjónabandið á umrótatímum í Bretlandi sem hafi reynst hagstæð. Hún hafi hjálpað til við að hrinda af stað þróun á ensk-amerískri kenningu og lagasetningu um hjónaband og fjölskyldu, sem þegar fram í sótti hafi ekki lengur verið háð guðfræðilegum kenningum eða lagalegu hlutverki kirkjunnar. Það hafi að lokum verið vangaveltur upplýsingarinnar um hreint samningslíkan sem tóku þessar endurbætur alla leið að rökréttri niðurstöðu sinni.¹²⁰

Það er ekki ætlun mín að fara náið út í þær breytingar sem verða á hjónabandinu með hugmyndum upplýsingarinnar. Ég vil þó aðeins í lokin koma rétt inn á inntak þess hjónabandslíkans til að gefa innsýn í áframhaldandi þróun á hugmyndum um hjónabandið. Einn af frumkvöðlum þeirrar nýju hugsunar var meðal annarra John Stuart Mill en hann var leiðandi í frjálshyggjumræðu á 19. öldinni. Witte greinir frá aðalinntaki þess hjónabandslíkans sem þróaðist á þessum tíma og segir að hugsuðir upplýsingarinnar hafi lagt grunn að afstöðu sinni í nýrri veraldlegri guðfræði. Í fyrsta lagi sé inntak hjónabandsins

¹¹⁵ Sama, bls. 179.

¹¹⁶ Sama, bls. 186.

¹¹⁷ Sir Robert Filmer var enskur stjórn málafræðingur sem varði guðlegan rétt algjör konungsveldis á 16. öldinni í Bretlandi.

¹¹⁸ John Witte, Jr, *From Sacrament to Contract. Marriage, Religion and Law* 1997, bls. 187.

¹¹⁹ Sama, bls. 188.

¹²⁰ Sama, bls. 193.

samkvæmt þeim ekki táknerfi sakramentisins, ekki sáttmálsfélag þess, ekki félagsleg þjónusta við samfélagið eða samveldið eins og venjulega hafi verið kennt. Inntak hjónabandsins sé sjálfráða samningur milli tveggja einstaklinga, þar sem skilmálarnir séu settir af einstaklingunum sjálfum í samræmi við almennar samningareglur og almennar venjur samfélagsins. Slíkar reglur og venjur hafi krafist virðingar fyrir lífi, frelsi og eignum og fylgni við almenn viðmið varðandi heilsu, öryggi og velferð í samfélaginu. Inntak og virkni hjónabandsins hafi átt að vera einkamál einstaklinganna sjálfra.¹²¹ Witte bendir á að hugsuðir upplýsingarinnar hafi byggt hjónabandsskilning sinn á nýrri guðfræði Deisma, einstaklingshyggju og rökhyggju. Ný guðfræði Deismans hafi grafið undan þeirri hefðbundnu hugmynd að Guð sé nauðsynlegur aðili að hverjum hjónabandssamningi eða að kirkjan sé nauðsynleg í hverju einasta áformi um hjónaband.¹²² Í öðru lagi hafi ekki verið lengur litið á einstaklinginn sem syndara, sem stöðugt leiti að eilífu hjálpræði eða sem dýrling sem leiti stöðugt að guðlegri köllun innan kirkjunnar, ríkisins eða heimilisins. Grundvallaratriði í guðfræði upplýsingarinnar sé sá að hver einstaklingur sé skapaður jafnt að virðingu og dyggðum með rétt til lífs, frelsis og eigna. Einstaklingurinn geti því af eigin rammleik leitað að hamingju án þess að annar einstaklingur komi þar að. Hefðbundinn hjónabandsskilningur hafi því verið talinn tímaskekkja.¹²³ Í þriðja lagi bendir Witte á að skynsemin sé ekki lengur skilin sem þerna opinberunarinnar. Einstaklingur geti sjálfur tekið þátt í ferli rökhyggjunnar.¹²⁴

Witte segir að þessi skilningur hafi hrundið af stað byltingu 20. aldarinnar á vestrænum hjónabandslögum.¹²⁵ Afleiðingar þessara endurbóta séu þær að auðveldara sé að gera hjónabandssamninga og auðveldara sé að leysa þá upp. Konur hafi fengið aukna vernd og börn einnig. Að auki bendir hann á að ungar konur hafi fengið aukið frelsi til að hafna og/eða fresta hjónabandi.¹²⁶ Hjónabandslöggjöf og fjölskyldulöggjöf ríkisins hafi fengið æðri stöðu en trúarleg lög og hafi haft vinninginn ef komið hafi til deilna. Frumtakmark hugsuða upplýsingarinnar hafi leitast við að hreinsa hefðbundið heimilishald og samfélag af

¹²¹ Sama, bls. 196-197.

¹²² Sama, bls. 197.

¹²³ Sama, bls. 197.

¹²⁴ Sama, bls. 197.

¹²⁵ Sama, bls. 198.

¹²⁶ Sama, bls. 207.

of miklu karlveldi, feðraveldi og tepruskap. Tilgangur þeirra hafi verið sá að gera hjónabandið raunverulegra í augum fólks.¹²⁷

2.4 Niðurstaða

Hér er það tilgangur minn að draga saman helstu einkenni hvers hjónabandslíkans fyrir sig og sjá hvort að hægt sé að finna einhverju þeirra stað í samtíma umræðu um hjónabandið. Ef ég tek fyrst fyrir rómversk-kaþólska sakramentislíkanið þá eru mikilvæg að mínu mati áhrif Ágústínusar en eins og Witte segir í bók sinni þá er það hann sem setur fram heildstæðasta umfjöllun um hjónabandið af þeim kirkjufeðrum sem eru að skrifa um það. Að auki skiptir hér máli endanleg mynd þessa hjónabandslíkans sem kemur fram á 13. öldinni í skrifum manna eins og Tómasar frá Akvínó. Það sem mér þykir afar áhugavert er annars vegar það sem Farley segir um það að Ágústínus telji það mögulegt að endurgera hina kynferðislegu löngun í samræmi við skynsemina en það gerist þegar samfarir hafi getnað að markmiði. Það hlýtur því að vera óskynsamlegt samkvæmt sömu rökum að stunda samfarir þegar getnaður er ekki markmiðið. Að auki er athyglisvert í samhengi umræðunnar um Ágústínus það sem dr. Sólveig Anna Bóasdóttir segir í bók sinni *Ást, kynlíf og hjónaband* að á tíma Ágústínusar hafi ekki verið þekkt jafningjatengsl og ómögulegt hafi verið að kynlíf gæti tjáð gagnkvæma ást einstaklinga til hvors annars. Með þau orð Sólveigar Önnu í huga hafna ég þeim rökum að kynlíf sé aðeins skynsamlegt þegar það hefur getnað að markmiði og sé einungis leið til að viðhalda mannkyni og skapa nýjar kynslóðir. Það sem skiptir meginmáli hér er að sú heimsmynd sem Ágústínus miðlar er ekki heimsmynd sem miðlað er í dag, árið 2010. Þrátt fyrir það er enn vitnað í guðfræði hans um hjónabandið eða þá að hún er undirliggjandi í skrifum nútíma guðfræðinga um hjónabandið sem einhliða stofnun karls og konu. Hér er um mótsögn í málflutningi þeirra að ræða og ég tel að hér verði ekki bæði haldið og sleppt. Heimsmynd sem boðar að kynlíf sé tjáning á gagnkvæmri ást og hefur jafningjasamskipti að leiðarljósi, óháð kyni, kynþætti og kynhneigð á að vera upphafspunktur guðfræði hjónabandsins á 21. öldinni. Með því er um leið hafnað öllum tilvísunum í heimsmynd og guðfræði sem byggir á samskiptum sem fela

¹²⁷ Sama, bls. 208.

ekki í sér jafningatengsl. Í því felst að við höfnum sýn Ágústínusar á hjónabandið eins og hún er sett fram hér í kafla 2.1.

Ef einkenni sakramentislíkansins eru dregin saman eins og þau koma fyrir hjá Witte er nærtækast að skoða þá mynd sem Tómas frá Akvínó setur fram á 13. öldinni. Styrkleiki líkansins felst í því hjónabandið er talið stofnað af Kristi og það er um leið sett undir andlegt lögsagnarumdæmi kirkjunnar. Hjónabandið er sýnilegt tákni um ósýnilegt samband Krists og kirkjunnar og samkvæmt þeim skilningi sakramenti¹²⁸. Tengslin á milli eiginmanns og eiginkonu eru óleysanleg vegna þess sem þau tákna, en það er samband Krists og kirkjunnar. Það er raunveruleg eining hugans sem kemur af stað útdeilingunni á náð sakramentisins. Sakramentið er í samræmi við náttúrulög. Börnin eru gæði hjónabandsins og þess vegna verður það að vera varanlegt. Hjónabandið er bókstaflega skapað til að geta og ala upp börn. Það er opinberlega samþykkt kynlífssamband karls og konu og hér tel ég að rök Karls Sigurbjörnssonar eigi heima fyrir útilokandi hjónabandsskilningi bæði í skrifum Hirðisbréfsins og í athugasemdum við frumvarpið um ein hjúskaparlög. Ég vitnaði í orð dr. Sólveigar Önnu Bóasdóttur í kafla 1.1 um að rök þeirra sem vernda hjónabandið sem einhliða samband karls og konu, séu í ætt við kaþólska guðfræði. Að mati Sólveigar Önnu virðist svar Einars Sigurbjörnssonar í pistlinum *Hjónaband-samvist-sambúð* fljótt á litið sverja sig meira í ætt við kaþólska guðfræði en lúterska, en opinber skoðun kaþólsku kirkjunnar er sú að sérhver kynlífsathöfn hjóna eigi að vera opin fyrir getnaði. Ég er á þeirri skoðun að margt í umfjöllun þeirra til að vernda hjónabandið endurómi þessi sömu rök. Ég tel að kynjaandstæðukenning Karls Sigurbjörnssonar og fólksfjölgunarhyggjan sem birtist í skrifum Einars Sigurbjörnssonar sé í ætt við kaþólska hjónabandskenningu. Einnig má nefna hér rök hjónanna Einars Karls Haraldssonar og Steinunnar Jóhannesdóttur fyrir hjónabandi karls og konu. En undirliggjandi í þeirra skrifum er að hjónabandið sé rammameningur utan um barneignir og þess vegna þurfi karl og konu til að stofna til slíks samnings. Sakramentislíkan rómversk-kaþólsku kirkjunnar er í raun og veru slíkur rammameningur, þar sem mótað er form utan um kynverund sem er í eðli sínu slæm en fær réttlætingu ef hún er iðkuð innan lögmæts ramma sem er hjónabandið og hefur þann tilgang að geta börn. Það er mat mitt að

¹²⁸ Ég tel að hér sé verið að túlka textann í 5. kaflanum bréfi Páls til Efesusmanna og út frá þeim texta telji menn hjónabandið sem sakramenti.

Það sé í raun ekkert tilfinningalegt við þessa sýn á hjónabandið og ekkert sem gefur til kynna að samband einstaklinganna sem til þess stofna þurfi nauðsynlega að vera vegna gagnkvæmrar ástar. Það sem er alltaf undirliggjandi í umræðunni er kalt mat á formið en ekki á tilfinningalegt gildi og inntak hjónabandsins. Þetta sama viðhorf hefur verið ríkjandi í íslenskri hjónabandsumræðu á síðastliðnum tíu árum, áhersla á formið og að hjónabandið sé rammi utan um opinbert kynlífssamband karls og konu. Það sé stofnað til að vernda börn og ala nýja kynslóðir. Þannig séu hjónin samverkamenn í sköpuninni með Guði, með því að skapa nýjar kynslóðir eins og kemur fram í pistli Einars Sigurbjörnssonar. Ég hafna þessum rökum á sama grundvelli og ég hafnaði rökum Ágústínusar hér að ofan og tel þau ekki gagnast í umræðunni um hjónabandið til framtíðar þar sem þau rök miðla ekki heimsmynd sem þekkir jafningjatengsl og þau viðhalda um leið ríkjandi yfirráðum karla yfir konum.

Um helstu einkenni lúterska félagslíkansins er það að segja að sýn á kynverundina breytist lítið og er hún enn brengluð og mannkyn syndugt. Þess vegna er hjónaband nauðsyn. Stærsta og veigamesta breytingin er sú að hjónabandið missir stöðu sakramentis hjá Lúther og fylgismönnum hans. Rök Lúthers um að hjónabandið sé félagsleg stofnun eru um leið rök gegn sakramentislíkani rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Að mati Lúthers er hjónabandið félagsleg stofnun í hinu veraldlega ríki og þó að það sé guðlega ákvarðað þá er það samt veraldlegt og á yfirborðinu. Samkvæmt þessari kenningu getur hjónabandið vel táknað einingu Krists með kirkjunni en það eitt og sér gerir það ekki að sakramenti. En hér er ég einmitt komin að aðalrökum Rómversk-kaþólskra fyrir sakramentiseiginleikum hjónabandsins. Lúther les textann í 5. kafla Efesusbréfsins á annan hátt en þeir guðfræðingar í rómversk-kaþólsku kirkjunni, sem voru að túlka hann á 13. öldinni. Lúther segir að sakramentinu séu gjafir og tákni um náð. Þau eru loforð Krists um endurlausn og eru til fyrir þau sem trúa. Að mati hans felur hjónabandið ekkert slíkt í sér. Það er félagsleg stofnun og heyrir undir borgaraleg lög og borgaralegt vald. Með því að mæla með aðkomu þriðja aðila við stofnun hjónabandsins, samþykki foreldra og blessun prests í kirkju, gerir Lúther svo hjónabandið að opinberri stofnun. Stærsta og veigamesta breytingin er höfnun hans á sakramentiseiginleikum hjónabandsins, þar með er það til fyrir alla en ekki bundið við kristna eingöngu. Einnig ræðst hann gegn kirkjuréttinum og segir að hjónabandið sé háð borgaralegum lögum og borgaralegu valdi. Hann tekur hjónabandið undan lögsagnarumdæmi kirkjunnar og afhendir það veraldlegum valdhafa. Hann ræðst í raun

alveg inn að hjarta kirkjunnar en þar eru sakramentin annars vegar og kirkjurétturinn hins vegar. Þó að mörg laganna úr kirkjuréttinum hafi flust inn í veraldlega löggjöf, þá er það djörfungin í skrifum Lúthers sem vekur athygli.

Það er mat mitt að þessa sömu djörfung sé að finna hjá þeim sem hafa gagnrýnt hefðbundinn hjónabandsskilning í umræðunni hér á landi og mótmælt þeim sem hafa talað fyrir því að vernda eigi hjónabandið sem stofnun karls og konu. Ég tel að þau sem hafa þorað að setja fram nýja túlkun á hjónabandinu, þau sem hafa þorað að horfa á gamla og oft og tíðum kúgandi texta, í ljósi sögulegs samhengis þeirra og um leið beitt nýjum rannsóknaraðferðum¹²⁹ við túlkun á þeim, feti í þau fótspor sem lútersk hefð hefur skilað okkur. Yfirstjórn íslensku þjóðkirkjunnar hefur hunsað framlag þeirra í viðleitni sinni til að vernda ríkjandi hefðir og gildi. Ég tel að hér standi málsvarar nýrrar hjónabandshugsunar styrkum fótum í lúterskri-mótmælendahefð með atferli sínu og djörfung.

Anglíkanska hjónabandshefðin á ekki mikla sögu í umræðuhefð á Íslandi. Ég ætla þó rétt að fara yfir helstu atriðin sem komu fram í umfjöllun um hana, þar sem að það hefur áhrif á það hvernig hægt er að nálgast skrif breska guðfræðingsins Adrian Thatcher í næsta kafla ritgerðarinnar. Það sem mér finnst athyglisvert í umfjölluninni um breska samveldislíkanið er það, að það er í raun og veru lang íhaldsamasta líkanið af þeim hjónabandslíkönum sem Witte greinir. Það sem er kaldhæðið við þá íhaldsömu mynd af hjónabandinu sem birtist í þessari anglíkönsku hefð er að í henni myndast einhver frjálsslyndasta sýn á hjónabandið sem kemur fram á þessum tíma en það gerist í skrifum John Milton og John Locke sem hefur síðan áhrif á hugsuði upplýsingarinnar og hreina samningskenningu þeirra. Í samveldislíkaninu breska tel ég að 5. kafla Efesusbréfsins komi enn og aftur fyrir, ásamt syndafallsögunni í 1. Mósebók. Í sakramentislíkaninu hefur umfjöllunin um Efesusbréfið þau áhrif að hjónabandið er talið hafa sakramentiseiginleika, Hjá Lúther táknar það einingu Krists og kirkjunnar án sakramentiseiginleikanna og hjá anglíkönnum leggja þeir áherslu á stigveldið og þar undirliggjandi er textinn í 5. kafla Efesusbréfsins vers 23-32.

Anglíkanarnir segja að hjónabandið endurspegli regluna í ríkinu, þar sem eigenmaður er yfir eiginkonu og þau ríkja yfir börnum sínum og öðru heimilishaldi. Sama

¹²⁹ Hér má nefna meðal annars rannsóknir í kvenna- og kynjafræðum, félags- og menningarsögulegar rannsóknir og rannsóknir í merkingarfræði.

regla endurspegli regluna í ríkinu, þar sem konungsríkið í Bretlandi er guðlegt einveldi. Hjónabandið er því á sama hátt guðlega ákvarðað einveldi þar sem eiginmaðurinn hefur sama vald yfir heimilinu og konungurinn yfir ríkinu. Hjónabandið hafi ekki sakramentiseiginleika í skilningi rómversk-kaþólsku kirkjunnar en byggi á skilningi Ágústínusar, það er sakramenti af því að það er varanlegt.

Það getur ekki talist undarlegt að í því umróti sem varð á 17. öldinni í Bretlandi og í byltingunni sem átti sér stað, að róttæk skrif um hjónabandið hafi komið fram sem gagnrýni á þessa stigveldisreglu sem birtist í hjónabandinu á sama hátt og hún var iðkuð til að kúga almenning af yfirvaldinu. Skrif John Milton og John Locke eru gríðarlega róttæk miðað við þann tíma sem þau koma fram á og umfjöllun Locke um að karl og kona séu sköpuð jöfn til lífs, frelsis og eigna um leið og hann setur fram gagnrýni á syndafallsfrásöguna teljast tímamótaskrif og ótrúlega framsýn miðað við samtímamann. Þessi skrif hafa svo haft áhrif á hugsuði upplýsingarinnar og á hreina sammingskenningu þeirra um hjónabandið.

Hér lokum vil ég koma aftur að ummælum sr. Bjarna Karlsonar í MA-ritgerð hans þess efnis að ekki sé til einn hjónabandsskilningur og myndin sé flóknari en hún virðist vera. Ég tel að með þessu yfirliti yfir greiningu Witte á hjónabandslíkönum, sjáist nákvæmlega að myndin er einmitt mjög flókin. Greining Witte skilar okkur fimm hjónabandslíkönum, þó að ég hafi einungis farið ítarlega yfir þrjú þeirra. Öll leggja þessi líkön af hjónabandinu eitthvað nýtt á vogarskálarnar en fella um leið eitthvað annað út úr myndinni. Öll eru þessi líkön til samhliða í vestrænni kirkjuhefð. Það sem þessi greining skilar okkur einnig er það að guðfræðingar í sögunni hafa þorað að takast á við hjónabandið, túlka það upp á nýtt og ögrað ríkjandi gildum þegar umhverfið og þjóðfélagsaðstæður hafa boðið upp á það. En það sjáum við gerast hjá Lúter og Locke. Báðir bregðast við umrótum í umhverfinu með því að túlka hjónabandið upp á nýtt. Ég tel að túlkanir beggja hafi haft gríðarleg áhrif á söguna og hjónabandsskilninginn til framtíðar. Þetta sama höfum við séð gerast á Íslandi á síðustu 10 árum. Þjóðfélagsaðstæður hafa boðið upp á að umræður um hjónabandið hafa stigmagnast og krafan um að það sé endurskilgreint hefur risið hátt. Sagan sýnir okkur að það er mögulegt að umbylta hjónabandsskilningnum og nú er lag að fylgja fordæmum sem hafa verið gefin og finna hjónabandinu nýjan guðfræðilegan grundvöll, byggðan á heimsmynd sem byggir á jafningjatengslum og telur kynlíf vera tjáningu á gagnkvæmri ást en ekki illa nauðsyn til að viðhalda mannkyninu.

Ytra formið er komið með einum hjúskaparlögum, næsta verkefni er að skoða innihaldið eða að gera hjónabandið raunverulegra í augum fólks eins og hugsuðir upplýsingarinnar lögðu til.

Ég sný mér því núna að því að skoða hugtökin *gagnkvæmni* og *fólksfjölgunarhyggja*. Ég tel mig hafa komist að því í þessum kafla að þessi hugtök eru grundvallandi í hjónabandskilningi þeirra hjónabandslíkana sem ég hef farið yfir og þau komi einnig fram í íslenskri umræðu um hjónabandið á greinilegan hátt. Ég rannsaka þessi hugtök í skrifum kaþólska siðfræðingsins Christine E. Gudorf og anglíkanska guðfræðingsins Adrian Thatcher. Það sem greining Witte skilar okkur inn í þá umræðu er að betur er hægt að gera sér grein fyrir þeim hefðum sem eru að baki þeirra skrifum og hvernig leitast er við að gera upp við þær hefðir. Ég tel það vera nauðsynlegt að hafa greiningu Witte ávallt í huga þegar ég skoða hugmyndir þeirra um þessi tvö lykilhugtök í guðfræðilegri siðfræði hjónabandsins í samtíma umræðu.

3. Gagnkvæmni og fólksfjölgunarhyggja í skrifum Adrian Thatcher og Christine E. Gudorf

Það er markmið mitt í þessum kafla að varpa ljósi á notkun og framsetningu Adrian Thatcher¹³⁰ og Christine E. Gudorf¹³¹ á hugtökunum gagnkvæmni (e. *mutuality*) og fólksfjölgunarhyggja (e. *procreationism*). Um Thatcher er það að segja að ég styðst í rannsókn minni við bók hans *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* frá árinu 1999. Thatcher segir sjálfur að í þessari bók sé hann að koma með á nýja sýn á kristið hjónaband á tímum fordæmislausra félags- og guðfræðilegra breytinga. Hann bendir á að bókin leiti að nýjum grundvelli hjónabandsins með því að draga fram fornar hefðir trúlofunar og óformlegra hjónabanda með því að samþykkja ákveðin sambúðarform fyrir hjónaband. Hann segist einnig verja hér tengsl hjónabands og

¹³⁰ Adrian Thatcher er breskur guðfræðingur og anglíkani. Hann segir á heimasíðu sinni að hann sé virkur í sinni kristnu trú og hann á að eigin sögn best heima í hinni siðbættu kaþólsku hefð. Aðalviðfangsefni hans í guðfræðinni snúa að kyni og kynhlutverkum, hjónabandi og fjölskyldum. Sjá: <http://www.adrianthatcher.org/about.php>

¹³¹ Christine E. Gudorf er siðfræðingur og skrifar frá sjónarhóli kaþólskrar guðfræðihéðar. Hún hefur sem femínisti telt fram málefnum eins og ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum, réttindum kvenna og barna til að ráða yfir líkama sínum svo og rétti kvenna til að njóta kymferðislegrar ánægju. Sjá: Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 18.

fólksfjölgunarhyggjunnar (e. *procreationism*). Hjónabandið sé kristið sakramenti, útteilt á gagnkvæman hátt (e. *mutuality*) í varanlegu sambandi jafningja.¹³² Tilgang bókarinnar segir Thatcher að auki vera þann að gefa kristnu hjónabandi ótakmarkað lof á tímum þar sem gert sé lítið úr hjónabandinu og því hafnað.¹³³ Til að leggja meginlínurnar fyrir málflytning sinn um kristið hjónaband og til að svara þeim sem hafna hefðinni og kristnu hjónabandi þá segir Thatcher að hjónabandið feli í sér þá merkingu að hjón verði út lífið eitt hold. Hjónabandið sé sáttmáli sem endurspegli ást Guðs til þjóðar sinnar og það sé sáttmáli um að eiga börn og annast þau og það sé gagnkvæmt samfélag. Hann ítrekar að það að koma börnum í heiminn og að ala þau upp sé einn af aðaltilgangi hjónabandsins og aðalánægja þess að auki.¹³⁵

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir tekur siðfræði Gudorf fyrir í bók sinni *Ást, kynlíf og hjónaband*. Hún segir að Gudorf skrifi frá sjónarhóli kaþólskar guðfræðihéðar. Það sem einkenni kynlífssiðfræði hennar sé einkum tvennt: Sterk boðandi áhersla á að kynlíf og kynferðisleg ánægja séu jákvæð fyrirbæri og gagnrýni á kaþólska guðfræðihéð sem að hennar mati hafi neikvætt viðhorf til kynlífs og kynlífsánægju.¹³⁶ Sólveig Anna bendir á að Gudorf sé ein margra guðfræðinga innan kristinnar hefðar sem hafi gagnrýnt hefðbundin viðhorf til kynlífs og ástar á tíunda áratug síðustu aldar. Sterkt einkenni á orðræðu þessari hafi verið þeir sem hafi skákað hjónabandinu meðvitað til hliðar. Hún segir að margir hinna áhrifameiri í orðræðunni hafi verið samkynhneigðir og útilokun samkynhneigðra para frá hjónabandinu hafi trúlega ýtt undir nýtt viðmið sem kalla megi „réttlætisást“ (e. *justice-love*) sem gilda skuli sem viðmið allra góðra náinna sambanda, hvaða nafni sem þau

¹³² Adrian Thatcher: <http://www.adrianthatcher.org/books.php?id=8>.

¹³³ Í bókinni er Thatcher í samtali við fræðimenn sem hafna hefðinni allri eða hluta hennar. Það eru fræðimenn sem tengja kristindóminn við öld sem er liðin eða við kúgandi siðferði sem leyfir undirgefni kvenna og útskúfun á samkynhneigðum. Hann velur í bókinni fimm höfunda frá þremur ólíkum löndum sem lýsa þessari orðræðu. Í fyrsta lagi er það félagsfræðingurinn Anthony Giddens sem segir m.a. að það hafi verið grafið undan hefðbundnu gagnkynhneigðu hjónabandi vegna þess að hreint samband (e. *pure relationship*) og mótanleg kynverund (e. *plastic sexuality*) hafi aukist. Félagfræðingurinn Jeffrey Weeks er annar í röðinni og Thatcher segir að hann geri einfaldlega ráð fyrir því að kristnin hafi ekkert fram að færa þegar kemur að því að móta viðunandi siðfræði fyrir sambönd. Þriðji höfundurinn er ameríski félagfræðingurinn Steven Seidman. Thatcher segir hann tala fyrir raunsærri kynlífssiðfræði. Hann notist við frjálslyndisstefnuna og rómantikina þegar hann setur fram sína greiningu í kynlífssiðfræði. Síðustu höfundarnir eru Ulrich Beck og Elisabeth Beck Gernsheim. Þau tali um að horfur fyrir hjónabandið í öllum þeim glundroða sem við blasir í dag þegar komi að ást séu dapurlegar. Sjá kaflann *The External Dialogue* í bókinni *Marriage after Modernity*, bls. 47-66.

¹³⁴ Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 9.

¹³⁵ Sama, bls. 65.

¹³⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 26.

nefnist. Sólveig undirstrikar að Gudorf skáki ekki hjónabandinu á neinn afgerandi hátt til hliðar. Vissulega sé það ekki miðdepill umræðu hennar en það sem skipti máli sé að hún hugsi öll nánin sambönd sem réttlætis- og frelsissambönd. Hjónabandið sé hér ekki undanskilið nema síður sé. Þannig megi með sanngirni segja að það hjónaband sem Gudorf boði sé hjónaband sem leysi af hólmi hefð kynjahyggju og gagnkynhneigðarhyggju. Hún segir að sú hugmyndafræði sem tengist þessum viðhorfum sé bannlýst úr hinu „hreina“ hjónabandi, svo vísað sé til orðanotkunar Anthony Giddens¹³⁷. Þess í stað hafi sest þar að gagnkvæmt réttlæti og frelsi karla og kvenna óháð kynhneigð.¹³⁸ Sólveig Anna segir að Gudorf sé sammála Giddens um að innihald sambandsins eigi að vera siðfræðilegur mælikvarði allra náninna sambanda, einnig hjónabandsins. Hjónabandið sé ekki gott í sjálfu sér, heldur sé það gott þegar það hlúi að fólki. Innihaldið sé mikilvægara forminu. Samkvæmt skoðun Gudorf sé það hlutverk hjónabandsins að styðja fólk í að hlúa að og byggja upp manneskjur. Ástin og kynlífið séu þess megnug að þroska og styðja fólk í þessari viðleitni.¹³⁹

Með þennan inngang í huga fer ég nú í að greina notkun Gudorf og Thatcher á hugtökunum *gagnkvæmni* og *fólksfjölgunarhyggja*. Ég tel það strax vera augljóst, af yfirlitinu hér að ofan að dæma, að þau hafi skiptar skoðanir á því hvernig við nálgumst þessi hugtök og hvaða tilgangi þau gegna í hugmyndum um hjónabandið í dag. Það er nú þegar orðið ljóst að þessi hugtök hafa haft svo mikið vægi í umræðu um hjónabandið í gegnum aldirnar að það réttlæti að ég taki þau út hér sérstaklega og greini notkun þeirra í samtímaumræðu um hjónabandið. Ég tel að lykilinn að nýrri hjónabandsguðfræði 21. aldarinnar sé að finna í breyttri sýn á þessi tvö hugtök og um leið sé hægt að finna leið til

¹³⁷ Félagsfræðingurinn Anthony Giddens er einn af þeim fjórum sem Thatcher á í samtali við í bók sinni sem er til umfjöllunar hér og sem Thatcher telur hafa yfirgefið hefðina eða hluta hennar. Sólveig Anna segir í ritgerð sinni að hið *hreina samband* skírskoti hjá Giddens til innihalds sambands sem sé mikilvægara en formið. Það byggir á valdajafnvægi kynjanna og sjálfræði kvenna. Sólveig Anna telur að þegar Gudorf tali um ást sem einkennist af gagnkvæmni og ánægju á kynlífssviðinu, þá sýnist henni hún fara mjög nærri því sem Giddens nefnir samstillta ást (e. *confluent love*). Slík ást samkvæmt Giddens rúmar bæði gagnkynhneigð þör og samkynhneigð þör og gerir engan greinarmun á ástarsamböndum þeirra. Sólveig Anna segir að gagnrýni Gudorf á hefðbundin kynlífs- og ástarsiðfræði beinist án efa að mörgu því sem Giddens flokkaði undir rómantíska ást. Sólveig Anna telur að Gudorf sé að tala um hið hreina samband, svo að notað sé hugtak Giddens. En hún telur ekki að Gudorf sé að hafna hjónabandinu. Það sem hún lýsi eftir sé breyting á innihaldi hjónabandsins, þannig að það líkist meira hinu hreina sambandi. Það sé bæði feminísk og kristin krafa. Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 22-30.

¹³⁸ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband* 2008, bls. 35-36.

¹³⁹ Sama, bls. 30.

að frelsa hjónabandið úr viðjum karlveldisins, frá gagnkynhneigarhyggju og frá kúgandi sýn á samskipti kynjanna í nánu sambandi.

3.1. Fólksfjölgunarhyggja

Eins og kom fram hér í inngangi að þriðja kafla að þá er það mat Thatcher að það að koma börnum í heiminn og ala þau upp sé einn af aðaltilgangi hjónabandsins og aðalánægja þess að auki. Í kafla sem hann nefnir *A theology of Liberation for Children* segir Thatcher það vera markmið sitt að endurnýja áhersluna á mikilvægi barna í hjónabandstofnuninni.¹⁴⁰ Hann segir slíka guðfræði vera nauðsynlega, sem standi með hagsmunum barna og innifeli þau í síð-nútímalega guðfræði hjónabandsins. Slík guðfræði eigi margt sameiginlegt með fornri guðfræði hjónabandsins sem sýni og sanni að ólík rök geti komist að svipaðri niðurstöðu. Thatcher segir hina fornu fólksfjölgunarhyggju falla úr gildi nema hina opinberu rómversk-kaþólsku kenningu sem sé enn við lýði.¹⁴¹ Thatcher segir að lægð hjónabandsins hafi skaðað börn, þó sé það vilji Guðs að börnin séu einnig viðtakendur náðar sem foreldrum beri að miðla til barna sinna. Börnin hafi verið týndur þáttur í veraldlegri kynlífssíðfræði, nú sé kominn tími til að gera þau miðlæg, að hans mati.¹⁴² Thatcher segir upphafspunkt umræðunnar um frelsunarguðfræði barna hefjast á þeim aðstæðum sem vanrækt og óvelkomin börn séu í í dag. Forsenda slíkrar guðfræði sé algjör skuldbinding gagnvart þeim.¹⁴³ Hann segir að raunveruleiki barna geti ekki verið aðskilinn frá fullnægjandi guðfræði hjónabandsins. Hollustan við reynsluna¹⁴⁴ krefjist þess að þjáningarfull reynsla barna sé ákvarðandi. Börn geti einnig haft jaðarstöðu, enga rödd og séu óverðskulduð fórnarlömb kúgunar þar sem jafnvel foreldrar þeirra séu kúgararnir.¹⁴⁵ Thatcher segir að rannsókn hans verði að takmarka sig við hið gríðarlega mikla framlag

¹⁴⁰ Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 133.

¹⁴¹ Sama, bls. 133.

¹⁴² Sama, bls. 142.

¹⁴³ Sama, bls. 150.

¹⁴⁴ Hollustan við reynsluna (e. *loyalty to experience*) er ein af sex meginreglum sem Thatcher segist fylgja í umfjöllun sinni um hjónabandið. Hann segir eitt aðkallandi verkefni vera að hlusta eftir hinum þögnuðu röddum fortíðarinnar. Bók um hjónabandið þurfi að veita reynslu fólks athygli sem séu snert af hjónabandsstofnunni og það að byrja á reynslunni sé líklegra til að tengsl séu gerð milli hefðarinnar og nútímalegs lífs. Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 19-20.

¹⁴⁵ Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 152.

sem kristinn skilningur á hjónabandinu geti veitt bættri velferð barna. Hjón hafi gefið hvort öðru órjúfanlegt loforð í sáttmála sem sé tákni um órjúfanlegan sáttmáls-kærleika Guðs í Kristi. Ein af ástæðum þess að ganga inn í slíkt sáttmálssamband sé sú að hjónin undirbúi sig fyrir foreldrahlutverkið og skuldbinding þeirra skapi stöðugan og tryggan kærleika sem börnin þarfnist. Hann segir að kristin gagnkynhneigð siðfræði verði að vernda hagsmuni barna og heimili. Þess vegna verndi hún aðeins þær kynlífsathafnir sem geri það.¹⁴⁶

Thatcher telur að ástæða þess að börnum sé gefin forréttindastaða í gagnkynhneigðri kynlífssiðfræði sé að finna hjá Tómasi frá Akvínó.¹⁴⁷ Tómas hafi haldið því fram að kynlífshegðun fullorðinna eigi að snúast um möguleika þeirra á að geta barn og að hjónabandið sé stofnun sem hagnist börnum vegna þess að skuldbindingar þess umfaðmi þau og skapi langtíma samhengi fyrir uppeldi þeirra. Tómas haldi því fram að auki, að fæðing barna hefjist með samförum karls og konu en þjálfun þeirra sé haldið áfram af öðrum þáttum hjónabandsins þar sem hjónin hjálpist að að ala börnin upp. Thatcher bendir á að hjónabandið sé því ástand þar sem náttúrulegir foreldrar séu ekki bara trú hvort öðru og börnum sínum heldur einnig í því að hjálpa hvort öðru að takast á við hina sameiginlegu ábyrgð sem uppeldi barna feli í sér.¹⁴⁸ Hann segir að í þessari umræðu hafi honum tekist að endurheimta og ítreka hinn klassíska skilning á börnum sem gæðum hjónabandsins. Hann nefnir hér fjögur dæmi, máli sínu til stuðnings og til að loka umræðunni.

Thatcher svarar fyrst niðurstöðu General Synod Marriage Commission frá 1978 sem hafi hafnað því að hjónabandið væri best skilið á þann hátt að það væri til fyrir börnin. Hann ítrekar að á meðan það verði auðveldara að aðskilja kynlíf frá þungun með getnaðarvörnum þá verði það sífellt mikilvægara að minnast fólksfjölgunarhyggjunnar sem einu af inntakinu í hjónabandsástinni.¹⁴⁹

Til að svara meðal annars sjónarhorni Karls Barth sem hafi haldið því fram að staða barna í hjónabandi væri annars stigs staða þá spyr Thatcher þeirrar spurningar á móti hvort að hvötin til að fjölga sér geti ekki verið hluti af hinni guðlega skipuðu reglu.¹⁵⁰

Í þriðja lagi nefnir Thatcher þá hugmynd að Jesús hafi hafnað líffræðilegri fjölskyldu sinni og sett hina andlegu fjölskyldu fyrst og fremst. Thatcher svarar því að með

¹⁴⁶ Sama, bls. 153.

¹⁴⁷ Sama, bls. 153.

¹⁴⁸ Sama, bls. 154.

¹⁴⁹ Sama, bls. 165.

¹⁵⁰ Sama, bls. 166.

því að segja að sú hugmynd að fjölskylda kristinna sé fyrst og fremst kirkjan, sé í fullu samræmi við það markmið að innfela börnin í tilgang hjónabandsins.¹⁵¹

Í fjórða og síðasta lagi bendir Thatcher á þau rök sem segi að barneignir feli í sér að varðveita ættlegg hvers og eins. Hans mat er það að þessi rök eru komin frá karlveldinu og eru veraldlegs eðlis og sprottin af hvötum til að flytja áfram auð, eignir og stöðu.¹⁵²

Í lokin telur Thatcher að hægt sé endurheimta og ítreka með aðferðum frelsunarguðfræðinnar hina hefðbundnu hugmynd, að börn geti verið gæði hjónabandsins og hægt sé að verja þá stöðu gegn guðfræðilegum tilhneigingum sem gera lítið úr mikilvægi barna.¹⁵³ Hann undirstrikar í lokakafla bókarinnar að endurnýjuð áhersla á fólksfjölgunarhyggjuna sé for-nútímalegt þema og sé algjör andstaða við „hið hreina samband“ í síð-nútímanum.¹⁵⁴ Hér er Thatcher að vísa til umfjöllunar Anthony Giddens en ég kom meðal annars inn á hugmyndir hans í neðanmálgrein 129. Thatcher bendir á að bókinn hafi tengt kristið hjónaband kröftuglega við að eiga börn og í því samhengi sé hjónabandið gagnkynhneigð stofnun.¹⁵⁵

Varðandi umfjöllunina um samkynhneigð og hjónaband kemst Thatcher að tvenns konar niðurstöðu. Sú fyrri er sú að börn séu óaðskiljanlega tengd tilgangi hjónabandsins. Sá skilningur sé byggður á líffræðilegri sýn sambandsins en hér segir Thatcher að það sé ekki ætlun hans að útiloka samkynhneigða með þessari afstöðu sinni.¹⁵⁶ Síðari niðurstaða Thatcher er sú að hægt sé að útvíkka hjónabandisskilninginn guðfræðilega þannig að hann nái yfir samkynhneigð sambönd líka. Hann telur þessi tvö sjónarhorn ekki ósamrýmanleg. Hann segir að áherslan á börnin sé til að vernda þau, ekki til að auka á mismunun gagnvart samkynhneigðum með því að leggja áherslu á viðmið sem þau geta ekki uppfyllt. Hann segir kirkjuna aldrei hafa krafist þess að barneignir séu ástand hjónabandsins og að karl og kona sem séu ófrjó geti af þeim sökum ekki gengið í hjónaband. Hann segir fólksfjölgunarhyggjuna því ekki nauðsynlega fyrir árangur hjónabandsins.¹⁵⁷

Ég læt hér staðar numið í bili við umfjöllun Thatcher um fólksfjölgunarhyggjuna og sný mér næst að umfjöllun Gudorf um sama málefni.

¹⁵¹ Sama, bls. 167-168.

¹⁵² Sama, bls. 169-170.

¹⁵³ Sama, bls. 170.

¹⁵⁴ Sama, bls. 289.

¹⁵⁵ Sama, bls. 297.

¹⁵⁶ Sama, bls. 299.

¹⁵⁷ Sama, bls. 299.

Kapólski siðfræðingurinn Christine E. Gudorf skrifar um fólksfjölgunarhyggjuna í bók sinni *Body, Sex and Pleasure: Reconstructing Christian Sexual Ethics*. Í þeirri bók tileinkar hún heilum kafla umræðunni og nefnir hann *Ending Procreationism*. Gudorf hefur umfjöllun sína á því að segja að ein af alvarlegustu varanlegu hindrununum sem kynlífssiðfræði mæti sé fólksfjölgunarhyggjan.¹⁵⁸ Hún setur í framhaldi af þessum orðum sínum fram skilgreiningu á því hvað fólksfjölgunarhyggjan sé og segir hana vera þá forsendu að kynlífi skuli alltaf beint að sköpun mannlegs lífs. Þessi forsenda sé enn í dag miðlæg í stórum hluta vestræns skilnings á kynferðislegri virkni.¹⁵⁹ Gudorf segir að flestir kristnir geri ráð fyrir í dag að þetta sé rómverskt-kapólskt vandamál vegna þess að margir mótmælenda söfnuðir hafi viðurkennt getnaðarvarnir. Hún bendir á að fólksfjölgunarhyggjan sé miklu víðtækara og dýpra vandamál en að það snúist eingöngu um bannið við notkun á getnaðarvörnum. Fólksfjölgunarhyggjan sé vafin inn í vestræna sögu og menningu á þann hátt að við séum varla meðvituð um hana.¹⁶⁰ Gudorf nefnir hér þrjú svið þar sem fólksfjölgunarhyggjan er sýnileg í okkar samfélagi.

Fyrsta sviðið segir hún vera hinn almenna skilning á því að samfarir séu hin eina sanna kynferðislega athöfn. Allar aðrar kynferðislegar athafnir séu þá skildar sem afbökun sem beri að varast eða forleikur sem sé nauðsynlegur undirbúningur undir hina raunverulegu kynferðislegu athöfn.¹⁶¹ Í öðru lagi nefnir Gudorf að fólksfjölgunarhyggjan geri lítið úr samböndum þar sem samfarir séu ekki mögulegar. Frá þessu sjónahorni fólksfjölgunarhyggjunnar stunda lesbíur ekki raunverulegt eða lögmætt kynlíf heldur eingöngu forleik vegna þess að raunverulegt/lögmætt kynlíf krefjist lims með æxlunarmöguleika.¹⁶² Þriðja sviðið sem fólksfjölgunarhyggjan sýnir sig á að mati Gudorf snýr að viðhorfum samfélagsins til getnaðarvarna, sérstaklega á meðal ógiftra. Fólksfjölgunarhyggjan styðji auðveldlega þann skilning að börn séu gjald sem borgað sé fyrir kynlíf. Hún segir að þessi skilningur hvetji til kynlífs án getnaðarvarna og það sé siðferðilegra en kynlíf með getnaðarvörnum. Jafnvel þegar getnaður sé eitthvað sem ekki sé mælt með eða óskað. Þetta hvetji til ábyrgðarleysi foreldra. Til séu dæmi þess að foreldrar sem ekki vilji vera foreldrar og séu því hneppt í slíkar aðstæður, upplifi það að börnin

¹⁵⁸ Christine E. Gudorf, *Body, Sex and Pleasure. Reconstructing Christian Sexual Ethics* 1994, bls. 29.

¹⁵⁹ Sama, bls. 29.

¹⁶⁰ Sama, bls. 29.

¹⁶¹ Sama, bls. 29.

¹⁶² Sama, bls. 30.

skuldi þeim eitthvað vegna óþægindanna sem foreldrarnir verði fyrir í uppeldi þeirra.¹⁶³ Gudorf segir að ekkert af þessu, sem hafi verið nefnt hér sé nauðsynlegt eða réttlætlegt. Það sé til fjöldinn allur af rannsóknum sem sýni að samfarir séu ekki eina leiðin að kynferðislegri fullnægju og þær séu ekki endilega árangursríkasta leiðin að kynferðislegri fullnægju, sérstaklega fyrir konur.¹⁶⁴ Fjöldinn allur af kynferðislegri virkni hafi þann möguleika að hennar mati að vekja og fullnægja kynferðislegri löngun og sem veiti gagnkvæma ánægju og nán tengsl sem fylgi slíkri gagnkvæmri ánægju. Fyrir flest fólk dragi neikvæð viðhorf til annarra valkosta í kynlífi úr því að skoðaðir séu aðrir möguleikar. Þessi neikvæðu viðhorf séu styrkt af ríkjandi menningarlegri fólksfjölgunarhyggju.¹⁶⁵

Gudorf nefnir aðra vísbendingu sem gefi til kynna að fólksfjölgunarhyggjan lifi enn góðu lífi í kristinni kenningu en hana sé að finna í kynlífsiðfræði sem jafnvel kirkjur sem viðurkenni getnaðarvarnir samþykki. Hún segir að þetta sé bannið við kynlífi fyrir hjónaband. Fólksfjölgunarhyggjan sé eini stuðningurinn við þetta hefðbundna bann. Hefðbundin kristin kynlífsiðfræði sem sé byggð bæði á sögum úr ritningunni og lagasetningum annars vegar og túlkunum á náttúrulögum hins vegar hafi boðað að kynlíf sé skapað fyrir æxlun og þess vegna tilheyri kynlíf hjónabandinu. Hjónabandið sé það samband sem sinni þörfum barnanna sem séu getin innan þess. Allt kynlíf utan hjónabands hafi verið bannað og sagt óábyrgt þar sem það hafi vanrækt þarfir barna eða hunsað vilja Guðs sem hafi skapað kynlíf til að geta börn og sem vilji velferð barna sem mesta.¹⁶⁶ Gudorf undirstrikar að áframhaldandi bann kirkna á kynlífi utan hjónabands án þess að koma með ný rök gegn því, bendi til þess að fólksfjölgunarhyggjan sé ekki eins ósýnileg og hún virðist við fyrstu sýn.¹⁶⁷

Eitt svið nefnir Gudorf þar sem fólksfjölgunarhyggjan er beinlínis skaðleg en það svið snýr að offjölgunarvandamáli í heiminum.¹⁶⁸ Hún segir að fólksfjölgun sé raunverulegt og alvarlegt vandamál sem verði að bregðast við. Jörðin sé yfirfull af fólki vegna þess að ekki sé hægt að sjá fyrir núverandi fjölda fólks með réttlátri dreifingu þeirra gæða sem

¹⁶³ Sama, bls. 31.

¹⁶⁴ Sama, bls. 31.

¹⁶⁵ Sama, bls. 32.

¹⁶⁶ Sama, bls. 32.

¹⁶⁷ Sama, bls. 32.

¹⁶⁸ Sama, bls. 33.

jörðin hafi upp á að bjóða.¹⁶⁹ Gagnlegur aðskilnaður á kynlífi og æxlun kalli á vitundavakningu frekar en tæknileg umskipti að hennar mati. Hann kalli á umsnúning á þeim hefðbundna skilningi að kynlíf hafi venjulega æxlunarmöguleika nema að sérstakar aðstæður krefjist getnaðarvarna. Hugsa eigi á þann hátt að kynlíf hafi venjulega ekki æxlunarmöguleika nema þegar sérstaklega valdar aðstæður bjóði upp á það og réttlæti þannig að æxlun eigi að eiga sér stað.¹⁷⁰ Gudorf segir að leiðin að þessu sé að þróa nýja kynlífssiðfræði sem sé aðgreind frá æxlunarsiðfræði. Almennt eigi mannlegar þarfir að beinast í átt að meiri ánægju í kynlífi en því fylgi um leið fækkun á fólksfjöldanum í heiminum.¹⁷¹

Ég læt hér staðar numið í bili við umfjöllun Gudorf um *fólksfjölgunarhyggjuna* og sný mér næst að umfjölluninni um *gagnkvæmni* í samböndum hjá þeim Thatcher og Gudorf.

3.2 *Gagnkvæmni*

Ein er spurning sem Thatcher spyr í bók sinni og hún er á þessa leið: Eru til guðfræðileg úrræði til að endurnýja sýn á hjónabandið sem sakramenti sambúðar og gagnkvæmni? Hann nefnir sjálfur tvö álitamál sem koma strax fram en það eru annars vegar þungi karlveldisviðhorfa innan hjónabandsins og innan guðfræði hjónabandsins. Hins vegar er það álitamálið sem snýr að því að hvaða leyti sé hægt að brjóta niður karlveldið og umbreyta því. Hann segir kristið fólk leita að nýrri sýn en ekki tálsýn. Vonin sé sú að hjónabandið geti breyst.¹⁷²

Það sem mér finnst mikilvægt að greina betur hér í umfjöllun Thatcher og leit hans að nýrri sýn á hjónabandið er annars vegar meðferð hans á textanum í 5. Kafla Efesusbréfsins og hins vegar það sem hann nefnir *sakramenti útdeilt á gagnkvæman hátt* (e. *mutually administered sacrament*). Efesuskaflinn vekur sérstaka athygli mína vegna þess að ég hef nú þegar greint fyrr í ritgerðinni að textinn í 5. kafla Efesusbréfsins er alltaf til staðar

¹⁶⁹ Sama, bls. 38.

¹⁷⁰ Sama, bls. 46.

¹⁷¹ Sama, bls. 33.

¹⁷² Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 45-46.

í umfjöllun stóru kirkjudeildanna þegar kemur að hjónabandinu, annað hvort til að staðfesta hjónabandið sem sakramenti eða til að staðfesta stigveldisreglu heimilisins.

Thatcher tekur fyrir 5. kafla Efesusbréfsins í kafla þar sem hann greinir líkön yfir hjónabandið sem finnast innan Biblíunnar. Thatcher segir textann hafa verið notaðan til að staðfesta lögmæti ýmissa aðgerða sem í dag sé rétt að draga í efa. Þar á meðal sé lögmæti þess að konur eigi að vera undirgefnar eiginmönnum sínum ásamt hinum meinta óuppleysanleika hjónabandsins¹⁷³.¹⁷⁴

Thatcher segir að samkvæmt textanum eigi meðlimir í kristnu samfélagi að sýna gagnkvæma undirgefni vegna virðingar við Krist (Ef. 5.22). Undirgefni konunnar sé krafist þar sem karlmaðurinn sé höfuð konunnar líkt og Kristur sé höfuð kirkjunnar. Kristur er sannarlega frelsari þessa líkama en líkt og kirkjan sé undir Kristi þá verði konurnar að vera undirgefnar eiginmönnum sínum í öllu (Ef.5.22-23).¹⁷⁵ Thatcher bendir á að allir textarnir í Nt, þar sem komi fyrir hinar svonefndu húsreglur¹⁷⁶, boði undirgefni kvenna gagnvart eiginmönnum sínum.¹⁷⁷ Höfundur Efesusbréfsins boði algjörlega nýja sýn á guðfræði Nt í bréfinu. Einstaklingsbundið samband karls og konu beri að skilja samhliða umbreytanlegu sambandi Krists við hið kristna samfélag.¹⁷⁸ Hann taki það sem gefið að dauði Krists sé fórn og sú fórn gefi sjálfa sig. Eiginmönnum beri því að gefa sjálfa sig konum sínum af sömu trúfesti og Kristur gefi sig kirkju sinni. Samkvæmt þessum skilningi segir Thatcher að Kristur hafi sameinað kirkjuna sjálfum sér á óafturkræfan hátt með sjálfsfórn sinni. Afleiðingarnar á hið kristna líf séu þær að eiginmönnum beri að elska eiginkonur sínar á sama hátt.¹⁷⁹

Thatcher gefur húsreglunum kristsfræðilega meðferð. Þannig sé hægt að skilja gagnkvæma undirgefni í húsreglunum í víðara samhengi þess þema sem undirgefni sé í öllu bréfinu. Öll stjórnun, allt vald og öll yfirráð séu sett undir Krist en Guð hafi lagt allt við fætur hans.¹⁸⁰ Hann segir að aðal vandamálið þegar rætt sé um að eitthvað sé höfuð

¹⁷³ Hér tel ég að Thatcher sé að deila annars vegar á sakramentislíkan rómversk-kaþólsku kirkjunnar en út frá þessum texta sagði kirkjan að hjónabandið væri óuppleysanlegt eins og komið hefur fram og hins vegar á anglikanska líkanið sem staðfesti stigveldi heimilisins eins og við höfum nú þegar séð í greiningu Witte.

¹⁷⁴ Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 75.

¹⁷⁵ Sama, bls. 75.

¹⁷⁶ Húsreglurnar í Nt er að finna í Kol.3.8-4.1; 1Pét. 2.18-3.7; Ef. 5.21-6.9; 1Tím. 2.18-3.7 og Tít.2.1-10.

¹⁷⁷ Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 75.

¹⁷⁸ Sama, bls. 76.

¹⁷⁹ Sama, bls. 76-77.

¹⁸⁰ Sama, bls. 90-91.

einþvers í bréfinu verði að skoðast í því samhengi að Kristur sé ekki einungis höfuð kirkjunnar heldur alls sem er.¹⁸¹ Að hans mati geti það að gefa hlutdeild í þeirri sýn á það hvernig útlitið sér þegar allt sé sett undir kærleika Krists, sem hefst í raunverulegri reynslu nútíma fjölskyldna, en sannanir gefi til kynna að sá reynsluheimur sé ekki undir Kristi. Þar sjáist frekar kynferðislegt ofbeldi, misnotkun á karlkyns valdi, leit að sjálflægri einstaklingshyggju, gjörnýting á kynverundinni og líkamanum og skelfilega ill meðferð á börnum.¹⁸² Thatcher segir að þess vegna endurheimti hann þá sýn sem snúi að gagnkvæmri undirgefni vegna virðingarinnar við Krist. Hún varpi ljósi á að karl og kona elski hvort annað líkt og Kristur elski þau og þessi kærleikur umfaðmi börnin einnig.¹⁸³ Thatcher setur fram viðbót við textann í 5. kafla Efesusbréfsins. Hann segir að hún eigi að afnema særandi kynjasamsömunina sem sé í bréfinu á milli karlmannsins og Krists. Á milli karlkyns frumkvæðis og guðlegs frumkvæðis. Viðbótin fjarlægir ekki þá kröfu að karlmenn elski konur sínar en bæti við að konum beri að elska eiginmenn sína líkt og Kristur elski kirkjuna.¹⁸⁴ Hann ítrekar að kristið líf sé þátttaka í upprisulífi Krists. Það sé kærleikurinn sem sætti allt við Guð. Hinn gagnkvæmi kærleikur í hinni kristnu sýn á hjónabandið komi ekki úr tómarúmi. Hann sé helgimynd sáttmálskærleika Krists gagnvart kirkju sinni.¹⁸⁵

Annað atriði sem ég vil taka fyrir í umfjöllun Thatcher um gagnkvæmni er það sem hann nefnir *sakramenti útdeilt á gagnkvæman hátt* (e. *mutually administered sacrament*). Í því samhengi nefnir hann sannfæringu þess að hjónaband sem sé gagnkvæmur félagsskapur aðila í sambandinu sé byggð á gömlum kirkjurétti og litúrgíu, jafnvel þar sem hugtakið vinátta sé ekki nefnd. Hann vitnar hér í Martin Bucer sem hafi haldið því fram að samfylgd hjóna væri mikilvægasti þátturinn í hjónabandinu.¹⁸⁶ Thatcher segir að vinátta sé miðlæg þegar kemur að samböndum samkynhneigðra. Hann spyr þeirrar spurningar hvort verið sé að tala um það sama þegar rætt sé um vináttu í gagnkynhneigðum og samkynhneigðum samböndum. Hann vitnar í höfunda¹⁸⁷ sem eru að skrifa um samkynhneigð sambönd en þar komi fram að vináttan eigi rætur í sérstakri reynslu og hún sé skilgreind gegn yfirráðum

¹⁸¹ Sama, bls. 91.

¹⁸² Sama, bls. 91.

¹⁸³ Sama, bls. 91.

¹⁸⁴ Sama, bls. 92.

¹⁸⁵ Sama, bls. 93.

¹⁸⁶ Sama, bls. 220.

¹⁸⁷ Hér er Thatcher að vitna í Janice G. Raymond, Elisabeth Stuart og Mary Hunt. En þær hafa skrifað um mikilvægi vináttunnar í samböndum.

karlmannna. Hjónabandið, sem mælt sé með hér, sé vinátta og hjón geti lært mikið af samkynhneigðum samböndum um hvað gagnkvæmni merki í samböndum.¹⁸⁸ Thatcher segir að ekki sé hægt að skilgreina hjónabandið eingöngu á grundvelli vináttu vegna þeirrar stöðu sem hann hafi tekið með frelsunarguðfræði barna. Frjósamt, kynferðislega virkt par sé líklegt á einhverjum tímapunkti að geta börn, ekki samkynja par. Gagnkynhneigð kynlífssifræði geti ekki horft fram hjá fæðingu barna.¹⁸⁹

Þegar Thatcher ræðir hjónabandið sem sakramenti segir hann að spurningin sem mótmælendur verði að svara sé sú hvort að þeir telji að Guð sé að verki í kristnum hjónaböndum þegar hann miðli guðlegri elsku. Ef að þeirri spurningu sé svarað játandi þá sé hægt að kalla hjónabandið sakramenti. Innihald hjónabandsins, þegar það sé sakramenti, sé það sem þau deili með hvort öðru. Grunnur hjónabandsins sem sakramenti sé sú sannfæring að Guð starfi í gegnum það sem makarnir komi með í hjónabandið og í gegnum gagnkvæma útteilingu sakramentinu til hvors annars. Grundvöllur sakramentisins sé sambandið sjálft.¹⁹⁰

Thatcher nefnir það næst sem hann nefnir gagnkvæmni í þjónustu (e. *mutuality in ministry*). Hann segir hjónabandið einstakt meðal sakramentanna en það sé eina sakramentið sem þátttakendur útteili hvort öðru.¹⁹¹ Kristinn vöxtur í gleði, sorgum, reiði og örvæntingu fjölskyldulífsins sé málefni náðarinnar. Í gegnum hversdagslegt líf hverrar fjölskyldu þar sem tekist sé á við sameiginleg verkefni ásamt því að hver einstaklingur eigi sér sitt rými, þá geti gagnkvæmur kærleikur hjónanna vaxið í kirkjunni, þannig að hann nái til alls samfélagsins og mögulega til barna. Samfélagslegt samband hjónanna sé um leið sakramenti þeirra.¹⁹²

Thatcher ítrekar í lok bókarinnar að það sé grundvöllur fyrir þeirri von að hjónabandsskilningurinn haldi áfram að vaxa í átt að karlveldislausri gagnkvæmni.¹⁹³ Hann svarar félagsfræðingunum sem nefndir voru í upphafi þessa kafla og segir að þeir séu á rangri leið í sínum ályktunum. Thatcher segir til að svara þeim að sakramentisnáðin sé möguleg til að viðhalda og næra hjónabandið sem varanlegt verkefni félaganna, persónanna

¹⁸⁸ Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 221.

¹⁸⁹ Sama, bls. 221-222.

¹⁹⁰ Sama, bls. 236-237.

¹⁹¹ Sama, bls. 240.

¹⁹² Sama, bls. 241.

¹⁹³ Sama, bls. 290.

og mjög líklega foreldranna. Hann segir félagsfræðingana boða kynferðislegt samband sem fagni gagnkvæmni og jafnrétti. Kristnum beri að fagna því. Þó hafi þeir fært hjónabandið út á jaðarinn sem í raun sé ekki þarft þar sem kristið hjónaband hafi allt að bera sem kenningu þeirra skorti. Það sé kristið hjónaband sem sé til eftir karlveldið en sé samt varanlegt. Horfast verði í augu við karlveldið en ekki hafna því. Í karlveldinu sé konan undirgefin Kristi í gegnum karlmanninn. Eftir karlveldið þá séu konan og karlmaðurinn undirgefin hvort öðru og Kristur sé höfuð þeirra beggja.¹⁹⁴ Ég læt hér staðar numið við umfjöllun Thatcher um gagnkvæmni í hjónabandi og sný mér því næst að umfjöllun Gudorf um sama málefni.

Gudorf tekur gagnkvæmnina fyrir í bók sinni á ólíkum forsendum en Thatcher. Hún tekur hana fyrir á forsendum gagnkvæmrar ánægju í kynlífi og mikilvægi þess að kynlífsánægja sé gagnkvæm. Hún segir kynlífsánægjuna gagnkvæma þegar hún nái til beggja aðila. Kynlífsánægja geti verið ill þegar hún sé útilokandi. Þegar hún eigi rætur í gegnum sársauka sem sé þvingandi/samþykktur eða þegar annar aðilinn sé útilokaður frá ánægjunni meðvitað eða ómeðvitað.¹⁹⁵ Gudorf bendir á að einn veruleiki fyrir alla (e. *inclusiveness*) hafi orðið grundvallar kristið gildi vegna þess að bæði Jesús og frumkirkjan eftir dauða hans, hafi teygt sig út á jaðarinn til þeirra sem voru útilokuð af hinu stóra samfélagi. Þetta hafi verið eitt aðaleinkenni persónu Jesú sem aðgreindi hann frá fastmótuðum hópum¹⁹⁶ á hans tímum.¹⁹⁷

Gudorf segir að ekki séu til kynferðislegar myndir yfir guðsríkið í guðspjöllunum. Fyrir marga sé þó frumreynslan af guðdóminum sjálfum og reynslan af tilgangi Guðs með guðsríkinu, kynferðisleg. Það sé í kynlífi, líkt og í þakkargjörðinni þar sem möguleiki sé á að taka þátt í guðdóminum að hennar mati.¹⁹⁸ Vegna þessarar getu kynferðislegrar fullnægju til að vera ímynd guðsríkisins þá feli það í sér, að hennar mati, að þátttaka í kynferðislegum athöfnum án þess að skuldbinda sig ánægju hins aðilans, sé hann útilokaður frá þessari reynslu af guðsríkinu.¹⁹⁹ Gudorf segir að samfélagið hafi þekkt, ruglað saman og jafnvel samsamað kynlíf og drottun, sársauka og ánægju. Kynlíf hafi því orðið stjórnþæki

¹⁹⁴ Sama, bls. 291-293.

¹⁹⁵ Christine E. Gudorf, *Body, Sex and Pleasure. Reconstructing Christian Sexual Ethics* 1994, bls. 116.

¹⁹⁶ Hér nefnir Gudorf Saddúeika, Essena, Farísea og Zealótana.

¹⁹⁷ Christine E. Gudorf, *Body, Sex and Pleasure. Reconstructing Christian Sexual Ethics* 1994, bls. 116.

¹⁹⁸ Sama, bls. 118.

¹⁹⁹ Sama, bls. 119.

til að stjórna öðrum.²⁰⁰ Hún segir að auki að karlar og konur hafi verið alin upp við að kynferðisleg þörun sé gagnkynhneigð, karlmenn eigi að vera eldri, stærri og valdameiri en konur.²⁰¹ Gudorf bendir á það að yferráð séu gerð erótísk í samtímanum og skapi vandamál fyrir þau sem reyni að komast nær gagnkvæmni í kynlífi, bæði í kynhlutverkum og kynferðislegri ánægju. Því miður sé hugmyndin um kynferðislega gagnkvæmni og myndin af gagnkvæmri ánægju ekki erótísk á jafn kraftmikinn hátt hjá stórum hluta fólks eins og myndin af yferráðum.²⁰² Greining á sögulegum raunveruleika opinberi það að kristin hefð hafi sett Guð fram á grundvelli réttlátra yferráða og kröfunnar um ofbeldi að hennar mati. Manneskjur hafi tileinkað sér yfirburði yfir kynlífi, sem sé ráðandi og hafi gert iðkun á yferráðum erótísk. Gudorf segir að það verði að fylgja tilgátu Girard og viðurkenna hrifningu okkar og dýrkun á ofbeldi og hætta að koma henni yfir á Guð. Við höfum ekki efni á að tilbiðja yferráð lengur jafnvel þó að efiðara sé að skynja yferráðin í samfélaginu í dag en í fortíðinni. Það sé vegna þess að yferráðin séu ekki iðkuð af einstaklingum heldur af litlum hópum sem feli sig bak við kerfi og stofnanir. Gudorf telur að yferráðum af öllum gerðum, þar með talin kynferðislegum yferráðum, sem oftast séu talin frumsögulegt líkan yfir yferráð, verði að útrýma.²⁰³

Hún ítrekar að gagnkvæmni í kynferðislegri ánægju eigi að vera staðlandi. Þegar fólksfjölgunarhyggjunn sé hafnað sem sjálfsmorði tegundarinnar, þá eigi megin einkenni og aðal hvatinn að kynlífi að vera kynferðisleg ánægja. Kristin kynlífssiðfræði eigi að gera gagnkvæmni í kynferðislegri ánægju staðlandi.²⁰⁴ Gagnkvæmni þjónar, segir Gudorf, til að hámarka ánægju í kynlífi, þannig að ánægja annars aðilans aukist þegar hann geti fullnægt hinum aðilanum. Fullnægður kynlífsfélagi sé því líklegri til að vera virkur félagi í að fullnægja hinum aðilanum.²⁰⁵ Hún bendir á að það að minnka sársaukann og auka á ánægjuna í kynferðislegum valkostum krefjist ábyrgðar. Það verði að vernda samfélagið fyrir sársaukafullum afleiðingum kynferðislegrar virkni og auka á samfélagslegan ávinning persónulegrar kynferðislegrar virkni.²⁰⁶ Að mati Gudorf þá sé útilokun kvenna eða einhverra annarra frá kynferðislegri ánægju ásamt menningarlegri bælingu á kynferðislegri

²⁰⁰ Sama, bls. 121.

²⁰¹ Sama, bls. 122.

²⁰² Sama, bls. 124.

²⁰³ Sama, bls. 127.

²⁰⁴ Sama, bls. 139.

²⁰⁵ Sama, bls. 140.

²⁰⁶ Sama, bls. 140.

ánægju, siðferðislega óæðri öðrum valkostum. Það að samþykkja gagnkvæmni í kynferðislegri ánægju sem siðferðislegan mælikvarða fyrir kynferðislega virkni þarfnist gagnkvæms samþykkis. En gagnkvæmt samþykki komist ekki nálægt því að tryggja gagnkvæma ánægju.²⁰⁷ Gudorf segir að þegar gagnkvæmt samþykki sé frumviðmið fyrir kynferðislega virkni, þá sé það nauðsynlegt að bæta við viðmiðum sem takist á við þær aðstæður þar sem formlegt samþykki sé gefið en kynlíf sé ekki frjálst, valið og sannanlega sjálfráða. Þetta eigi sér stað þar sem mismunur sé á stöðu aðilanna, líkt og eigi sér stað í dæmum vændiskvenna, undirmanna og yfirmanna í vinnuumhverfi, kennara og nemanda. Einnig þurfi að bæta við þeim siðferðislegu viðmiðum sem krefjist þess að börn geti aldrei gefið raunverulegt samþykki.²⁰⁸ Hún ítrekar að kynlíf sem eigi sér stað þar sem ójafnvægi sé á stöðu sé ólögmætt. Kynlíf sem beinist ekki að gagnkvæmri ánægju geti ekki myndað nán tengsl og það sé á raunverulegan hátt eyðileggjandi fyrir sambönd og sjálfsmynd.²⁰⁹ Gudorf segir að lokum að ef gagnkvæm kynferðisleg ánægja eigi að vera mælikvarði á siðferðislega kynferðislega virkni, þá krefjist það gríðarlegrar breytingar á kynferðislegu landslagi í samfélaginu okkar. Það merki að teknar séu alvarlega allar þær hindranir og aðstæður sem hindri kynlíf í að vera ánægjulegt á gagnkvæman hátt^{210, 211}.

Hér læt ég nú staðar numið við umfjöllun Gudorf um hugmyndina um gagnkvæmni í samböndum. Ég hef nú farið yfir skrif þessara tveggja höfunda Thatcher og Gudorf um fólksfjölgunarhyggjuna annars vegar og gagnkvæmina hins vegar og gert tilraun til að koma sjónarmiðum þeirra til skila á greinagóðan hátt. Bækur beggja eru yfirgripsmiklar og miklu meira væri hægt að segja um sjónarmið hvers fyrir sig. Það er þó von mín að þetta stutta yfirlit hafi skilað tilætluðum árangri og fer ég nú yfir niðurstöðu þessa yfirlits hér í næsta kafla.

²⁰⁷ Sama, bls. 141.

²⁰⁸ Sama, bls. 142.

²⁰⁹ Sama, bls. 142.

²¹⁰ Hér nefnir Gudorf umskurn kvenna, ótti við þungun, ótti við alnæmi og aðra kynsjúkdóma, ótti við nauðgun og kynferðislega misnotkun, ótti við kynferðislega þvingun og áreitni, ótti við kynferðislega vanvirkni og vankunnátta gagnvart líffræði kynlífsins og tækni og síðast en ekki síst léleg kynferðisleg samskipti.

²¹¹ Christine E. Gudorf, *Body, Sex and Pleasure. Reconstructing Christian Sexual Ethics* 1999, bls. 143.

3.3 Niðurstaða

Ég vil hér byrja á að fara yfir það sem ég hef komist að úr umfjöllun Adrian Tahtcher. Ég tel lykilinn vera að finna í grundvallarmarkmiði hans sem er að verja tengsl hjónabandsins og fólksfjölgunarhyggjunnar og staðhæfingu hans á því að hjónabandið sé kristið sakramenti, útdeilt á gagnkvæman hátt í varanlegu sambandi jafningja. Hann einsetur sér að leita að grunni fyrir kristið hjónabandið í biblíulegum hefðum jafnvel þó að hann geri sér grein fyrir að þær séu flestar ónothæfar.²¹² Með þeirri áherslu hans, tel ég hann vera trúan mótmælendahefðunum en þar hefur áherslan legið á túlkun Biblíunnar frekar en að skoða reynsluna líkt og rómversk-kaþólska hefðin hefur frekar lagt upp með. Thatcher segir að hjónabandið feli í sér að koma börnum í heiminn og uppeldi þeirra sé einn af aðaltilgangi hjónabandsins. Hann setur þetta fram til að svara félagsfræðingum sem að hans mati hafna kristinni hefð að hluta til eða alveg. Hann segir að hann verði að taka sér stöðu með börnum sem í dag séu vanrækt og sú afstaða hans er ákvarðandi þegar hann ákveður að styrkja stöðu fólksfjölgunarhyggjunnar. Hann er að vernda börnin. Um leið vill hann setja fram hjónabandsguðfræði sem sé laus við karlveldið og hann hefur þá von í brjósti að slíkur hjónabandsskilningur sé mögulegur innan kirkna í dag.

Aðalgagnrýni mín á þessa stöðu Thatcher er að hann fer aftur til fortíðar, til miðalda, til að sækja guðfræðilega sýn sem styrkir hjónabandsguðfræði hans í samtímanum. Hann sækir í brunn Ágústínusar og Tómasar frá Akvínó rök til að gefa börnum forréttindastöðu í hjónaböndum í dag. Ég tel það ekki vera hægt að afnema karlveldi úr hjónabandinu með því að endurheimta fólksfjölgunarhyggju miðalda og styrkja stöðu hennar. Ég tel það vera þannig að börn hafi alltaf haft miðlæga stöðu í guðfræði hjónabandsins og það að þau hafi ekki verið miðlæg í umræðu á síðustu 10-20 árum krefjist þess ekki að við tökum okkur stöðu með fólksfjölgunarhyggjunni og styrkjum hana enn frekar. Konur og börn þjást vegna karlveldisins og vegna fólksfjölgunarhyggjunnar sem er afleiðing þess. Hér tek ég með gagnkynhneigðarhyggjuna en Thatcher gerir greinarmun á samkynja samböndum og gagnkynhneigðum samböndum á grundvelli fólksfjölgunarhyggjunnar. Þannig er hann í raun og veru að setja fram útilokandi hjónabandsskilning þó að hann telji að hægt sé að útvíkka guðfræði hjónabandsins þannig

²¹² Adrian Thatcher, *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times* 1999, bls. 102.

að hún nái yfir samkynja pör. Aðgreiningin er enn til staðar og hún er til vegna fólksfjölgunarhyggjunnar. Ég tel að hér taki Thatcher afstöðu á grundvelli kaþólska sakramentislíkansins og sé í raun mjög kaþólskur í sínum málflutningi þegar kemur að börnum og hjónabandi. Ég hafna þessum skilningi hans að fólksfjölgunarhyggjan sé nauðsynlegur hluti af hjónabandsskilningnum á sömu forsendum og ég hafnaði sama skilningi rómversk-kaþólska sakramentislíkansins. Hér miðlar Thatcher ekki heimsmynd sem þekkir gagnkvæm tengsl í kynlífi og jafningjasamskipti. En þetta er miðlægt í sýn Ágústínusar og Tómasar frá Akvínó eins og við sáum í kafla tvö. Þar hafnaði ég þeirri sýn og á grundvelli þess sem þar kom fram hafna ég henni hér líka. Ég tel reyndar að það að setja fram útilokandi hjónabandsskilning fyrir karl og konu á grundvelli fólksfjölgunarhyggjunnar og samþykkja um leið að hægt sé að finna guðfræðilega grundvöll fyrir samkynja sambönd sé á pari við það sem við höfum séð í íslenskri umræðu. Í raun gerir álit kenningarnefndar Þjóðkirkjunnar þetta í sinni ályktun um Þjóðkirkjuna og staðfesta samvist. Hið sama sést hjá þeim sem hafa verndað hjónabandið sem útilokandi samband karls og konu í íslenskri orðræðu. Þar hefur það verið samþykkt að til sé eitthvað sem heiti samkynja samband og það sé hægt að samþykkja það guðfræðilega en það sé ólíkt hjónabandi karls og konu vegna þess að börn eru ekki getin í slíkum samböndum. Hér er það alltaf fólksfjölgunarhyggjan sem er undirliggjandi í samtíma guðfræðilegri umræðu og með henni er haldið áfram að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar og um leið er viðhaldið kúgun á konum og börnum í hjónabandsumræðu nútímans.

Að mínu mati gerir Thatcher þetta og hann staðsetur sig mitt í kaþólskri hefð í umfjöllun sinni um fólksfjölgunarhyggjuna en ver sig með því að segjast vernda vanrækt börn. Ég tel þessa vörn hans vera veika þar sem ég tel að vel sé hægt að vernda börn með því að afnema fólksfjölgunarhyggjuna og það komi fram í sýn Gudorf á sama málefni. Það er mat mitt að það sé einmitt besta vörnin fyrir börn og konur að fólksfjölgunarhyggjan verði afnumin. Þannig sé líkamsréttur barna og kvenna tryggður og það eigi að vera hluti af nýrri sýn á hjónabandið sem er varið fyrir hefðum kynjahyggjunnar og gagnkynhneigðarhyggjunnar. Ég tel því ekki rangt að einblína fyrst á inntak sambands hjóna og á hvaða grundvelli samband þeirra er byggt og hugsa síðan um börnin. Það er vegna þess að hjónaband sem er byggt á heimsmynd sem miðlar réttlæti og jafningjasamskiptum og hafnar því að sambönd þurfi nauðsynlega að byggjast á yfirráðum,

innihaldi að sama skapi gæði fyrir börn. Þarna eru börnin ekki sett á jaðarinn heldur er það mat mitt að þess konar samband hámarki gæði þeirra barna sem eru hluti af slíku sambandi.

Gudorf byggir sína guðfræðilegu sýn á atferli Jesú frá Nasaret og frumkirkjunnar sem fólst í því að umfaðma alla í sama veruleikann. Þess vegna get ég sagt að sýn Gudorf umfaðmi börn að sama skapi. Börnin eru ekki á jaðrinum frekar en þau voru á jaðrinum hjá Jesú Kristi, þar voru þau aftur á móti mjög miðlæg í þeim veruleika sem hann setti fram. Það er því niðurstaða mín hér að sú guðfræðilega sýn sem Gudorf setur fram sem felst í því að hafna fólksfjölgunarhyggjunnar en fylgja atferli Jesú frá Nasaret í því að nálgast þau sem séu á jaðrinum, innifeli börn og verndi þau í meira mæli en sú sýn sem Thatcher setur fram með því að styrkja fólksfjölgunarhyggjuna.

Það er mat mitt að sú staða sem Thatcher setji börn í skapi hættu þar sem hún miðlar heimsmynd sem virði ekki líkamsrétt barna og kvenna og staðfestir yfirráð karla yfir konum. Um gagnkvæmnina í skrifum þeirra beggja þá hafna ég í fyrsta lagi þeirri viðbót sem Thatcher setur fram á textann í fimmta kafla Efesusbréfsins. Ég tel það í raun mjög guðfræðilega veikt að taka texta sem á sér langa hefð í að mismuna konum á grundvelli húsreglnanna og setja fram þá hugmynd að textinn geti boðað sameiginlega undirgefni kynjanna á grundvelli heildarguðfræði höfundar bréfsins. Ég tel að það muni alltaf vera svo að fólk lesi það út úr textum ritningarinnar það sem henti viðhorfum þess á hverjum tíma. Textinn í fimmta kafla Efesusbréfsins er holdgervingur karlveldisguðfræðinnar. Ég hafna því sem Thatcher segir einnig að hjón þurfi að sýna gagnkvæma undirgefni til að virða Krist á grundvelli þeirrar neikvæðu stöðu sem orðið undirgefni hefur í guðfræðilegri umræðu þegar kemur að konum. Það jafnar ekki stöðu kvenna að gera karlmanninn undirgefinn til jafns við konuna. Hér þarf að rétta stöðu beggja til vegs og virðingar og til guðfræðilegs sjálfræðis á grundvelli þess að karl og kona eru sköpuð til jafns í mynd Guðs eins og segir í fyrri sköpunarsögu Genesis. Ég tel því rangt af Thatcher að gera þann gagnkvæma kærleika karls og konu að speglun á kærleika Krists fyrir kirkju sinni og segja hann helgimynd, á grundvelli túlkunar á Efesusbréfinu. Það er mat mitt að leita þurfi annarra heimilda þegar kemur að gagnkvæmni en í fimmta kafla Efesusbréfsins og í raun beri á þessum forsendum sem ég hef sett hér fram að hafna þeim texta alfarið.

Ég vil þó ekki skilja við Thatcher án þess að taka fram það sem er gott í hans umfjöllun. Ég vil reikna honum það til tekna þegar hann vill nálgast umfjöllun um

hjónabandið á grundvelli þess sem fólk gefur hvort öðru í sambandinu. Hann segir sambandið sjálft vera sakramenti í umfjöllun sinni sem sé útteilt á gagnkvæman hátt. Það er inntakið hér sem skiptir máli. Ég get tekið undir þetta hjá Thatcher og að sama skapi get ég tekið undir það að kristinn vöxtur í gegnum allt sem fólk gengur í gegnum saman geti verið farvegur náðar. Það er einnig mat mitt að Thatcher sé vel heima í sinni anglíkönsku hefð þegar hann ræðir um að gagnkvæmur kærleikur hjóna geti vaxið í kirkjunni til alls samfélagsins og mögulega til barna. Hann segir að samfélagslegt samband hjónanna sé um leið sakramenti og ég tel að hér sjáist greinilega í anglíkanska samveldislíkanið og Thatcher sé trúr sinni hefð í umfjöllun sinni um hjónabandið sem sakramenti sem sé útteilt á gagnkvæman hátt.

Um Gudorf og hennar greiningu á gagnkvæmni í samböndum er ekki annað hægt að segja en að hún sé ögrandi. Það að samsama kynferðislega ánægju við reynslu af guðsríkinu fær án efa marga til að taka andköf en um leið er þessi leið hennar að gagnkvæmni mjög sannfærandi. Ég tel að kenning hennar geti meira segja nálgast kenningu Thatcher um sakramentiseiginleika hjónabandsins. Hann segir að þeir séu það sem fólk útteili hvert öðru í sambandinu. Kynferðisleg ánægja sem er útteilt á gagnkvæman hátt getur haft sakramentiseiginleika á sama hátt og allar aðrar gagnkvæmar athafnir sem eiga sér stað í samböndum. Ef ég samþykki það sem Gudorf segir að reynslan af guðdóminum geti birst í gagnkvæmri kynferðislegri ánægju, þá er hægt að segja að þegar kynferðisleg ánægja sé gagnkvæm, þá sé hún ánægja sem aðilarnir útteili hvor öðrum á gagnkvæman hátt. Þess vegna er það mat mitt hér að gagnkvæm kynferðisleg ánægja sé hluti af sakramentisreynslu aðila í sambandi og rúmast því innan þess sem Thatcher fjallar um, þó að hann nefni ekki kynferðislega reynslu sérstaklega sem hluta af sínu sakramentislíkani.

Gudorf höfðar að auki til ábyrgrar hegðunar og ég tel að það feli í sér að ekki megi skaða þau sem minna mega sín og hér er því undirliggjandi að börnin hljóti ekki skaða af kynlífshegðun foreldra sinna. Ef kynferðisleg yferráð eru frumsögulegt líkan almennt yfir yferráð líkt og Gudorf segir, þá er allt til vinnandi að útrýma þeirri hugsun og fylgja henni þegar hún setur gagnkvæmni í kynferðislegri ánægju sem siðferðislega staðlandi í kynferðislegum samböndum. Þetta hefur þau áhrif að mínu mati að öll önnur samskipti verða meira í átt að gagnkvæmni og félagslegri og samfélagslegri ánægju. Ég tel að ef við lærum í æsku að sambönd byggist á yferráðum, þá verða samskipti okkar þannig þegar við

eldumst. Ef við erum alin upp við gagnkvæmni í samskiptum foreldra okkar í þeim skilningi sem Gudorf setur fram þá verða þess konar samskipti okkur eðlislæg á fullorðinsárum. Börn læra það sem fyrir þeim er haft.

Ég tel að Gudorf sé í sínum skrifum trú sinni kaþólsku hefð án þess að festast í fortíðarhyggju líkt og ég tel Thatcher gera. Hún þorir að horfa til framtíðar og leita leiða til að setja fram réttláta sýn á nánin sambönd en um leið er hún holl reynslunni og hún skoðar atferli Jesú Krists og frumkirkjunnar án þess að festast í túlkun á sérstökum biblíutextum. Ég get því tekið undir skilning Gudorf hér á gagnkvæmni og tel það vera mikilvægt að finna honum sannfærandi stað í nútíma orðræðu um guðfræði hjónabandsins. Hér er um að ræða skilning sem umfaðmar alla í einn veruleika á grundvelli þess sem Jesús gerði sjálfur. Hér er um að ræða hjónaband eða annars konar samband sem er laust við fólksfjölgunarhyggju, kynjahyggju og gagnkynhneigðarhyggju og innfelur um leið börn eins og alla aðra hópa samfélagsins sem eru á jaðrinum vegna karlveldissjónarmiða sem hafa fengið að ríkja um hjónabandið allt of lengi. Það er mat mitt að þetta sé inntak hjónabands sem vísi til framtíðar en ekki til fortíðar og gefi okkur grundvöll til að hefja umræðu um það hvernig hjónabandið eigi að vera á 21. öldinni.

3.4 Lokaniðurstaða

Ég spurði í upphafi ritgerðar eftirfarandi rannsóknarspurningar: *Hvað er það helst sem hefur hamlað því í guðfræðilegri umræðu um hjónabandið á Íslandi á síðastliðnum 10 árum, að einstaklingar af sama kyni geti skoðast sem hjón, af hálfu kirkjunnar? Hvaða hugmyndir eru það jafnframt í fræðilegri umræðu samtímans sem umfaðma einstaklinga óháð kyni og kynhneigð og við getum nýtt inn í guðfræðilegan hjónabandsskilning á 21. öldinni?*

Það er niðurstaða mín að það sem hafi helst hamlað því í guðfræðilegri orðræðu á Íslandi á síðastliðnum 10 árum er viðvarandi gagnkynhneigðarhyggja og kynjahyggja í hjónabandsskilningi þeirra sem vernda hjónabandið sem stofnum helgaða karli og konu. Undirliggjandi í málflytningi er fólksfjölgunarhyggjan og gagnkvæmni í merkingunni gagnstæðni kynjanna og þannig er viðhaldið mismunum á grundvelli kynhneigðar og kúgun á konum og börnum þegar kemur að hjónabandsskilningi sem varinn er með vísan til hefðar og siðar. Það er mat mitt að kirkjan geri rétt í

Því að hverfa frá þessum skilningi og horfa fram á við og taka alvarlega þá vegvísa sem birst hafa í íslenskri og erlendri fræðilegri umræðu um breyttan hjónabandsskilning þar sem leitast er við að gera hjónabandið gildandi í kristinni hefð og umfaðmar um leið alla óháð kyni og kynhneigð.

Heimildarskrá

Biblían, 1981. Reykjavík.

Biskupsstofa. Athugasemdir við þingskjal 836-485 mál. Vefslóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=2097&nefnd=a>

Bjarni Karlsson. 2007: *Gæði náinna tengsla. Leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir kristna kynlífssiðfræði*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Guðfræðideild.

Einar Karl Haraldsson og Steinunn Jóhannesdóttir, 2006: *Sagan, tungan og hjónabandið*. Vefslóð: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1064820

Einar Sigurbjörnsson, 2006: *Hjónaband-samvist-sambúð*. Vefslóð:
<http://tru.is/pistlar/2006/02/hjonaband-samvist-sambud>

Farley, Margaret A., 1994: “Sexual Ethics.” *Sexuality and the Sacred: Sources for Theological Reflection*. Ritsstj. Nelson, James B. og Longfellow, Sandra P. Westminster/John Knox Press.

Gerðir kirkjupings 2010. Þingsályktun um staðfestingu á breytingu á Samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar, 20. mál, flutt af biskupi Íslands, frsm. Karl Sigurbjörnsson. Vefslóð:
<http://kirkjuthing.is/gerdir/2010/20>

Greinagerð 90 menningann. Vefslóð: <http://einhjuskaparlog.tumblr.com/page/3>

Gudorf, Christine E., 1994: *Body, Sex and Pleasure. Reconstructing Christian Sexual Ethics*. Cleveland, Ohio, The Pilgrim Press.

Karl Sigurbjörnsson, 2001: *Í birtu náðarinnar. Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar*. Reykjavík, Skálholtsútgáfan.

Karl Sigurbjörnsson, 2006: *Kenn oss að telja daga vora*. Vefslóð:
<http://tru.is/postilla/2006/01/kenn-oss-ad-telja-daga-vora>.

Kapólska kirkjan á Íslandi. Athugasemdir við þingskjal 836-485 mál. Vefslóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=2058&nefnd=a>

Kristján Valur Ingólfsson, 2006: *Hjúskaparlögin og handbók þjóðkirkjunnar*. Vefslóð:
<http://tru.is/pistlar/2006/02/hjuskaparlogin-og-handbok-thjodkirkjunnar>.

Málaskrá kirkjupings 2007. Tillaga til þingsályktunar um Þjóðkirkjuna og staðfesta samvist, 8. mál, Flutt af biskupi Íslands, frsm. Karl Sigurbjörnsson. Vefslóð:
<http://kirkjuthing.is/mal/2007/8>

Magee, Bryan. 2002. *Saga heimspekinnar*. Róbert Jack þýddi. Reykjavík, Mál og Menning.

María Ágústsdóttir. Athugasemdir við þingskjal 836-484 mál. Vefslóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=2050&nefnd=a>

Prestafélag Íslands. Athugasemdir við þingskjal 836-485 mál. Vefslóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=1979&nefnd=a>

Sólveig Anna Bóasdóttir, 2008: *Ást kynlíf og hjónaband*. Reykjavík, Salka.

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, 2007: *Álit kenningarnefndar samþykkt á prestastefnu*.
Vefslóð: <http://kirkjan.is/node/6309b>.

Steinunn Jóhannesdóttir. Athugasemdir við þingskjal 836-485 mál. Vefslóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=485&dbnr=1978&nefnd=a>

Thatcher, Adrian. Vefslóð: <http://www.adrianthatcher.org/>

Thatcher, Adrian, 1999: *Marriage after Modernity: Christian Marriage in Postmodern Times*. New York, New York University Press.

Witte, John Jr., 1997: *From Sacrament to Contract: Marriage, Religion and Law*.
Louisville, Kentucky, Westminster John Knox Press.

